

**SKOÐUN** Hrönn Baldursdóttir spyr hvort framhaldsskólinn sé fyrir alla. 17



**MENNING** Arngrímur Vídalín hefur skoðað merkingu orðsins blámaður. 26



**LÍFIÐ** Vinkonurnar Ásta Bærings og Katrín opna vefsíðuna Framabraut.is. 38



**SPORT** Strákarnir okkar mæta Belgum í vináttulandsleik í kvöld. 48


LÆGRA VERÐ OG BREIÐASTA BROSIÐ

wow air



# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Miðvikudagur**
12. nóvember 2014
266. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014


## MARKAÐURINN



### Kallað á fastgengi

Seðlabankinn lækkaði stýrivexti í síðustu viku í fyrsta sinn í tvö ár. Forseti ASÍ segir þessa einu lækkun ekki skipta sköpum. Hann telur óraunhæft að fjármagnshöft verði afnumin á næstu árum. Því sé rétt að taka upp fastgengisstefnu og lækka vextina umtalsvert.

## FRÉTTIR

**Verkfall bitnar á öllum nemum** Formaður stúdentaráðs segir að það verði að afstýra verkfalli prófessora 2

**Hrekjast úr starfi** Formaður Sjúkraliðafélags Íslands segir það aukast að sjúkraliðar séu látnir sinna störfum ófaglærðra 6

**62 þúsund á heimasíðuna** Starfsmönnum ríkisskattstjóra gekk vel að þjónusta þá sem fá leiðréttingu 8




16

| | | |
|---|---|---|
| Bolungarvík | 2° | ANA 19 |
| Akureyri | 3° | ANA 8 |
| Egilsstaðir | 6° | ANA 9 |
| Kirkjubæjarkl. | 8° | ANA 14 |
| Reykjavík | 7° | ANA 11 |

**Hvassviðri** eða stormur allra syðst og vestast en strekkingur eða hvasst annars. Rigning um mestallt land og hiti á bilinu 2 til 10 stig. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

Markaðurinn | Fólk




# Gögn sýna fram á rangar staðhæfingar Gísla Freys

Gísli Freyr Valdórsson, aðstoðarmaður innanríkisráðherra, hefur viðurkennt að hafa látið fjölmiðlum í té persónuupplýsingar um hælisleitandann Tony Omos. Óvíst er hvaða áhrif játning Gísla mun hafa á stöðu ráðherra.

**DÓMSMÁL** Gísli Freyr Valdórsson, aðstoðarmaður Hönnu Birnu Kristjánsdóttur innanríkisráðherra, játaði sök í lekamálinu í gær.

Gísli Freyr gengst við því að hafa látið fjölmiðlum í té upplýsingar um hælisleitandann Tony Omos í nóvember í fyrra. Gísli Freyr hefur hingað til haldið fram sakleysi í málinu. Hanna Birna greindi frá játningu Gísla Freys í gær.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins kynnti sækjandi ný gögn fyrir verjanda Gísla Freys í fyrradag, saksóknari telur þau sanna að Gísli Freyr hafi átt við hið umrædda minnisblað. Áður hafði Gísli Freyr haldið því fram að hann hafi einungis opnað skjalið og vistað en ekki átt við það. Aðspurður staðfestir Helgi Magnús Gunnarsson sækjandi í málinu þetta.

Tíðindin komu Stefáni Karli Kristjánssyni, lögmanni Omos, í opna skjöldu þegar Fréttablaðið leitaði viðbragða hjá honum í gær. „Eina sem ég get sagt er að ég er að heyra þetta á sama tíma og þið og eina sem ég hef gert er að láta Tony vita. Hvaða þýðingu þetta hefur verður bara að koma í ljós síðar. Það skýrist síðar,“ sagði Stefán Karl í samtali við Fréttablaðið.

Á þessari stundu er alls óvíst hvaða áhrif játning Gísla hefur á pólitíska stöðu Hönnu Birnu. Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, svaraði ekki skilaboðum Fréttablaðsins í gær.

Ragnheiður Ríkharðsdóttir, formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins, segir að þingflokksfundur verði haldinn í dag og hún geri ráð fyrir því að málið verði rætt á honum. „Ég hef ekki heyrt í ráðherra, við höfum bara fengið tilkynningu eins og aðrir. Þetta kemur eins og þruma úr heiðskíru lofti þannig að maður er bara frekar áttavilltur í augnablikinu,“ sagði Ragnheiður þegar Fréttablaðið náði tali af henni.

Hanna Birna sagði í yfirlýsingunni sem hún sendi fjölmiðlum að trúnaðarbrot Gísla Freys gagnvart sér, ráðuneytinu og almenningi öllum sé algjört og alvarlegt. „Gísli Freyr hefur ítrekað haldið fram sakleysi sínu, ekki aðeins gagnvart yfirvöldum og fjölmiðlum, heldur einnig gagnvart samstarfsfólki sínu og yfirmönnum í ráðuneytinu,“ sagði Hanna Birna í yfirlýsingu. Hún sagði að í framhaldi af játningu Gísla Freys hefði honum umsvifalaust verið vikið úr starfi í ráðuneytinu. **- bá, joe, jhh**



> **Trúnaðarbrot Gísla gagnvart mér, ráðuneytinu og almenningi öllum er algjört og alvarlegt.**
>
> *Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra*



**JÁTAR SÖK** Gísli Freyr Valdórsson, fyrrverandi aðstoðarmaður innanríkisráðherra, játaði í gær að hafa sagt ósatt varðandi upplýsingar sem birtust um hælisleitandann Tony Omos í fjölmiðlum í nóvember í fyrra. Hér sést hann ásamt eiginkonu sinni eftir að Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra greindi frá játningunni í gær FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Bandarísk heilbrigðisyfirvöld viðurkenna vöru ísfirska félagsins Kerecis:

# Komast á 120 milljarða markað

**VIÐSKIPTI** Bandarísk heilbrigðisyfirvöld hafa viðurkennt vöru ísfirska lækningavörufyrirtækisins Kerecis.

Varan, sem er úr þorskroði og ætluð til að meðhöndla þrálát sár, er því orðin gjaldgeng hjá félagslega hluta bandaríska heilbrigðiskerfisins, Medicare og Medicaid, sem og öllum þeim þúsundum einkarekinna tryggingafyrirtækja sem þjónusta heilbrigðiskerfið þar í landi. Viðurkenningin er lykill að 120 milljarða markaði sem vex um 22% ári.

„Núna höfum við fengið lykil sem gerir læknum kleift að kaupa vöruna okkar og fá hana greidda hjá opinberum eða einkareknum tryggingafélögum,“ segir Guðmundur Fertram Sigurjónsson, framkvæmdastjóri Kerecis. „Bandaríkin eru langstærsti markaðurinn fyrir vöruflokkinn sem varan okkar fellur í og því má eiginlega segja að þetta skref sé það mikilvægasta sem við höfum stigið til þessa,“ segir Guðmundur.

> ➔ Varan, sem er úr þorskroði, er ætluð til að meðhöndla þrálát sár.

- shá / sjá síðu 4


NATURA ISLANDICA

Betri heilsa náttúrulega




Turmerikhylki

gegn bólgum og streitu

www.naturaislandica.is

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland



LED-JÓLATRÉ, 3 Í PAKKA
70 cm á hæð með 24 LED-perum hvert. IP44-vottað.
3.495.-
BAUHAUS
Allt fyrir hús, heimili og garða

## SPURNING DAGSINS



Þorsteinn, er þetta ekki bara eitthvað grín?

**„Nei, þetta verður fimmta grín frá hægri.“**

Grínistinn Þorsteinn Guðmundsson undirbýr nú þriggja vikna námskeið í uppistandi sem lýkur með skemmtun í Þjóðleikhúskjallaranum.

Árleg afhending verðlauna Samtaka ferðaþjónustunnar vegna nýjunga í ferðamálum:

# Gestastofan hlýtur nýsköpunarverðlaunin

**FERÐAÞJÓNUSTA** Gestastofan á Þorvaldseyri hlýtur Nýsköpunarverðlaun Samtaka ferðaþjónustunnar árið 2014 en alls bárust 34 tilnefningar í samkeppnina um verðlaunin sem Ragnheiður Elín Árnadóttir, ráðherra ferðamála, afhenti í gær. Í Gestastofunni geta gestir skynjað og upplifað á staðnum hvernig er að búa undir virku eldfjalli. Sögu eldgosa á Suðurlandi eru gerð skil á tímalínu, allt frá landnámi til dagsins í dag.

Í rökstuðningi dómnefndar segir meðal annars að Gestastofan á Þorvaldseyri sé nýlegt verkefni sem náð hafi gríðarlegum vinsældum á skömmum tíma og eflt framboð afþreyingar og tilefni til dvalar á suðurströnd landsins. Jafnframt að Gestastofan hafi verið reist á undraskömmum tíma í kjölfar gossins í Eyjafjallajökli vorið 2010. Meðan margir hafi séð fyrir sér landauðn og að bændur þyrftu að bregða búi hafi staðarhaldarar á Þorvaldseyri, Ólafur Eggertsson og Guðný A. Valberg, séð möguleika í að deila ægiafli náttúru með þeim gestum sem áttu leið um Suðurströnd.

**34** tilnefningar bárust í samkeppnina um verðlaunin.

Ráðherra ferðamála veitti einnig viðtöku bókinni „Það er kominn gestur“ – sögu ferðaþjónustu á Íslandi en höfundar hennar eru Helga Guðrún Johnson og Sigurveig Jónsdóttir. - ibs



**VERÐLAUN AFHENT** Staðarhaldarar á Þorvaldseyri hlutu í ár Nýsköpunarverðlaun Samtaka ferðaþjónustunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**ELDUR Í BANKASTRÆTI** Allt tiltækt slökkvilið var kallað að Bankastræti 5 en eldur kom upp á veitingastað í húsinu. Slökkviliðsmönnum tókst að slökkva eldinn í tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Náðu að slökkva eldinn áður en hann breiddist í næstu hús:

# Bruni á skemmtistaðnum B5

**BRUNI Eldur braust út í Bankastræti 5 á sjötta tímanum í gærkvöld. Þar eru til húsa skemmtistaðurinn B5 og Hamborgarabúlla Tómasar en uppruni eldsins var frá grilli á síðarnefnda staðnum.**

**Allt tiltækt slökkvilið var kallað á staðinn eftir árangurslausar tilraunir starfsmanna til að slökkva eldinn. Mikinn reyk lagði frá staðnum en það tókst að ráða niðurlögum eldsins áður en hann náði að breiða úr sér. Unnið var að reykræstingu fram eftir kvöldi.** - joe

Fjárhagsáætlun lögð fram:

# 106 milljóna afgangur 2015

**KÓPAVOGUR** Gert er ráð fyrir 106 milljóna afgangi í fjárhagsáætlun Kópavogs fyrir árið 2015. Áætlunin og langtímaáætlun fyrir árin 2016-2018, hefur verið lögð fram til umræðu í bæjarstjórn.

Í áætluninni er einnig gert ráð fyrir að bæjarfélagið komist undir 150% skuldamarkið árið 2017.

„Fjárhagsáætlunin sýnir að staða Kópavogs er sterk. Hins vegar er ljóst að þeir kjarasamningar sem hafa verið gerðir á árinu koma til með að hafa veruleg áhrif á reksturinn á næsta ári,“ segir Ármann Kr. Ólafsson bæjarstjóri. - joe

Loftslagsverkefni á Akureyri:

# Skólar keppa í orkusparnaði

**AKUREYRI** Stóru norrænu loftslagsáskoruninni var hleypt af stokkunum með opnunarhátíð í Síðuskóla á Akureyri. Verkefnið er keppni milli skóla á Norðurlöndunum í að minnka rafmagns-, vatns- og hitanotkun í skólunum ásamt því að leysa verkefni tengd sjálfbærni og loftslagsmálum.

Síðuskóli er fyrsti íslenski skólinn sem tekur þátt í verkefninu. Opnuninni var valinn staður þar sökum metnaðarfullrar umhverfisstefnu skólans í rekstri og kennslu.

Keppninni lýkur 23. mars á næsta ári. - joe

# Verkfallið bitnar á öllum nemendum

Formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands, segir að afstýra verði strax boðuðu verkfalli prófessora við ríkisháskóla. Það sé hagur nemenda að kjör prófessora standist samanburð við kjör í öðrum háskólum. Menn hafi áhyggjur af stöðu skólanna.

**KJARAMÁL** „Verkfall prófessora mun væntanlega bitna á öllum nemendum að einhverju leyti. Það mun hafa áhrif á um helming prófa, verkefna og ritgerða og mjög stór hluti nemenda fær ekki greidd út námslán á réttum tíma.“ Þetta segir Ísak Einar Rúnarsson, formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands, um samþykkt verkfalls prófessora við ríkisháskóla.

Alls samþykktu 80,6 prósent félagsmanna í Félagi prófessora við ríkisháskóla að boða til verkfalls 1. desember til 15. desember hafi ekki tekist að leysa kjaradeilu þeirra við ríkið, en tæp tuttugu prósent voru andvíg verkfalli. Rúmlega 77 prósent félagsmanna tóku þátt í atkvæðagreiðslunni.

„Það hefur orðið 16 til 17 prósenta kjararýrnun í einstökum launaflokkum prófessora frá árinu 2008 samtímis því sem kennsluskylda hefur verið aukin. Það var ákveðið að spara og auka kennsluálagið og þetta hefur ekki verið bætt. Við viljum að sú ákvörðun verði afturkölluð,“ segir Rúnar Vilhjálmsson, formaður félagsins.

Hann segir menn hafa áhyggjur af stöðu skólanna. „Við sjáum vaxandi launaskrið á almennum markaði. Hér eru starfsmenn sem geta unnið víða við vísindastörf og kennslu.“

Formaður Stúdentaráðs tekur það fram að verkfall sé mögulega ekki í þágu nemenda en þeir hafi hins vegar skilning á kröfum prófessoranna. „Það er ljóst að byggja verður upp háskóla sem er samkeppnishæfur. Eins og staðan er núna eru prófessorar á lægri launum en prófessorar annars staðar á Norðurlöndum. Það er hagur nemenda að kjör prófessora við ríkisháskóla standist samanburð við aðra háskóla. Við krefjumst þess að samningsaðilar sýni ábyrgð og beri hag nemenda fyrir brjósti og fundi daglega svo leysa megi deilurnar og afstýra verkfalli.“

Sjálfur er Ísak Einar ekki í námi á meðan hann gegnir stöðu formanns Stúdentaráðs í vetur. „Fjögur af fimm prófum félaga minna, sem byrjuðu í hagfræðinámi um leið og ég, munu falla niður komi til verkfalls þar sem prófessorar koma að þeim prófum. Við slíkt geta nemendur ekki unað og ljóst er að afstýra verður verkfalli strax.“



**FORMAÐUR STÚDENTARÁÐS HÍ** „Fjögur af fimm prófum félaga minna, sem byrjuðu í hagfræðinámi um leið og ég, munu falla niður komi til verkfalls þar sem prófessorar koma að þeim prófum,“ segir Ísak Einar Rúnarsson. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**„Það hefur orðið 16-17 prósenta kjararýrnun í einstökum launaflokkum prófessora.**

*Rúnar Vilhjálmsson, formaður Félags prófessora.*

Næsti samningafundur er ráðgerður á föstudaginn. Félagsmenn í Félagi prófessora við ríkisháskóla eru fastráðnir við Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri, Landbúnaðarháskóla Íslands og Hólaskóla.

ibs@frettabladid.is




Formaður Bjartrar framtíðar segir ekki hvort hann hafi sótt um leiðréttingu:

# Árni Páll og Katrín sóttu um

**STJÓRNMÁL** Bæði Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, og Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, sóttu um skuldaleiðréttinguna. Þetta kom fram í skriflegu svari við fyrirspurn sem fréttastofa Stöðvar 2 sendi þeim.

Guðmundur Steingrímsson, formaður Bjartrar framtíðar, sagðist af prinsippástæðum ekki fjalla um fjármál fjölskyldu sinnar opinberlega. Helgi Hrafn Gunnarsson, þingflokksformaður Pírata, sótti ekki um leiðréttinguna persónulega en tekur þátt í að greiða af húsnæðisláni sem sótt var um fyrir.

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra sagði í samtali við Stöð 2 í fyrrakvöld að hann hefði sótt um.

Þingmenn stjórnarandstöðunnar undruðust margir á Alþingi í gær að bættur fjárhagur ríkissjóðs verði ekki nýttur til að efla innviði samfélagsins eins og heilbrigðiskerfið í stað þess að hraða greiðslum vegna skuldaniðurfærslu húsnæðislána. Forystumenn stjórnarflokkana segja hraðari greiðslu leiðréttingarinnar spara heimilum vaxtagreiðslur. - hmp, jhh



**SÓTTI UM** Árni Páll Árnason er einn þeirra fjölmörgu sem sóttu um niðurfellinguna. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR




Nú bjóðum við nokkra Volkswagen Tiguan Sport & Style drekkhlaðna af sportbúnaði, á freistandi tilboði sem erfitt er að standast. Komdu og reynsluaktu þessum frábæra bíl. Það kæmi okkur ekki á óvart ef þú vildir taka hann með þér heim eftir rúntinn.

| **Tiguan Sport & Style 4Motion 2.0 TDI** | **6.490.000 kr.** |
|---|---|
| **Sportpakki**<br>• Panoramic sólþak<br>• Webasto bílahitari með fjarstýringu<br>• Bílastæðaaðstoð (Park assist)<br>• R-Line ytra útlit og 18" felgur<br>• Svæðaskipt miðstöð (Climatronic) | |
| **Tiguan með sportpakka** | **7.465.000 kr.** |
| **Tilboðsverð** | **6.750.000 kr.** |

Das Auto.

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

## SVONA ERUM VIÐ



**16.764 sjónvarpstæki hafa verið flutt hingað til lands það sem af er þessu ári.**

**Árið 2013 komu hingað samtals 21.224 sjónvarpstæki að verðmæti 1,5 milljarðar króna.**

Leiðtogar Asíu- og Kyrrahafsríkja ræddu efnahagssamvinnu á fundum í Peking í gær og fyrradag:

# Hefja undirbúning fríverslunarsamnings

**KÍNA, AP** Leiðtogar Asíu- og Kyrrahafsríkja hafa ákveðið að hefja undirbúning að gerð fríverslunarsamnings, sem gæti orðið að veruleika innan fárra ára.

Það voru Kínverjar sem höfðu frumkvæðið að þessu, og þykir sambykki Bandaríkjanna, Rússlands og annarra leiðtoga APEC-ríkjanna styrkja nokkuð stöðu kínverskra ráðamanna. Bandaríkjamenn hafa til þessa reynt að koma á fríverslunarsamningi tólf Kyrrahafsríkja, en höfðu ekki hugsað sér að hafa Kína með í þeim ráðagerðum.

„Þetta er sögulegt skref,“ sagði Xi Jinping, leiðtogi Kína, á blaðamannafundi að loknum leiðtogafundinum í gær.

Lítið uppátæki Vladimírs Pútíns Rússlandsforseta vakti óvænt athygli heimspressunnar, kannski ekki síst vegna þess að kínverskir fjölmiðlar pössuðu vel upp á að almenningur heima fyrir fengi ekki að frétta neitt af þessu.

Hann hafði gert sér lítið fyrir og sveipað teppi um axlir kínversku forsetafrúarinnar, Peng Liyuan, þar sem þau sátu hlið við hlið að horfa á flugeldasýningu í Peking á mánudagskvöldið.

Fréttaskýrendur segja að kínverskir ráðamenn hafi áhyggjur af því að óspart verði gert grín að Xi Jinping Kínaforseta vegna þessa. Hann hefði sjálfur átt að hafa vit á því að huga að eiginkonu sinni, ef henni var orðið kalt. - gb



**LEIÐTOGAR BANDARÍKJANNA, RÚSSLANDS OG KÍNA** Obama, Pútín og Jingping saman á leiðtogafundi APEC-ríkjanna í Peking í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**FAGNAR SIGRI** Åkesson man lítið eftir kosningabaráttunni.

Svíþjóðardemókratar:

## Formaðurinn þjáist af kulnun

**SVÍÞJÓÐ** Jimmie Åkesson, leiðtogi Svíþjóðardemókratanna, fór í veikindaleyfi fyrir rúmum þremur vikum vegna alvarlegra kulnunar í starfi. Starfandi leiðtogi flokksins, Mattias Karlsson, segir Åkesson varla muna eftir þátttöku sinni í kappræðunum fyrir kosningarnar fyrr í haust.

Karlsson kveðst reiðubúinn að taka við formennsku í flokknum til framtíðar verði hann beðinn um það en skiptar skoðanir eru um hæfni hans, að því er sænskir fjölmiðlar greina frá. - ibs

Ósáttur við hegðun lögreglu:

## Beitti lögreglukonu ofbeldi

**LÖGREGLUMÁL** Rúmlega fertugur karlmaður var í Héraðsdómi Reykjavíkur í dag dæmdur í þriggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að kýla lögreglukonu.

Atvikið átti sér stað fyrir utan heimili hans í Hraunbæ á nýársnótt í fyrra. Af atlögunni hlaut konan bólgu og mar á höku. Kvað hann lögreglukonuna hafa sýnt óviðeigandi hegðun í garð eiginkonu sinnar.

„Lögreglukonan var örugglega lesbía og sýndi konunni minni merki um það,“ sagði maðurinn við aðalmeðferð málsins sem fram fór 3. nóvember síðastliðinn. - sk

# Sárameðferð Kerecis fékk grænt ljós í Bandaríkjunum

Lækningavörufyrirtækið Kerecis hefur fengið mikilvæga viðurkenningu frá bandarískum yfirvöldum. Grundvöllur sölu- og markaðsstarfs til framtíðar og stærsta skref fyrirtækisins til þessa, segir framkvæmdastjóri.

**VIÐSKIPTI** Bandaríska heilbrigðisráðuneytið hefur viðurkennt vöru ísfirska lækningavörufyrirtækisins Kerecis. Vara Kerecis, sem er úr þorskroði og ætluð til meðhöndla þrálát sár, er því orðin gjaldgeng hjá félagslega hluta bandaríska heilbrigðiskerfisins, Medicare og Medicaid, sem og öllum þeim þúsundum einkarekinna tryggingafyrirtækja sem þjónusta heilbrigðiskerfið þar í landi.

„Á Íslandi borgar ríkið fyrir allar svona vörur en í Bandaríkjunum er notað sérstakt lyklakerfi þar sem hver vara hefur sérstakt númer frá yfirvöldum. Til að fá slíkan lykil þarf að sýna fram á í umsókn að varan virki. Núna höfum við fengið þennan lykil sem gerir læknum kleift að kaupa vöruna okkar og fá hana greidda hjá opinberum eða einkareknum tryggingafélögum,“ segir Guðmundur Fertram Sigurjónsson, framkvæmdastjóri Kerecis.

Spurður hvaða máli þetta skref skipti fyrir sölu á vörunni á Bandaríkjamarkaði segir Guðmundur það einfalt. „Án þessa lykils ertu einfaldlega ekki til í kerfinu. Bandaríkin eru langstærsti markaðurinn fyrir vöruflokkinn sem varan okkar fellur í og því má eiginlega segja að þetta skref sé það mikilvægasta sem við höfum stigið til þessa,“ segir Guðmundur og bætir við að þýðing þessa sé að varan verði enn eftirsóttari fyrir dreifingaraðila í Bandaríkjunum, en markaðsleyfið frá Bandaríska lyfjaeftirlitinu (FDA) lá fyrir í nóvember í fyrra. Hvergi í heiminum er stærri markaður fyrir vörur af þessu tagi, sem ekki síst nýtast sívaxandi hópi fólks með sykursýki og fylgikvilla hennar, þrálát sár sem valda þúsundum aflimana á ári hverju.



**SÁRAMEÐFERÐ** Árlega eru framkvæmdar 100.000 aflimanir í BNA vegna sára sem ekki gróa, m.a. hjá sykursjúkum. MYND/KERECIS

„Við gerum ráð fyrir að semja við dreifingaraðila fyrir mitt næsta ár og að salan vaxi fljótt upp frá því, en samkeppnin á þessum markaði er hörð,“ segir Guðmundur.

Spurður nánar um vaxtarmöguleika Kerecis, í ljósi þessarar viðurkenningar, segir Guðmundur að með því sé fenginn aðgöngumiði að markaði sem veltir 120 milljörðum íslenskra króna á ári. „Þessi markaður vex um 22% á ári og ef við náum lítilli hlutdeild af því þá hleypur þetta alltaf á hundruðum milljóna króna á ári.“ svavar@frettabladid.is

## Keppir við vef svína og mannshúð

Varan sem um ræðir er byggð á Kerecis Omega3-tækni félagsins og er ætluð til meðhöndlunar á þrálátum sárum. Varan, sem heitir Kerecis Omega3 Wound, er affrumað þorskroð sem lagt er beint ofan í sár sem síðan er búið um með hefðbundnum sáraumbúðum. Frumur líkamans vaxa inn í efnið og breyta því að lokum í heilbrigða húð.

Kerecis Omega3 Wound hefur fengið samþykki evrópskra yfirvalda og er sala hafin í Bretlandi, Þýskalandi og einnig í Mið-Austurlöndum. Sérstaða þessarar tækni er mikil því helstu samkeppnisvörurnar eru unnar úr vef svína og einnig úr mannshúð.



**„Bandaríkin eru lang stærsti markaðurinn fyrir vöruflokkinn sem varan okkar fellur í og því má eiginlega segja að þetta skref sé það mikilvægasta sem við höfum stigið til þessa.**

*Guðmundur F. Sigurjónsson*






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 21° | Friedrichshafen | 13° | New York | 17° |
| Aþena | 18° | Gautaborg | 12° | Orlando | 26° |
| Basel | 13° | Kaupmannahöfn | 12° | Ósló | 7° |
| Berlín | 13° | Las Palmas | 24° | París | 14° |
| Billund | 12° | London | 14° | San Francisco | 17° |
| Frankfurt | 12° | Mallorca | 21° | Stokkhólmur | 8° |




**Á MORGUN** Strekkingur syðst og með ströndum N-lands, annars hægari.




**FÖSTUDAGUR** Dregur úr vindi.

**HVASST OG BLAUTT** fram eftir vikunni en góðu fréttirnar eru þær að það verður milt í veðri. Mest verður rigningin suðaustan- og austanlands en slitróttari bæði norðan og vestan til. Það dregur úr vindi á föstudag.



**Ingibjörg Karlsdóttir** veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kkolbeins@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

# 8,5%*

# Við lækkum vexti

**Lægstu vextir Lykillána eru nú aðeins 8,5%**

**Lækkun stýrivaxta** skilar
sér strax til viðskiptavina Lykils
sem njóta lækkunar á næsta greiðsluseðli

**Hvar vilt þú vera?**

Óverðtryggðir vextir Lykillána eru settir saman af REIBOR vöxtum og álagi sem er fast allan lánstímann. REIBOR vextir hreyfast reglulega og þegar Seðlabanki Íslands breytir stýrivöxtum geta REIBOR vextir breyst samhliða. Vextir á öllum nýjum Lykillánum breytast nú jafnframt og verða því lægstu vextir 8,5%.

*Vextir ráðast af lánshlutfalli og eru á bilinu 8,5%–8,9% miðað við 70–90% lánshlutfall.

Allar nánari upplýsingar er að finna á **lykill.is**

Lykill er hluti af Lýsingu hf. | Ármúla 1 | 108 Reykjavík | lykill.is | lykill@lykill.is

Lykill

PIPAR\TBWA · SÍA · 144035

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hversu margar umsóknir um leiðréttingu eru óleystar?
**2.** Hver er nýkrýndur Íslandsmeistari í skrafli?
**3.** Í hvaða borg leikur Ólöf Jara Skagfjörð um þessar mundir?

**SVÖR:**
**1.** 6.900. **2.** Gísli Ásgeirsson þýðandi. **3.** New York.

Ráðuneytin náðu í fyrsta sinn í fyrra að uppfylla skilyrði í lögum um kynjakvóta við nýskipan í nefndir:

# Tvö ráðuneyti skipuðu fleiri konur en karla

**STJÓRNSÝSLA** Ráðuneyti hér á landi náðu í fyrsta sinn í fyrra að uppfylla skilyrði um kynjakvóta við nýskipan í nefndir á vegum ríkisins.

Markmiðið var fjörutíu prósent. Þetta kemur fram í skýrslu Jafnréttisstofu um nefndir, ráð og stjórnir á vegum ráðuneytanna árið 2013.

Einu tvö ráðuneytin sem skipuðu fleiri konur en karla í nefndir voru mennta- og menningarmálaráðuneytið og velferðarráðuneytið, en jafnasta kynjahlutfallið var hjá utanríkisráðuneytinu þar sem sætum var deilt jafnt á milli kynja.

Í heildina voru konur skipaðar í 48 prósent nefndarsæta á starfsárinu en karlar 52 prósent. Því var „hlutur kynjanna mjög jafn þegar kemur að nýskipunum,“ að því er segir í skýrslunni.

Árið 2013 var hlutur kvenna í skiptingu nefndarsæta 44 prósent en karlar áttu 56 prósent sætanna.

Velferðarráðuneytið er eina ráðuneytið þar sem konur eru í meirihluta eða með 51 prósent sæta í nefndum. Hlutur kvenna er lakastur þegar kemur að nefndasætum í fjármála- og efnahagsráðuneytinu en þar er hlutur þeirra fjörutíu prósent. - nej

**„Einu tvö ráðuneytin sem skipuðu fleiri konur en karla í nefndir voru mennta- og menningarmálaráðuneytið og velferðarráðuneytið.**



**JAFNARI STAÐA** Mennta- og menningarmálaráðuneytið skipaði konur í 52 prósent nefndasæta árið 2013. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Fordæmisgefandi úrskurður:

## Bótatúrismi takmarkaður

**LÚXEMBORG** Evrópudómstóllinn hefur úrskurðað að aðildarríkjum sé heimilt að synja ríkisborgurum annarra ríkja um atvinnuleysisbætur ef viðkomandi hefur aldrei unnið þar og er ekki að leita sér að vinnu.



Málinu var vísað til forúrskurðar dómstólsins frá héraðsdómstól í Leipzig í Þýskalandi. Rúmensk kona taldi það brjóta gegn reglum ESB að synja sér um bætur en Evrópudómstóllinn komst að öndverðri niðurstöðu þar sem ekki þótti sannað að hún hefði verið í atvinnuleit. - joe

Ættingjar leggi inn beiðni:

## Frumvarp um endurupptöku

**ALÞINGI** Ögmundur Jónasson, þingmaður VG og fyrrverandi innanríkisráðherra, hefur lagt fram frumvarp á Alþingi í tengslum við Guðmundar- og Geirfinnsmálin. Frumvarpið snýr að því að ættingjar sakborninga eigi rétt á að leggja fram endurupptöku í málinu fyrir þeirra hönd. Ögmundur er fyrsti flutningsmaður en níu þingmenn úr öllum flokkum eru meðflutningsmenn frumvarpsins.



**ÖGMUNDUR JÓNASSON**

Í greinargerð með frumvarpinu segir að allt frá dómsuppkvaðningu í málinu hafi sjónarmiðum ítrekað verið haldið á lofti þess eðlis að margt hafi farið alvarlega úrskeiðis við rannsókn þess. - sks

# Sjúkraliðar hrekjast úr starfi vegna slæmra vinnuskilyrða

Formaður Sjúkraliðafélags Íslands segir það hafa aukist að sjúkraliðar séu látnir sinna störfum ófaglærðra svo sem ræstingum og í býtibúrum. Margir þeirra hafi beinlínis hrakist frá störfum vegna lélegra vinnuskilyrða.

**ATVINNUMÁL** Undanfarin ár hefur það færst í aukana að sjúkraliðar séu látnir sinna störfum sem eru ekki innan þeirra verksviðs. Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands, segir félagsmenn ósátta og sé verið að hrekja þá frá störfum.

„Það er búið að vera í gangi í mjög langan tíma að störf ófaglærðra hafa verið að færast á hendur sjúkraliða. Við höfum mótmælt þessu og líka því að í einhverjum tilvikum er verið að ráða hjúkrunarnema í störf sjúkraliða. Sjúkraliðar eru lögvarin heilbrigðisstétt sem er menntuð til þess að sinna hjúkrun en ekki til þess að vera í ræstingu eða býtibúrsstörfum,“ segir Kristín. Hún segir dæmi um þetta bæði á spítölum og hjúkrunarheimilum.

„Við höfum alveg verið sammála þeirri stefnu að afsjúkrahúsavæða hjúkrunarheimilin en engu að síður hefur það orðið til þess að þar er verið að setja sjúkraliða í störf sem ófaglærðir höfðu gegnt fram að þessu. Þetta hefur tilheyrt meira inni á hjúkrunarheimilunum og þá í takt við þessa Eden-stefnu þar sem allir eiga að starfa jafnt. Við höfum þá sagt, af hverju á þá ekki við alla menntaða heilbrigðisstarfsmenn, lækna og hjúkrunarfræðinga líka, ekki bara sjúkraliðana,“ segir Kristín.

Hún segir oft lítinn greinarmun gerðan á menntun sjúkraliða og ófaglærðs starfsfólks. „Þessu höfum við mótmælt við landlæknisembættið og stofnanirnar sjálfar en lítið orðið ágengt í því.“

Kristín segir marga sjúkraliða vera afar ósátta við það hvernig komið sé fram við þá. Sums staðar hafi verið farin sú leið að skerða starfshlutfall þeirra til að ná fram sparnaði og sé þá unnið á styttri vöktum sem komi sér illa fyrir starfsfólkið. Vegna lélegra vinnuskilyrða séu því margir sjúkraliðar fluttir úr landi eða hafi snúið sér að öðrum störfum.

„Það er búið að vera að hrekja þá í burtu. Við höfum rætt það í kjaraviðræðum að það verði að byrja á því að koma almennilega fram við sjúkraliða til þess að þeir haldist í þessum störfum.“

Hún segir félagsmönnum hafa fækkað í undanfarin ár. „Það er mjög undarleg þróun að vera með fólk, sem er búið að mennta sig í 6-7 annir og sumir lengur, í að sinna svo þessum störfum. Það er ekki þjóðfélagslegur hagnaður af þessu, það er alveg ljóst,“ segir hún og kallar eftir úrbótum.

viktoria@frettabladid.is



**SJÚKRALIÐAR** Að sögn formanns Sjúkraliðafélagsins er sjúkraliðum oft gert að sinna störfum sem séu ekki í þeirra verksviði.



**„Sjúkraliðar eru lögvarin heilbrigðisstétt sem er menntuð til þess að sinna hjúkrun en ekki til þess að vera í ræstingu eða býtibúrstörfum.**

*Krisín Á. Guðmundsdóttir*



# BAKSTURINN HEFST Í HAGKAUP

## RJÓMAOSTATOPPAR MEÐ HVÍTU SÚKKULAÐI



230 g smjör
200 g hreinn rjómaostur
225 g sykur
225 g púðursykur
2 egg
4 tsk. Vanilla extract eða vanillusykur
600 g Kornax hveiti
½ tsk. Salt
1 tsk. Lyftiduft
3 tsk. Kanill
4 msk. Mjólk
100 g hvítt súkkulaði til að dreifa yfir kökurnar.

**Til að rúlla deiginu í :**
100 g sykur
2 tsk kanill

Aðferð: Hitið ofninn í 180°C (blástur). Hrærið smjör, rjómaosti og báðum tegundum af sykri saman þar til blandan verður kremkennd. Bætið eggjum út í, einu í einu og hrærið vel á milli. Blandið vanillu, hveiti, lyftidufti, salti og kanil saman við deigið og hrærið vel í. Bætið mjólkinni út í smáum skömmtum. Kælið deigið í ísskáp í 7 - 10 mínútur. Mótið litlar kúlur með 2 teskeiðum og rúllið upp úr kanilsykrinum. Setjið kökurnar á pappírsklædda ofnplötu og inn í ofn við 180°C í 8 10 mínútur eða þar til þær eru gullinbrúnar.



**Eva Laufey Kjaran**




Pyrex mælikanna gler 0,5 l.
**1.399 kr**

ROSTI Skál 3l. Retro blá
**4.999 kr**



Glassúr tilbúið til að setja á piparkökur
**249 kr**

## ALLT Í BAKSTURINN Á EINUM STAÐ

Amerískir súkkulaðidropar í úrvali




*Gott verð*
Lindu hvítt súkkulaði 200gr. **339 kr**

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*



**KREFUR BJARNA UM SVÖR** Formaður Vinstri grænna vill fá nánari upplýsingar um leiðréttinguna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Skuldaleiðréttingin umdeild:

## Vill upplýsingar um auðmenn

**EFNAHAGSMÁL** Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, hefur lagt fram fyrirspurn í fimmtán liðum til Bjarna Benediktssonar, fjármála- og efnahagsráðherra, þar sem hún spyr um skuldaaðgerðir ríkisstjórnarinnar. Meðal þess sem Katrín spyr um er hversu margir einstaklingar sem greiddu auðlegðarskatt fái niðurfærslu.

Fyrirspurn Katrínar snýr að því að draga fram upplýsingar um skiptingu aðgerðanna á fólk eftir ýmsum forsendum um tekjur og eignir. Þá setur hún fram nokkrar spurningar um hvernig skuldaniðurfærslan hefði orðið ef ýmsum grundvallarforsendum hennar hefði verið breytt. Til að mynda hve mikið hefði 250 milljarða króna skuldaniðurfærsla lækkað verðtryggð fasteignalán heimilanna. - ak

# 62 þúsund fóru á heimasíðu leiðréttingarinnar í gær

Vel gekk hjá starfsmönnum Ríkisskattstjóra að þjónusta þá sem fengu leiðréttingu á húsnæðislánum sínum frá ríkisstjórninni í gær. Metfjöldi heimsótti heimasíðu aðgerðanna. Hart var tekist á um aðgerðirnar á þingi.

**EFNAHAGSMÁL** Alls fóru 62 þúsund manns inn á heimasíðu leiðréttingar ríkisstjórnarinnar hjá Ríkisskattstjóra í gær þegar niðurstöður voru kynntar. „Ég held ég fari rétt með þegar ég segi að þetta sé met,“ segir Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri.

Skúli segir alls um 2.000 manns hafa haft samband við embættið með einhverjum hætti, 1.452 símleiðis, 330 tölvupóstar voru sendir og um tvö til þrjú hundruð manns mættu á svæðið. Alls störfuðu um 30 manns við símsvörun hjá embættinu í gær.

„Það er ekki endilega að menn séu að finna eitthvað að framkvæmdinni þó eitthvað væri af því, sumir voru einfaldlega að þakka fyrir sig,“ segir Skúli.

Hann segir fyrirspurnir og ábendingar helst hafa snúið að því þegar fólk telur að lán vanti inn hjá sér, lán séu rangt flokkuð í skattframtali og leiðbeiningar um hvernig eigi að nálgast rafræn skilríki. Auk þess hafi nokkur fjöldi ekki vitað að hann hafi farið í gegnum 110% leiðina.

„Í heildina gekk þetta vel,“ segir Skúli sem vonast til að embættið nái að klára þetta verkefni upp úr áramótum.

Viðbrögð manna í gær voru blendin. Í óundirbúnum fyrirspurnum á Alþingi gagnrýndi Guðmundur Steingrímsson fjármögnun aðgerðarinnar með arðgreiðslu frá Landsbankanum sem fyrirhugað hafði verið að nýta til fjárfestingar í uppbyggingu skapandi greina, nýsköpunar og menntunar og greiða niður opinberar skuldir.

> Það er ekki endilega að menn séu að finna eitthvað að framkvæmdinni þó eitthvað væri af því, sumir voru einfaldlega að þakka fyrir sig.
>
> *Skúli Þórðarson, ríkisskattstjóri*

Bjarni Benediktsson sagði sjö milljarða vaxtakostnað sparast við að flýta aðgerðum ríkisstjórnarinnar líkt og kynnt var í gær.

Helgi Hjörvar, þingflokksformaður Samfylkingarinnar, sagði forsætisráðherra leika sér í Hörpu á meðan eldarnir loga í velferðarkerfinu. „Með skuldaleiðréttingunni gefur hann svo þeim tekjuhæstu í landinu heila Hörpu að gjöf,“ sagði Helgi.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra sagði í svari sínu að það kæmi honum á óvart að sjá Helga Hjörvar mæta. „ Eins og sá þingmaður hefur talað síðustu vikur, mánuði og raunar ár, eftir að niðurstöður skuldaleiðréttingarinnar voru kynntar í gær og í ljós kom að meira og minna allt sem þingmaðurinn hefur haldið fram var rangt, kolrangt,“ sagði Sigmundur.

fanney@frettabladid.is



**BRJÁLAÐ AÐ GERA** Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri segir að í heildina hafi gengið vel að aðstoða fólk við leiðréttinguna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Vilja nánari gögn um leiðréttinguna

Jón Þór Ólason, þingmaður Pírata, spurði Bjarna Benediktsson fjármálaráðherra í gær um þau gögn og upplýsingar sem að baki skuldaleiðréttingunni liggi. „Mun almenningur fá aðgengi að þeim, það er öllum gögnum sem liggja til grundvallar þannig að þeir sem áhuga hafi geti fari að rekja sig í gegnum það á hvaða grunni hún er byggð,“ spurði Jón Þór.

Bjarni sagði stjórnsýsluna eiga að vera opna og gegnsæja og almenningi eigi að vera gert auðvelt að glöggva sig á gögnum stjórnsýslunnar. „Ég vonast til þess að kynningin sem birt var í gær sé til vitnis um það að menn vilja virkilega veita sem bestar upplýsingar. Taka verður á því sem upp á vantar eftir því hvernig fyrirspurnin liggur,“ sagði Bjarni.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins munu Píratar ætla að sækja það fast að fá frekari gögn um hvað liggur að baki skuldaleiðréttingunni. Jón Þór segir að slík gögn þurfi þó að vera ópersónugreinanlegum grunni. „Það er sjálfsagt út frá grunnstefnu Pírata sem er friðhelgi einkalífsins,“ segir Jón Þór.

SIMPLY CLEVER

ŠKODA




Nýr ŠKODA Rapid Spaceback

Nýstárlegt og glæsilegt útlitið kemur á óvart, en þú verður fyrst verulega hissa þegar þú kemur inn í bílinn og finnur hversu rúmgóður hann er. Fóta- og höfuðrýmið í þessum fyrsta hlaðbaki sinnar tegundar frá Škoda er nefnilega það mesta sem fyrirfinnst í þessum stærðarflokki bíla. Skyggða sóllúgan, sem hægt er að fá sem aukabúnað, og stór afturrúðan auka svo enn frekar á frelsistilfinninguna. Þegar við þetta bætast allar góðkunnu „Simply Clever" lausnirnar frá Škoda er útkoman bíll sem á engan sinn líka. Sestu inn og njóttu þess að láta fara vel um þig.

Nýr ŠKODA Rapid Spaceback kostar aðeins frá:
3.080.000,-

m.v. ŠKODA Rapid Spaceback 1.2TSI, 86 hestöfl, beinskiptur.

4,4 — Eyðsla frá 4,4 l/100 km
114g — $CO_2$ frá 114 g/km
ÖRYGGI — 5 stjörnur í árekstrarprófunum EuroNcap

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · www.skoda.is

BOSCH

finish

# Öllum Bosch uppþvottavélum fylgja ársbirgðir af uppþvottatöflum frá Finish.

## Gildir til 15. nóvember.

Bosch hóf framleiðslu uppþvottavéla árið 1964 og eru því 50 ár liðin frá því að fyrsta Bosch uppþvottavélin leit dagsins ljós. Þær eru traustar, áreiðanlegar og skila leirtauinu glitrandi hreinu.

Skelltu þér á eina og fáðu 365 stk. af Power and Pure, umhverfisvænum uppþvottatöflum frá Finish, með í kaupbæti.






Við höfum þegar kvatt vörugjöldin og lækkað verð á uppþvottavélum um 20%.

BOSCH

BÚÐIN

Hlíðasmára 3 www.bosch.is Sími 520 3090




## Skipstjóri ferjunnar sem fórst við Suður-Kóreu hlýtur 36 ára fangelsi:

# Sekur um gáleysi en ekki morð

**SUÐUR-KÓREA, AP** Lee Joon-seok, skipstjóri ferjunnar Sewol sem sökk við Suður-Kóreu snemma á árinu, var í gær dæmdur til 36 ára fangelsis fyrir gáleysi og fyrir að hafa yfirgefið skipið þegar farþegar voru enn í hættu staddir.

Hann var hins vegar sýknaður af ákæru um morð þar sem ekki þótti sannað að hann hefði gert sér grein fyrir því að það sem hann gerði myndi kosta meira en 300 manns lífið. Yfirvélstjóri ferjunnar, Park Ki-ho, hlaut 30 ára fangelsi og þrettán aðrir úr áhöfn ferjunnar hlutu 15 til 20 ára fangelsi.

Vélstjórinn er sá eini úr áhöfninni sem sakfelldur var fyrir morð, en hann yfirgaf tvo félaga sína úr áhöfninni, flúði sjálfur úr ferjunni og lét björgunarmenn ekki vita af félögum sínum tveimur sem voru í hættu staddir. Alls voru 476 manns um borð í ferjunni þegar hún sökk í apríl síðastliðnum. Einungis tókst að bjarga 172 þeirra. Slysið vakti hörð viðbrögð, bæði innanlands og á alþjóðavettvangi. - gb



**MEIRA EN 300 FÓRUST** Maður virðir fyrir sér minningartöflu með myndum þeirra sem fórust með ferjunni Sewol í apríl síðastliðnum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**Í BJARNARFLAGI** Framkvæmdir hófust í október 2012 sem var umdeilt á þeim tíma. MYND/LANDVERND

# Allar líkur sagðar á nýju umhverfismati

Skipulagsstofnun vill að umhverfismat Bjarnarflagsvirkjunar verði endurgert. Forstjóri Landsvirkjunar telur allar líkur á því að ráðist verði í þá vinnu enda svæðið í nýtingarflokki. Landvernd fagnar áfangasigri og segir sýn félagsins staðfesta.

**UMHVERFISMÁL** „Það eru allar líkur á að ráðist verði í nýtt umhverfismat. Við gerðum ráð fyrir þessu árið 2013 og færðum því áherslur okkar upp á Þeistareyki. Til skemmri tíma litið hefur þetta ekki neikvæð áhrif á uppbygginguna en við höfum skilning á því að farið sé varlega“, segir Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, um þá niðurstöðu Skipulagsstofnunar að umhverfismat Bjarnarflagsvirkjunar í Mývatnssveit verði endurgert.

Skipulagsstofnun rökstyður niðurstöðu sína m.a. með því að frá því að eldra umhverfismatið var gert á árunum 2003 til 2004 hafi forsendur nýtingar breyst verulega; það sýni reynsla annarra jarðvarmavirkjana sem teknar hafa verið í notkun. Þá hafi ferðamönnum við Bjarnarflag fjölgað verulega og sérstök verndarákvæði séu í gildi á svæðinu sem þurfi að hafa í huga.

Hörður segir að hafa verði hugfast í þessu samhengi að Landsvirkjun hafi haft frumkvæði að því í október 2013 að óska eftir því við Skipulagsstofnun að athuga hvort endurtaka þyrfti vissa hluta umhverfismatsins frá 2004. Þá hafi fyrirtækið verið búið að ljúka ítarlegri greiningu á matinu og taldi að mögulega þyrfti að endurskoða ákveðna hluta þess. Bjarnarflag hafi verið metið í nýtingarflokk af 2. áfanga Rammaáætlunar og fékk þar góða umsögn, enda það svæði sem hefur elstu sögu jarðhitanýtingar á Íslandi.

„Þegar við lögðum þetta fram þá gerðum við grein fyrir að nálguninni yrði breytt; í stað 90 megavatta virkjunar yrði farið í 45 megavatta virkjun. Niðurstaða Skipulagsstofnunar er að endurtaka skuli stærri hluta umhverfismatsins en við töldum, en þá er ljóst að stofnunin tekur ekki tillit til varfærnari uppbyggingar heldur gömlu áformanna um 90 megavatta virkjun og umhverfismats sem gerði ráð fyrir henni. En við höfðum vonast til að tekið yrði tillit til þess,“ segir Hörður sem bætir við að innan fyrirtækisins verði á næstu vikum farið yfir nýjar upplýsingar og ákveðið hver næstu skref verða.

svavar@frettabladid.is



> Það eru allar líkur á að ráðist verði í nýtt umhverfismat. [...] Til skemmri tíma litið hefur þetta ekki neikvæð áhrif á uppbygginguna en við höfum skilning á því að farið sé varlega.
>
> *Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar*

## Landvernd fagnar áfangasigri

Landvernd hefur lengi barist gegn virkjunarhugmyndum í Bjarnarflagi og í yfirlýsingu fagnar félagið ákvörðun Skipulagsstofnunar sem áfangasigri. Varúðarnálgun félagsins við virkjun í Bjarnarflagi hafi verið staðfest, og að nauðsynlegt sé að draga úr óvissu um áhrif virkjunarinnar. Það varði m.a. brennisteinsvetnismengun og áhrif hennar á heilsu fólks og mögulegar breytingar á innflæði næringarefna í Mývatn.

Í september 2012 sendu Landvernd og Fuglavernd kvörtun til Ramsarskrifstofunnar vegna undirbúningsframkvæmda Landsvirkjunar í Bjarnarflagi. Í kjölfarið kom sendinefnd í opinbera skoðunarferð sumarið 2013. Skrifstofan sendi frá sér skýrslu í desember 2013 þar sem mælt var með því að endurgera umhverfismat Bjarnarflagsvirkjunar og að taka sérstakt tillit til samlegðaráhrifa frá mögulegri stækkun Kröfluvirkjunar.






# VIÐ GERUM BÍLINN KLÁRAN FYRIR VETURINN



Veturinn er kominn og því þarf að sjá til þess að öryggisatriði bílsins séu í lagi. Hjá Olís fæst mikið úrval af vetrarvörum í hæsta gæðaflokki, s.s. rúðuvökvi, frostlögur, rúðusköfur, perur, tjöruhreinsir, þurrkublöð og lása- og afísunarefni. **Lykilhafar Olís og ÓB fá 10% afslátt af bílavörum hjá Olís**. Sé þess óskað sjá starfsmenn Olís um að gera bílinn kláran fyrir veturinn.

**Komdu við og njóttu framúrskarandi þjónustu á Olís.**

olís

Vinur við veginn

PIPAR\TBWA • SÍA • 143493

# GOTT ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA

Skoðaðu úrvalið á

# bilaland.is

ALLT AÐ 80% LÁNAMÖGULEIKAR




HYUNDAI IX35
Nýskr. 04/10, ekinn 54 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
Rnr. 142527.

Frábært verð!
2.860 þús.



TOYOTA AVENSIS WAGON SOL
Nýskr. 02/13, ekinn 45 þús km.
dísil, beinskiptur.
VERÐ kr. 3.990 þús.
Rnr. 142574.



SUZUKI SX4 GLX
Nýskr. 05/13, ekinn 83 þús. km.
bensín, beinskiptur.
VERÐ kr. 2.590 þús.
Rnr. 282203.



SUBARU LEGACY SP. SEDAN
Nýskr. 02/08, ekinn 57 þús km.
bensín, beinskiptur.
VERÐ kr. 1.740 þús.
Rnr. 142568.



NISSAN QASHQAI SE
Nýskr. 06/13, ekinn 32 þús. km.
dísil, beinskiptur.
VERÐ kr. 4.190 þús.
Rnr. 131369.



NISSAN PATROL SE
Nýskr. 11/09, ekinn 114 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 4.360 þús.
Rnr. 142572.



NISSAN MICRA VISIA
Nýskr. 05/13, ekinn 41 þús. km.
bensín, beinskiptur.
VERÐ kr. 1.690 þús.
Rnr. 131371.

bílaland

Klettháls 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is

www.facebook.com/bilaland.is






**VALMÚABREIÐA Í LONDON** Við Lundúnaturn hefur listamaðurinn Paul Cummins sett upp breiðu mikla af valmúa, blómum sem í Englandi er hefð fyrir að nota til að minnast fallinna hermanna. Í gær var efnt til minningarathafnar þar í tilefni þess að 96 ár voru liðin frá lokum fyrri heimsstyrjaldarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**MINNINGARATHÖFN Í HOLLANDI** Ættingjar og ástvinir þeirra sem fórust með malasísku farþegaþotunni, sem skotin var niður yfir Úkraínu í sumar, komu saman í Amsterdam í gær. Flestir þeirra sem fórust voru hollenskir. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# ÁSTAND HEIMSINS






**MÓTMÆLI Í HONG KONG** Veggspjöld með andlitum mótmælenda þekja þennan vegg í Hong Kong. Á borðanum stendur: „Kæra ríkisstjórn, við fylgjumst með ykkur.“ NORDICPHOTOS/AFP




**KARNIVAL Í ÞÝSKALANDI** Líf og fjör var í miðborg Düsseldorf í gær þegar kjötkveðjutímabilið hófst. NORDICPHOTOS/AFP

# Jólin eru komin í BAUHAUS®

**LED-jólatré 180 cm**
Hæð 180 cm, með 150 LED-perum. IP44-vottað
**5.995.-**

**LED-jólatré**
H:120 cm, með 80 LED-perum. IP44-vottað.
**2.995.-**

**LED-jólatré, 3 í pakka**
70 cm á hæð með 24 LED-perum hvert. IP44-vottað.
**3.495.-**

**LED-innisería með skrautkúlum**
Með 10 kúlum með LED-perum, rafhlaða fylgir ekki. Þv. 2,5 cm.
**1.495.-**

**Glas innisería**
Með 20 LED-ljósum og tímastilli. Rafhlöður fylgja ekki.
**1.995.-**

**Boll innisería**
Með 20 LED-ljósum og tímastilli. Rafhlöður fylgja ekki.
**1.995.-**

**Innisería með 10 LED-kúlum**
Með 10 LED-perum. Fæst með hvítum og marglituðum kúlum.
**1.995.-**

**LED-innisería**
Með 21 LED-peru í 5 mismunandi litum.
**2.995.-**

**LED-jólatré**
Með 21 LED-peru. Fæst í hvítu, svörtu og silfurlitu. Rafhlöður fylgja ekki.
**2.495.-**

**LED-jólatré**
H: 35 cm. Úr svörtum málmi með 10 LED-ljósum og tímastilli. Rafhlöður fylgja ekki.
**3.995.-**

**Isaberg jólatré**
H: 70 cm, með 30 LED-ljósum. Fást í hvítu, silfurlitu, bleiku, grænu og bláu.
**5.995.-**

**Snjótré**
H: 45 cm. Með 20 LED-ljósum og tímastilli. Rafhlöður fylgja ekki.
**2.495.-**

**Asta LED-ljósatré**
Með 48 hvítum LED-perum.
**2.995.-**

**LED-kerti sem hægt er að blása á**
**595.-**

**Keramíkkertastjaki**
2 saman, rafhlöðuknúin sprittkerti fylgja. Fást í mörgum mynstrum.
**995.-**

**Jólastjaki**
Með englum og jólatrjám. 21 x 31 cm, úr hvítum málmi. Rafhlöður fylgja ekki.
**2.495.-**

**Jólastjaki**
Með englum og jólatrjám. 31 x 31 cm, úr svörtum málmi. Rafhlöður fylgja ekki.
**3.495.-**

**LED-sprittkerti**
2 í pakka. Hvít eða krómuð.
**695.-**

**Jólabær með dansandi börnum**
H: 20,5 cm. Með LED-ljósum. Rafhlöður fylgja ekki.
**6.995.-**

**Jólaþorp með grenitrjám**
H: 20 cm, B: 35 cm.
**6.995.-**

**Jólaþorp með kirkju**
Með LED-ljósum og dempara. H: 26 cm, B: 35 cm.
**8.995.-**

**Jólaþorp með lest**
H: 27 cm, B: 32 cm.
**10.995.-**

**Jólabær með skíðabrekku**
Með LED-ljósum og tónlist. Straumbr. fylgir en einnig hægt að nota rafhlöður.
**12.995.-**

BAUHAUS®

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800 - info@bauhaus.is - www.bauhaus.is



# Skráningarstöðvar

## HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ

**ARION BANKI**
- Borgartúni 18, Reykjavík
- Bændahöllinni v/Hagatorg, Reykjavík
- Kringlunni 8-12, Reykjavík
- Bíldshöfða 20, Reykjavík
- Garðatorgi 5, Garðabæ
- Smáratorgi 3, Kópavogi
- Fjarðargötu 13-15, Hafnarfirði
- Þverholti 1, Mosfellsbæ

**AUÐKENNI**
- Borgartúni 31, Reykjavík
  Afgreiðslan er opin 9-16
- Verslun Símans, Kringlunni 4-12 Reykjavík
- Verslun Símans, Ármúla 31 Reykjavík
- Verslun Símans, Hagasmára 1 Kópavogi

**ÍSLANDSBANKI**
- Eiðistorgi 17, Seltjarnarnesi
- Lækjargötu 12, Reykjavík
- Kringlunni 4-6, Reykjavík
- Kirkjusandi 2, Reykjavík
- Suðurlandsbraut 14, Reykjavík
- Höðabakka 9, Reykjavík
- Þarabakka 3, Reykjavík
- Digranesvegi 1, Kópavogi
- Garðatorgi 7, Garðabæ
- Strandgötu 8-10, Hafnarfirði

**LANDSBANKINN**
- Austurstræti 11, Reykjavík
- Hagatorgi, Reykjavík
- Borgartún 33, Reykjavík
- Vínlandsleið 1, Reykjavík
- Álfabakki 10, Reykjavík
- Hamraborg 8, Kópavogi
- Fjarðargötu 9, Hafnarfirði

**MP BANKI**
- Ármúla 13a, Reykjavík

## VESTURLAND

**ARION BANKI**
- Aðalgötu 10, Stykkishólmi
- Miðbraut 15, Búðardal
- Grundargötu 30, Grundarfirði
- Digranesgötu 2, Borgarnesi

**ÍSLANDSBANKI**
- Dalbraut 1, Akranesi

**LANDSBANKINN**
- Þjóðbraut 1, Akranesi
- Ólafsbraut 21, Ólafsvík

## VESTFIRÐIR

**ARION BANKI**
- Hafnarbraut 25, Hólmavík

**ÍSLANDSBANKI**
- Hafnarstræti 1, Ísafirði

**LANDSBANKINN**
- Bjarkargötu 1, Patreksfirði
- Strandgötu 38, Tálknafirði
- Fjarðargötu 2, Þingeyri
- Pólgötu 1, Ísafirði

**SPARISJÓÐIR**
- Sparisjóður Norðurlands
  Aðalgötu 8, Suðureyri
- Sparisjóður Norðurlands
  Aðalstræti 14, Bolungarvík
- Sparisjóður Strandamanna
  Hafnarbraut 19, Hólmavík

## NORÐURLAND

**ARION BANKI**
- Geislagötu 5, Akureyri
- Húnabraut 5, Blönduósi
- Faxatorgi, Sauðárkróki
- Aðalgötu 14, Ólafsfirði

**AUÐKENNI**
- Verslun Símans
  Glerártorgi, Akureyri

**ÍSLANDSBANKI**
- Skipagötu 14, Akureyri
- Stóragarði 1, Húsavík

**LANDSBANKINN**
- Höfðabraut 6, Hvammsstanga
- Höfða, Skagaströnd
- Suðurgötu 1, Sauðárkróki
- Strandgötu 1, Akureyri
- Garðarsbraut 19, Húsavík

**SPARISJÓÐIR**
- Sparisjóður Strandamanna
  Hafnarbraut 19, Hólmavík
- Sparisjóður Skagafjarðar
  Ártorg 1, Sauðárkróki
- Sparisjóður Siglufjarðar
  Aðalgötu 34, Siglufirði
- Sparisjóður Höfðhverfinga
  Ægissíðu 7, Grenivík
- Sparisjóður Norðurlands
  Ráðhúsinu, Dalvík
- Sparisjóður Suður-Þingeyinga
  Garðarsbraut 64, Húsavík
- Sparisjóður Suður-Þingeyinga
  Kjarna, Laugum
- Sparisjóður Suður-Þingeyinga
  Helluhrauni 3, Mývatni
- Sparisjóður Norðurlands
  Bakkagötu 8-10, Kópaskeri
- Sparisjóður Norðurlands
  Aðalbraut 23, Raufarhöfn
- Sparisjóður Norðurlands
  Fjarðarvegi 5, Þórshöfn



## AUSTURLAND

**ARION BANKI**
- Fagradalsbraut 11, Egilsstöðum

**ÍSLANDSBANKI**
- Miðvangi 1, Egilsstöðum
- Búðareyri 7, Reyðarfirði

**LANDSBANKINN**
- Kolbeinsgötu 10, Vopnafirði
- Kaupvangi 1, Egilsstöðum
- Hafnargötu 2, Seyðisfirði
- Hreppsstofu, Borgarfirði eystri
- Hafnargötu 2, Reyðarfirði
- Hafnarbraut 20, Neskaupstað
- Hafnarbraut 15, Hornafirði

**SPARISJÓÐIR**
- Sparisjóður Norðfjarðar
  Egilsbraut 25, Norðfirði
- Sparisjóðurinn Höfn
  Hafnarbraut 36, Hornafirði

## SUÐURLAND

**ARION BANKI**
- Austurvegi 10, Selfossi
- Breiðamörk 20, Hveragerði
- Þrúðvangi 5, Hellu
- Ránarbraut 1, Vík í Mýrdal
- Klausturvegi 13, Kirkjubæjarklaustri

**ÍSLANDSBANKI**
- Kirkjuvegi 23, Vestmannaeyjum
- Austurvegi 9, Selfossi

**LANDSBANKINN**
- Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn
- Reykholti, Selfossi
- Austurvegi 20, Selfossi

**SPARISJÓÐIR**
- Sparisjóðurinn Suðurlandi
  Austurvegi 6, Selfossi
- Sparisjóður Vestmannaeyja
  Bárustíg 15, Vestmannaeyjum

## REYKJANES

**ÍSLANDSBANKI**
- Hafnargötu 91, Keflavík

**LANDSBANKINN**
- Krossmóa 4, Keflavík
- Suðurgötu 2-4, Sandgerði
- Víkurbraut 56, Grindavík

Vefsíður með leiðbeiningum um rafræn skilríki:
www.skilriki.is • www.audkenni.is • www. leidretting.is • www.rsk.is • www.island.is og vefsíður banka, sparisjóða, símfyrirtækja o.fl.



# rafrænna skilríkja

Innleiðing rafrænna skilríkja hefur staðið yfir af miklum krafti á undanförnum dögum. Tæplega eitt hundrað skráningarstöðvar, einkum í bönkum og sparisjóðum víðs vegar um landið, eru reiðubúnar til að virkja skilríkin.

Gera má ráð fyrir að á næstu mánuðum muni mikill fjöldi landsmanna verða sér úti um rafræn skilríki til þess m.a. að samþykkja skuldaleiðréttinguna sem nú hefur verið birt. Gert er ráð fyrir að tímabil samþykkis hefjist um miðjan desember og standi yfir í þrjá mánuði þaðan í frá.

## RAFRÆN SKILRÍKI Í SÍMANN

Hægt er að setja rafræn skilríki í flestar tegundir farsíma, óháð aldri þeirra eða tegund. Þau eru vistuð á SIM-kort símtækisins.

1. Á www.audkenni.is og fleiri vefsíðum tengdum rafrænum skilríkjum geturðu slegið inn símanúmer þitt og fengið upplýsingar um hvort SIM-kortið henti fyrir rafrænt skilríki.
2. Ef svo er ekki pantar þú nýtt SIM-kort hjá símafélagi þínu og færð það sent heim eða afhent í verslunum símafyrirtækja og hjá endursöluaðilum þeirra.
3. Veldu þér fjögurra til átta tölustafa leyninúmer fyrir rafrænu skilríkin.
4. Rafrænu skilríkin fást virkjuð á næstu skráningarstöð. Mundu að taka símann með þér og gild persónuskilríki, vegabréf, ökuskírteini eða nafnskírteini með mynd. Ljósmyndin á skilríkinu þarf að vera skýr.

## RAFRÆN SKILRÍKI Á DEBETKORT

Nú þegar eru rafræn skilríki í mörgum debetkortum. Viðskiptabankarnir veita upplýsingar um hvort unnt sé að að virkja þau. Til þess að nota skilríkin í debetkortum þarf ákveðinn gjaldfrjálsan hugbúnað og kortalesara sem ýmist er innbyggður í tölvur eða lyklaborð eða fáanlegur sem aukabúnaður sem tengdur er við tölvuna.

## RAFRÆN SKILRÍKI Í EINKASKILRÍKI

Hægt er að fá rafræn skilríki á sérstöku einkakorti. Umsækjendur um leiðréttinguna geta sótt um gjaldfrjálst einkaskilríki á www.leidretting.is. Aðrir fá einkaskilríkin í gegnum www.audkenni.is. Til þess að nota einkaskilríkin hleður þú niður gjaldfrjálsum hugbúnaði og nýtir kortalesara sem ýmist er innbyggður í tölvur eða lyklaborð eða fáanlegur sem aukabúnaður sem tengdur er við tölvuna.

1. Þegar þú sækir um einkaskilríki velur þú í hvaða útibú viðskiptabanka þíns þú vilt fá skilríkin send.
2. Þú færð PUK-númer sent í pósti og einkaskilríkin eru send í viðskiptabankann sem þú tilgreindir.
3. Loks velur þú þér sex stafa PIN-númer og virkjar einkaskilríkin í skráningarstöð viðskiptabankans. Mundu að taka PUK-númerið með þér og gild persónuskilríki, vegabréf, ökuskírteini eða nafnskírteini með mynd. Ljósmyndin á skilríkinu þarf að vera skýr.

**Mundu eftir gildum persónuskilríkjum þegar þú ferð á skráningarstöð**

Verkefnisstjórn um innleiðingu rafrænna skilríkja

Rafræn skilríki
- þetta ert þú

Tónlistarhátíð í skugga verkfalls tónlistarkennara.

# Sprettur tónlist upp af sjálfri sér?

Tónlistarhátíðinni Airwaves lauk um helgina og ráðamenn og ferðamálafrömuðir, að ógleymdum hinum almennu áheyrendum, eru í skýjunum yfir því hversu vel hafi tekist til og hversu mikil lyftistöng þessi hátíð sé fyrir menningarlífið í landinu. Hvað það sé nú stórkostlegt fyrir ferðaiðnaðinn í landinu að fá alla þessa útlendinga til að kaupa sér gistingu, mat og fljótandi veigar í fimm daga samfleytt á meðan þeir bíða eftir næsta giggi. Skítt með það þótt íslenskir tónlistarmenn sem fram koma fái ekki eða illa borgað. Þetta snýst auðvitað allt um blessaðan túrismann og að græða á honum, nema hvað? Alltaf gott að geta grætt á útlendingum.



Friðrika Benónýsdóttir
fridrikab@frettabladid.is

Á sama tíma og hótel-, bar- og veitingahúsarekendur telja aurana sem hátíðin færði þeim fréttist ekki bofs af stöðunni í verkfalli tónlistarkennara. „Ha? Eru þeir ekki bara í verkfalli, er nokkuð nýtt að gerast í því?“ segir fólk steinhissa þegar spurt er um stöðuna á verkfallsmálum. Það virðist varla nokkur maður, nema tónlistarkennarar sjálfir og nemendur þeirra, hafa nokkurn áhuga á því að það verkfall leysist. Eins og það sé alfarið einkamál þeirra sem það snertir beint. Ekkert sem skipti máli í stóra gróðasamhenginu.

Það viðhorf lýsir reyndar ótrúlegri blindu og skammsýni, eða hvaðan halda þessir ráðamenn að allt þetta frábæra tónlistarfólk sem fram kemur á svona hátíð sé komið? Halda þeir að tónlist spretti bara af sjálfri sér og kennsla í henni sé algjört aukaatriði? Að það blómlega starf sem fer fram í tónlistarskólum landsins sé bara eitthvert dútl til þess hannað að halda börnunum af götunni rétt á meðan foreldrarnir eru að klára að vinna þann daginn?

Sé það hugsunin eru menn á alvarlegum villigötum. Það er reyndar með öllu óskiljanlegt að tónlistarkennarar skuli vera á lægri launum en almennir kennarar, en lýsir vel þessu séríslenska viðhorfi að list sé eitthvað sem bara blossi upp í huga einstaklinga og hafi ekkert með bakgrunn þeirra eða kunnáttu í greininni að gera. Allt okkar besta tónlistarfólk er sprengmenntað í tónlist, auðvitað. Það er nefnilega ekki hægt að byggja listsköpun á loftinu einu, hún krefst þekkingar, tækni og þrotlausrar ástundunar – allt atriði sem lögð er áhersla á í tónlistarkennslu. Það er því með ólíkindum hversu almennt áhugaleysi virðist ríkja á því hvort kennarar í greininni verði í verkfalli lengur eða skemur, eða hvort þeim verði yfirleitt gert kleift að geta lifað af því að uppfræða uppvaxandi kynslóðir í tónlist. Það er nefnilega óralangt frá því að vera hagsmunamál þeirra einna. Viljum við viðhalda hér gróskumiklu og fjölbreyttu tónlistarlífi og koma tónlistarmönnum á heimsmælikvarða á legg þarf að byrja á byrjuninni. Og sú byrjun liggur hjá tónlistarkennurum, ekki hótelrekendum.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Sigurjón M. Egilsson *sme@frettabladid.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Grátkórinn þagnar ekki

Ekkert virðist hafa breyst þótt LÍÚ, Landssamband íslenskra útvegsmanna, hafi verið sett upp í hillu og ný samtök orðið til. Á heimavettvangi samtakanna nýju, rétt eins og þeirra eldri, það er í Morgunblaðinu, er nafnlaus grein þar sem kvartað er sáran yfir skilningsleysi alls og allra á sjávarútveginum. Þar er sagt að fyrri ríkisstjórn hafi gengið hart fram í þeirri ætlan sinni að knésetja sjávarútveginn. Eins trúlegt og það nú er. Tónninn hefur ekkert breyst. „Stjórnvöld og Alþingi hafa ríkar skyldur …og koma fram með lagasetningu sem tryggir stöðugleika og hóflega og sanngjarna skattlagningu á þessu sviði sem öðrum,“ segir í nafnlausu greininni.



### Vantar grunninn?

Enn á sama stað. Í nafnlausu greininni í Mogganum, má lesa þetta: „Vegna umfangs sjávarútvegsins og tengdra fyrirtækja í íslensku atvinnulífi má með ólíkindum teljast að ekki skuli búið að setja traustan grunn undir þau fyrirtæki sem starfa að sjávarútvegi.“

Vantar traustan grunn undir fyrirtæki í sjávarútvegi? Viðsnúningur í eiginfjárstöðu fyrirtækjanna er hátt í 200 milljarðar frá árinu 2008. Ef þessi staða er til að gráta yfir, bregður eflaust mörgum. Hafi þástarfandi ríkisstjórn ætlað sér að knésetja sjávarútveginn hefur verkið mistekist illilega. Batinn er augljós öllum sem vilja sjá.



### Brosið nú gegnum tárin

Ef höfundur nafnlausu greinarinnar í Mogganum og viðmælendur hans þerruðu tárin eitt augnablik sæju þeir hvað er að gerast. Viðsnúningur hefur orðið á eiginfjárstöðu, fjárfestingum, sífellt fleira fólk menntar sig til starfa í sjávarútvegi, hagnaður er með eindæmum sem og arðgreiðslur. „Eru dæmi þess að fyrirtæki með ársveltu upp á hundruð milljóna króna hafi tvöfaldað tekjur sínar á skömmum tíma.

Margir stjórnendur tæknifyrirtækja í sjávarklasanum líta björtum augum á árið 2014 og bólgnar pantanabækur gefa fyrirheit um gott framhald á næstu misserum,“ segir í skýrslu Sjávarklasans um tæknifyrirtækin. Eitt heilræði; lesa fyrst, gráta svo.

**sme@frettabladid.is,**

## HALLDÓR




# Kjör tónlistarkennara þarf að lagfæra strax

KJARAMÁL



Þórður Á. Hjaltested
formaður Kennarasambands Íslands

Verkfall Félags tónlistarskólakennara hefur nú staðið yfir í þrjár vikur. Verkfallið hefur að sumu leyti fallið í skuggann af verkfalli lækna þegar fjölmiðlar eru annars vegar og þar með samfélagið.

Verkfall tónlistarskólakennara er staðreynd og alvarlegt mál. Það er alvarlegt í þeim skilningi að Samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur að mínu mati ekki gert neina alvörutilraun til að finna lausn á deilunni.

Félag tónlistarskólakennara er eitt sjö aðildarfélaga Kennarasambands Íslands og það er ofur eðlilegt að tónlistarskólakennarar miði sig við aðra kennara sambandsins, sem og aðra sérfræðinga í samfélaginu, í sinni kjarabaráttu.

Tónlistarskólakennarar krefjast þess að fá sambærileg laun fyrir sambærilega vinnu, á borð við vinnu leik- og grunnskólakennara sem þegar hafa samið við sveitarfélögin. Tónlistarskólakennarar fara ekki fram á ofurlaun; þeir fara fram á að fá mannsæmandi laun sem háskólamenntaðir kennarar, sérfræðingar í sínu fagi, og með sama hætti og aðrir kennarar hafa samið um.

Fyrir hönd KÍ krefst ég þess að forysta Sambands íslenskra sveitarfélaga hlutist þegar í stað um að veita samninganefnd sinni umboð til að semja við tónlistarskólakennara á svipuðum nótum og samið hefur verið við aðrar stéttir kennara sem starfa hjá sveitarfélögunum og eru félagsmenn KÍ.

Samninganefnd sveitarfélaga hefur blandað inn í deiluna öðrum málum en launakjörum og má þar nefna lengd skólaársins. Kennsla er ábyrgðarmikið starf og henni fylgir töluvert álag. Hugmyndir sveitarfélaganna um að ná fram enn meiri sveigjanleika í lengd skólaársins og styttingu kennslustunda veldur ómældu viðbótarálagi sem ég tel óásættanlegt. Krafan er í raun að kennarar vinni langt umfram 40 stunda vinnuviku á starfstíma skóla, sem er með öllu óásættanlegt. Ég skora á samninganefnd sveitarfélaganna að leggja þessa umræðu til hliðar og vinna þess í stað að því að bæta kjör tónlistarskólakennara sem hafa dregist verulega aftur úr launum sambærilegra hópa frá því eftir hrun. Þetta þarf að lagfæra og það strax. Annað er atlaga að tónlistarmenntun í landinu.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARFRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is*
**MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Framhaldsskólinn fyrir alla?

MENNTUN



**Hrönn Baldursdóttir**
náms- og starfsráðgjafi í Fjölbrautaskólanum við Ármúla

Hvítbók mennta- og menningarmálaráðuneytis var kynnt á haustdögum. Þar kemur meðal annars fram að hindra eigi aðgang 25 ára og eldri að bóknámi í framhaldsskólunum, bæði að dag-, fjar- og kvöldnámi. Þessi skyndilega stefnubreyting var gerð án viðræðu við starfsfólk skóla og er án aðlögunartíma.

Verði breytingin samþykkt gætir áhrifanna strax á næstu önn og beina þarf stórum hópi í framhaldsfræðslukerfið sem er tæplega tilbúið fyrir það í dag auk þess sem námsframboð þar er annað. Mikilvægt er að undirbúa og kynna breytingar tímanlega og skilgreina hverju framhaldsskólar og framhaldsfræðslan eigi að sinna.

Annað af tveimur markmiðum í menntamálum til ársins 2018 er að 60% nemenda ljúki framhaldsskóla á tilsettum tíma. Um 44% nemenda gera það nú. Á síðustu 10 árum hefur þessi tala hækkað um 5 prósentustig og nú er ætlunin að hækka hana um 16 prósentustig á fjórum árum. Það gefur því augaleið að vinna þarf mun markvissar gegn brotthvarfi. Ég nefni hér nokkur atriði sem draga úr námshraða og ég verð mest vör við í starfi.

Margir vinna mikið með námi, sumir til að halda uppi lífsstíl en það á ekki við um alla. Peningaleysi er vandamál stórs hóps en samfélagið veigrar sér við að horfast í augu við það. Mörgum sækist því námið seint af fjárhagsástæðum.

Sveitarfélögin veita skólastyrki til fjárhagslega illa staddra námsmanna en þar reynast viðmiðunarmörkin oft of lág og því vinna margir nemendur fyrir sér. Ekki er heimilt að veita skólastyrki til nemenda sem eru í lánshæfu námi. Þeir nemendur geta sótt um námslán hjá LÍN vegna náms í iðn- og verkgreinum en sumir eru ekki lánshæfir að mati banka og fá þá ekki námslán. Nemendur í þeirri stöðu gætu þá farið í bóknám en verði sú leið lokuð eru fá úrræði eftir. Þessir nemendur hafa ekki frekar efni á háskólabrú eða öðru námi.

Ef taka á til eftirbreytni kerfin á Norðurlöndum, þarf að veita ókeypis skólabækur, skólastyrk til allra nemenda og niðurgreiða mat verulega. Ég hef ekki séð slíkar tillögur í Hvítbók menntamálaráðherra, einungis tillögur í fjárlagafrumvarpinu um hækkun virðisaukaskatts á bókum. Á það við um skólabækur líka?

**Eftirbátar annarra**

Stór hópur nemenda er óákveðinn um náms- og starfsval. Auka þarf náms- og starfsfræðslu í grunn- og framhaldsskólum en við erum eftirbátar annarra vestrænna þjóða hvað það varðar. Með markvissri fræðslu má undirbúa nemendur svo þeir verði betur í stakk búnir að taka ígrundaða ákvörðun mun fyrr en nú er. Heildstæð áætlun um náms- og starfsfræðslu í grunn- og framhaldsskólum er í mótun og er mikilvægt að hún fái brautargengi með fjárframlögum sem duga til verksins.

Mikill skortur er á námsefni og upplýsingaveitu á íslensku um nám og störf. Verið er að smíða upplýsingaveitu að tilstuðlan IPA-styrks frá Evrópusambandinu en sú vinna er nú í biðstöðu vegna afturköllunar

**➜ Helst sýnist mér þetta vera illa dulbúinn sparnaður þar sem á að fórna nemendum 25 ára og eldri.**

styrkjanna. Ef vinna á í alvöru gegn brotthvarfi þarf fjármagn til að ljúka því verki.

Hluti brotthvarfs er vegna veikinda, sérstaklega andlegra veikinda. Mikið áhyggjuefni er hve löng bið er eftir tíma hjá geðlæknum og að vinna sálfræðinga sé ekki innan sjúkratryggingakerfisins. Heilsugæslur hafa þó verið að auka við í sálfræðiþjónustu en betur má ef duga skal.

Námserfiðleikar og ónæg skólahæfni er enn ein ástæða brotthvarfs. Nemendur upplifa námið oft of erfitt og gefast gjarnan upp eða fá ekki áframhaldandi skólavist vegna slaks árangurs. Fjármagn vegna stoðþjónustu og umsjónarkerfis er ekki nægilegt.

Mikið er talað um að draga megi úr brotthvarfi með því að stytta nám. Óvíst er hvort það gagnist þeim hópum sem hér eru nefndir. Það er mikilvægt að ná fram breytingum í framhaldsskólanum þannig að fleiri ljúki námi og fyrr. Finna má bæði kosti og galla við menntakerfið en besta lausnin getur varla verið að leggja á skyndileg höft út frá aldri.

Helst sýnist mér þetta vera illa dulbúinn sparnaður þar sem á að fórna nemendum 25 ára og eldri. Hvað varð af eldra markmiði um að 90% fólks á aldrinum 24-65 hafi lokið framhaldsskólanámi? Ef ekki á að vinna markvissar á brotthvarfi verður alltaf verulegur hópur í hverjum árgangi í vandræðum með að ljúka framhaldsskólanámi líkt og nú.

# 30.000 án sjúkrasjóðs

VINNUMARKAÐUR



**Gunnar Páll Pálsson**
formaður FLM

Hvergi í hinum vestræna heimi er stéttarfélagsþátttaka eins almenn og á Íslandi. Um 80% fólks á vinnumarkaði eru í stéttarfélögum í samanburði við um 20% t.d. í Bretlandi. Ástæður er væntanlega nokkrar, einn veigamesti þátturinn er að stéttarfélögin hafa tekið að sér að reka hluta af velferðarkerfinu með sjúkrasjóðum og síðan óbeint með aðkomu að lífeyrissjóðum.

Íslenska almannatryggingakerfið er veikt í samanburði við nágrannalöndin og því hafa stéttarfélög stoppað í götin sem annars staðar eru á hendi ríkis eða sveitarfélaga. Hér tryggja sjúkrasjóðir stéttarfélaga greiðslu á 80% af launum, eftir að veikindaréttur er búinn hjá vinnuveitanda, í 6-9 mánuði þar til hægt er að komast á örorkubætur hjá lífeyrissjóðunum ef veikindi eða afleiðingar slysa vara svo lengi.

Auk þess eru flestir sjúkrasjóðir með dánarbætur, einhverjir eru með dagpeningagreiðslur vegna veikinda barna o.s.frv. Út frá tölum um þátttöku félagsmanna stéttarfélaga á almennum vinnumarkaði í atkvæðagreiðslum innan þeirra má álykta að þau séu orðnar fjöldahreyfingar þar sem félagsmenn eru að

**➜ Ég hvet þá sem standa utan stéttarfélaga að fara yfir sínar afkomutryggingar.**

stórum hluta áhugalausir um kjarabaráttu, en sækjast fyrst og fremst eftir annarri þjónustu félaganna, s.s. vernd sjúkrasjóða, orlofshúsum og starfsmenntun.

Öll stéttarfélögin hér eru eins upp byggð með félagssjóði til kjarabaráttu, sjúkrasjóði, orlofssjóði og starfsmenntasjóði og taka til sín 2-2,5% af launasummunni í landinu, yfir 10 milljarða á ári. Mörg hver sýna góðan hagnað og hafa byggt upp myndarlega sjóði. Spurning er hvort ekki megi gera þetta kerfi ódýrara?

Það er athyglisvert að þeir u.þ.b. 30.000 einstaklingar sem standa utan stéttarfélaga og vinnuveitendur þeirra virðast í fæstum tilfellum gera sér grein fyrir stöðunni ef viðkomandi verður óvinnufær af völdum veikinda eða slysa og verður launalaus í 6-9 mánuði. Tryggingarfélögin bjóða upp á vissar lausnir en flestir hafa ekki gert nægjanlegar ráðstafanir og eru illa settir í þessum málum. Ég hvet þá sem standa utan stéttarfélaga að fara yfir sínar afkomutryggingar.

Liggurðu á skoðunum þínum? Það er algjör óþarfi. Sendu greinina þína á **greinar@visir.is** og við komum henni á framfæri hið snarasta.




*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

ENNEMM / SÍA / NM65671

**ÞAÐ ER KOMINN NÝR NISSAN JUKE**

Þú situr hátt eins og í jepplingi, bíllinn bregst hratt við eins og sportbílar gera og þú getur jafnvel breytt akstursegiinleikum hans á ferð. Nýr Juke er einstakur bíll með einstaka aksturseiginleika. Hönnuðir Nissan Juke skilja vel að sumir vilja velja eftir eigin smekk og hafa kjark til að vera öðruvísi. Með nýjum Nissan Juke er hægt að velja úr fjölbreyttu úrvali aukahluta í litum sem henta breytilegum smekk.

**JUKE ACENTA dísil**
**Eyðsla: 4 l/100 km***
Verð frá: 3.690.000 kr.

www.nissan.is

B|L
**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

**GE bílar** Reykjanesbæ www.bilahusid.is 420 0400
**Bílasalan Bílás** Akranesi www.bilas.is 431 2622
**Bílasala Akureyrar** Akureyri www.bilak.is 461 2533
**Bílaverkstæði Austurlands** Egilsstöðum www.bva.is 470 5070
**IB ehf.** Selfossi www.ib.is 480 8080

# Eru stofnanasamningar úrelt tæki?

KJARAMÁL



**Bragi Skúlason**
formaður Fræðagarðs



**Halldór K. Valdimarsson**
framkvæmdastjóri

Undir lok síðustu aldar hófust tilraunir til þess að laga launakerfi ríkisins, sem þá var úr sér gengið og svaraði ekki kröfum samtíðar. Markmiðin voru nokkur. Ríkið vildi ná fram dreifistýringu launaákvarðana út í stofnanir. Ríkisstarfsmenn vildu raunlaunakerfi sem gæfi möguleika til einstaklingsbundinnar kjaraþróunar.

Helsta tæki okkar á þessari vegferð, stofnanasamningarnir, hafa hins vegar snúist upp í andhverfu sína og halda algerlega aftur af allri kjaraþróun. Hafa jafnvel skapað umhverfi sem ber meiri keim af fornu lénsskipulagi en nútíma stjórnunarháttum.

Því miður hefur reynslan kennt okkur að stofnanasamningar færðu forstöðumönnum stofnana vald sem er of mörgum þeirra ofviða til þess að þeir sem hópur geti talist valda því. Margir þeirra virðast sjá þá sem vettvang fyrir eigin geðþótta og þeir komast upp með það vegna friðarskyldunnar sem hvílir á launþegum. Að auki virðist það nokkuð útbreiddur misskilningur meðal forstöðumanna að tilgangur stofnanasamninga sé að gera starfsmenn ábyrga fyrir rekstri stofnunar.

Í raun hefur ríkisvaldið brugðist í öllu sem tengist stofnanasamningum sem stjórntæki. Hvort það er vegna vanþekkingar, kjarkleysis, eða einfaldlega hugmyndaleysis, skal ósagt látið. Niðurstaðan er hin sama.

Ef til vill er orðið tímabært að viðurkenna að stofnanasamningatilraunin hefur runnið sitt skeið og stóð ekki undir væntingum. Þótt árangur hafi náðst framan af þessu tímabili hefur þróun mála frá hausti 2008 fært okkur með óyggjandi hætti heim sanninn um að stofnanasamningar eru ekki nothæf leið til launaákvarðana meðan þeir fara fram undir óskilyrtri friðarskyldu.

Í miðlægum kjarasamningum ríkisins við aðildarfélög BHM er ekki fjallað um launasetningu nema með skilgreiningu launatöflu. Því er í miðlægum kjarasamningi einungis kveðið á um að lægstu laun háskólamenntaðs sérfræðings hjá ríkinu skuli vera kr. 269.455 á mánuði fyrir fullt starf. Flestir starfsmenn ríkisins búa því við það í dag að ákvarðanir um kjör þeirra, aðrar en þessi lágmarkstala, eru teknar án þess að þeir hafi neina leið til að koma sínum markmiðum áleiðis. Friðarskyldan hefur tekið af þeim öll tæki og tól.

### Jafnræðislausar aðstæður

Niðurstöður sameiginlegrar skoðunar aðila vinnumarkaðarins sýna glöggt að kjör háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna hafa dregist svo aftur úr að ekki verður við unað. Framganga ríkisvaldsins undanfarin ár og tilraunir þess til að koma samningaábyrgð sinni yfir á Samtök atvinnulífsins eru skýrustu merki þess að leiðrétting á þessari þróun næst varla meðan allar raunverulegar ákvarðanir um launakjör eru teknar við svo jafnræðislausar aðstæður.

**➜ Því miður hefur reynslan kennt okkur að stofnanasamningar færðu forstöðumönnum stofnana vald sem er of mörgum þeirra ofviða til þess að þeir sem hópur geti talist valda því. Margir virðast sjá þá sem vettvang fyrir eigin geðþótta...**

Kjósi ríkisvaldið að afsala sér samningsumboði sínu á þennan veg er það hins vegar að feta sig út á braut sem þarf að skoða mjög vandlega áður en lagt er af stað. Með því að taka upp niðurstöður samninga annarra aðila, í þessu tilviki ASÍ og SA, og breyta samskiptum sínum við stéttarfélög ríkisstarfsmanna í einfalda stimplunarathöfn, er ríkisvaldið í raun að svipta þau stéttarfélög sem því ber að semja við sínum samningsrétti. Það má alveg velta því fyrir sér hvort þetta er ekki brot á bæði lögunum um kjarasamninga opinberra starfsmanna og félagssáttmála Evrópu.

Sú hrörnun launakjara háskólamenntaðra starfsmanna ríkisins sem sýnt hefur verið fram á er vandamál sem varðar ekki einungis stöðu afmarkaðs hóps heldur í raun framtíð okkar allra. Þetta fjallar nefnilega ekki aðeins um að gera ríkið samkeppnisfært á vinnumarkaði innanlands, heldur jafnframt um að gera Ísland samkeppnishæft á alþjóðamarkaði. Þessi samkeppnisfærni er það eina sem getur lyft okkur upp úr stöðu þróunarríkis.

Fáist aðilar ekki til sameiginlegrar leitar að lausnum er ljóst að ríkisstarfsmenn geta ekki búið við kjarasamninga þar sem meginhluti launaþróunar fer fram með einhliða ákvörðunum launagreiðanda undir friðarskyldu sem kemur algerlega í veg fyrir að launafólk geti lagt eðlilega áherslu á kröfur sínar. Við slíkt sjálfdæmi launagreiðandans verður einfaldlega ekki unað til langframa.

# Óþolandi!

KJARAMÁL



**Kristrún Helga Björnsdóttir**
tónlistarkennari

Ég er tónlistarkennari í verkfalli. Mér finnst óásættanlegt að vera hrakin út í þetta neyðarúrræði en ég er ekki tilbúin að sitja hjá þegar aðför er gerð að mínum starfsvettvangi. Að mitt starf sé gjaldfellt og að ég þurfi að kyngja því að mín kennaramenntun og starfsreynsla sé ekki metin til jafns í launum við aðra kennara. Ég vil geta sagt með stolti: ég er kennari, já, ég er tónlistarkennari.

Af hverju erum við sett í þá stöðu að þurfa að réttlæta okkur, hvort kennslan á þessum eða hinum vettvanginum sé of ólík eða miserfið svo réttlætanlegt sé að mismuna í launum? Við hvað á að miða? Er það kannski minna virði ef þér finnst gaman í vinnunni? Erum við ekki öll sérfræðingar á okkar sviði? Hvað er eiginlega málið?

Ég er tónlistarkennari í verkfalli. Ég sakna nemendanna minna og finnst sárt að vera sett í þessa aðstöðu. Ég hef áhyggjur af hvernig þeim vegnar og hvort þau spili á hljóðfærið sitt. Hvers eiga þau að gjalda?

Ég er hrædd um að þessi „stopp“-tími komi ansi illa við eðlilega framvindu námsins á haustönninni sem hefur þá lamandi áhrif á undirbúning jólatónleika og fleiri áhugaverð verkefni. Það vill nefnilega svo til að skipulag, æfingar og önnur þjálfun er ekki hrist fram úr erminni korter í tónleika eða próf heldur afrakstur stöðugrar vinnu, þolinmæði og sjálfsaga. Eftir því sem verkfall dregst á langinn er hætt við að einhverjir nemendur heltist úr lestinni. Það tekur tíma að ná upp færni og það þarf gott utanumhald og vökult auga kennarans til að finna bestu og áreynslulausustu aðferðina við að ná árangri. Það getur vel verið að einhver árangur náist án aðkomu kennarans en hætt er við að nemendur fari fram úr sjálfum sér, temji sér slæma ávana sem geti leitt til álagseinkenna og ýmissa kvilla sem tekur tíma að ná til baka, ef það er þá hægt. Þetta er nefnilega ekki bara spurningin um hversu mörg lög þú kannt heldur hvernig þú berð þig að við að spila.

### Hvar er metnaðurinn?

Ég er tónlistarkennari í verkfalli. Ég hef hvergi heyrt neinar skilgreiningar á því hvernig það fólk sem fær greitt fyrir setu í sveitarstjórnum, og er nú í aðstöðu til að hafa okkar lífsviðurværi í höndum sér, er metið til launa. Hvað þá að þau þurfi að sækja eðlilegar kjarabætur með svo erfiðum hætti sem tónlistarkennarar og fleiri þurfa. Þó eru þau á launum hjá okkur og nota bene við erum ekki spurð hvað okkur finnist eðlileg launaþróun þar á bæ!

Hvernig getur það gengið upp að okkar viðsemjendur setja það sem skilyrði fyrir því að samningar náist að þeir geti, algjörlega einráðir, stillt okkur upp við vegg og þjappað skólaárinu saman svo vikuleg dagvinna fari jafnvel yfir 50 klst., nemendum fjölgi og hvað – jú þið fáið þá bara lengra sumarfrí! Hvar er metnaðurinn, hvar er faglega greiningin?

Fyrir utan þá augljósu kjaraskerðingu sem verður þar sem hætt er við að kennarar nái ekki að uppfylla 100% kennsluskyldu sína á svo samþjöppuðum tíma. Í flestum tilfellum er tónlistarkennsla að loknum skóladegi nemendanna þ.e. eftir hádegi og fram á kvöld. Hvorki kennarar, né nemendur, eru tölur í Excel-skjali.

Nú eru liðnar þrjár vikur í verkfalli og ekki mikil von um samninga. Eftir því sem lengra líður, þá magnast reiðin og ósættið svo hætt er við að taki langan tíma að ná sáttum. Allur sá vilji til aukaverka sem ekki eru metin til launa en hafa hingað til verið unnin af gleði, áhuga og velvilja dofnar og jafnvel hverfur. Hvar verðum við stödd þá?

Ég er tónlistarkennari í verkfalli. Það er óþolandi.

# Hvað vilja tónlistarkennarar?

KJARAMÁL



**Anna Rún Atladóttir**
formaður Evrópusambands píanókennara á Íslandi

Verkfall Félags tónlistarskólakennara (FT) hefur nú staðið í þrjár vikur. Íslendingar eiga rótgróna og metnaðarfulla tónlistarskóla, sem eiga stóran þátt í grósku tónlistar á Íslandi. Sköpun og iðkun tónlistar auðgar ekki bara menningu þjóðarinnar, hún beinlínis skapar tekjur fyrir hana. Nærtækt dæmi er Airwaves-hátíðin.

Á síðustu árum hefur verið vegið harkalega að tónlistarskólum landsins. Árið 2011 var gert samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um að standa straum af öllum kennslukostnaði tónlistarskóla, sem hefur ekki verið virt. Til að brúa bilið hafa margir tónlistarskólar þurft að hækka skólagjöld og skera niður. Þar með hefur tónlistarnám orðið of dýrt fyrir marga og skólastarf hefur laskast vegna viðvarandi fjárskorts. Vanræksla ráðamanna á þessu vandamáli er til skammar. Ofan á þetta bætast svo smánarleg kjör tónlistarkennara, sem nú hafa leitt til verkfalls. Sem fyrr sýna ráðamenn sveitarfélaganna (sérstaklega Reykjavíkurborgar) málefnum tónlistarnáms fullkomið virðingarleysi.

Ráðamenn finna strax fyrir áhrifum sem leiða af verkfalli leik- eða grunnskólakennara. Þá þurfa foreldrar að sinna börnum sínum á vinnutíma, sem hefur áhrif á afkomu atvinnurekenda – skammtímavandamál sem „verður” að leysa. Tónlistarkennarar hafa ekki slíkan slagkraft í sinni kjarabaráttu og það nýta ráðamenn sér miskunnarlaust. Vanræksla á rekstri tónlistarskóla og slæm kjör kennara skapa einnig alvarleg langtímavandamál, hvort sem um er að ræða kennara í leik-, grunn- eða tónlistarskóla. Þau leiða til verri menntunar barna, sem skilar sér seinna í fullorðnum einstaklingum sem eru verr þjálfaðir til að skapa, framkvæma og greina í samfélagi sem gerir sífellt meiri kröfur til þeirra um slíka hæfileika. Því miður fer lítið fyrir áhyggjum ráðamanna sveitarfélaganna af langtímaáhrifum þeirrar vanrækslu sem einkennt hefur rekstrargrundvöll tónlistarskólanna og kjör tónlistarkennara. Til marks um það eru m.a. viðbrögð þeirra við verkfalli FT.

### Óásættanlegt

En um hvað snýst verkfallið? FT er eini aðili KÍ sem enn er ósamið við. Laun tónlistarkennara hafa dregist verulega aftur úr launum annarra sambærilegra hópa á undanförnum árum. Í janúar 2008 voru laun 45 ára tónlistarkennara með 15 ára starfsreynslu (BA) 5% hærri en laun umsjónarkennara tvö í grunnskóla með sambærilega menntun og reynslu. Síðasta tilboð samninganefndar sveitarfélaga gerir ráð fyrir að laun tónlistarkennarans verði 16% lægri í janúar 2015 og 27% lægri í maí 2015. Það er með öllu óásættanlegt að félagsmönnum innan KÍ sé mismunað í launum eftir skólagerð. Það stríðir raunar gegn einu af megin samningsmarkmiðum Sambandsíslenskra sveitarfélaga, sem er að tryggja sambærileg laun fyrir sambærileg störf, óháð kynferði, búsetu eða stéttarfélagsaðild.

Skilaboðin frá ráðamönnum sveitarfélaga virðast vera þau að störf, menntun og reynsla tónlistarkennara séu minna virði en annarra kennara og stjórnenda. Ég skora á ráðamenn sveitarfélaganna að leiðrétta þennan misskilning og ganga þegar í stað frá mannsæmandi samningum við FT.

KIA | Ábyrgð fylgir!

Allt að 7 ára ábyrgð fylgir notuðum Kia*



**Kia Rio LX 1.4**
Árgerð 5/2013, ekinn 72 þús. km, dísel, 1396 cc, 90 hö, beinskiptur, eyðsla 4,1/100 km.
**2.190.000 kr.**



**Kia Sportage EX**
Árgerð 5/2013, ekinn 35 þús. km, dísel, 1995 cc, 136 hö, beinskiptur, fjórhjóladrifinn, eyðsla 6,9/100 km.
**4.990.000 kr.**



**Kia Sorento EX Luxury**
Árgerð 5/2012, ekinn 76 þús. km, dísel, 1853 cc, 198 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn, eyðsla 6,7/100 km.
**5.450.000 kr.**



**Kia Carens EX**
Árgerð 3/2014, ekinn 8 þús. km, dísel, 1685 cc, 136 hö, sjálfskiptur, eyðsla 6,0/100 km.
**4.990.000 kr.**

*Ábyrgð er í 7 ár frá skráningardegi bifreiðar

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR
www.notadir.is

Klettháls 2
110 Reykjavík
590 2160

Opnunartímar:
Virka daga 10–18
Laugardaga 12–16




# Besti smábíllinn - aftur...

> Ford Fiesta var valinn besti smábíllinn árið 2013 og nú aftur árið 2014 af sérfræðingum virta bílablaðsins Bilmagasinet.

Evrópubúar eru sammála þessari niðurstöðu því síðustu tvö ár hefur Ford Fiesta selst betur en nokkur annar smábíll í Evrópu. Hann höfðar jafnt til þeirra sem meta akstursánægju og þeirra sem velja sparneytni og öryggi. Komdu og prófaðu þennan snilldar bíl.

FORD **FIESTA**

BEINSKIPTUR
FRÁ **2.450.000** KR.

SJÁLFSKIPTUR
FRÁ **2.790.000** KR.

Ford

ford.is

50 ár í bílgreininni
brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.

Kynntu þér nánar mest selda smábíl Evrópu:
Hiti er í framsætum og 3,5 tommu upplýsingaskjár í mælaborði. Farangursrýmið er einstaklega rúmt (290 lítra). $CO_2$ gildin eru óvenju lág fyrir bensínvél og hann fær frítt í stæði í miðborg Reykjavíkur (bæði sjálfskiptur og beinskiptur). Ford MyKey, brekkuaðstoð og EasyFuel er staðalbúnaður. Öryggispúðarnir eru óvenju margir eða 7 talsins, þar af einn fyrir hné ökumanns. Sérstakt hitaelement er í miðstöð og er hann því mjög fljótur að hitna sem er afar hentugt á köldum vetrarmorgnum!
Ford Fiesta, bensín 65 hö, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,3 l/100 km. $CO_2$ 99 g/km.
Ford Fiesta, EcoBoost bensín 100 hö, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,9 l/100 km. $CO_2$ 114 g/km.
Ford Fiesta ST, EcoBoost bensín 182 hö, 6 gíra beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,9 l/100 km. $CO_2$ 138 g/km. Kraftaútgáfan Fiesta ST hefur nú þegar hlotið 22 alþjóðlegar viðurkenningar.
Tökum allar tegundir bíla uppí nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

# Örstutt um dreifikerfi RÚV

RÚV



**Gunnar Örn Guðmundsson**
yfirmaður tæknimála hjá RÚV

Ríkisútvarpið er eign allra landsmanna og það er því starfsfólki RÚV mikið kappsmál að eigendurnir – almenningur – hafi greiðan og góðan aðgang að dagskrá RÚV í sjónvarpi, útvarpi og á vef. Af þessum sökum hefur RÚV áratugum saman rekið eigið dreifikerfi. Dreifikerfið hefur verið byggt upp með ærnum tilkostnaði í marga áratugi af fámennri þjóð í víðáttumiklu og hrjóstrugu landi. Það er til marks um takmarkalitla bjartsýni Íslendinga að á sínum tíma hafi verið lagt upp í þessa metnaðarfullu vegferð en landsmenn hafa sannarlega uppskorið í samræmi við fjárfestinguna.

Þeir sem búa utan þéttbýlis og þeir sem ferðast um landið vita að útsendingar RÚV nást misjafnlega vel eftir landssvæðum en sífellt er unnið að þéttingu og úrbótum á hinu viðamikla dreifikerfi. Ætíð er kappkostað að bregðast við eins fljótt og auðið er þegar útsendingarbúnaður bilar, gjarnan vegna óveðurs en að auki er nú að störfum vinnuhópur sem vinnur heildstæða stefnumörkun til framtíðar í dreifingarmálum Ríkisútvarpsins. Hátæknibúnaður er ekki alltaf vel til þess fallinn að standa af sér íslenskan vetur og því eru tæknimenn ávallt í viðbragðsstöðu, undir það búnir að gera við búnað sem veturinn leikur grátt.

Um árabil hefur markmiðið verið að ná til a.m.k. 99,8% þjóðarinnar. Útsendingar Ríkisútvarpsins nást víða um land þar sem engar aðrar útsendingar nást. RÚV stenst þar ekki einungis samanburð við frændstöðvar í nágrannalöndum heldur gerir gott betur en þær. Að mati stjórnenda danska útvarpsins DR er til dæmis meira en nóg að ná til 97% Dana og má þó vera nokkuð ljóst að þar er kostnaðurinn við dreifikerfið umtalsvert minni en hér á landi, þar sem Danmörk er minni og landslagið ekki hindrun fyrir útsendingarmerkið. Útvarpsgjaldið sem innheimt er á hvern íbúa í Danmörku er þó svipað að krónutölu og óskert útvarpsgjald á Íslandi.

**➜ Dreifikerfi Ríkisútvarpsins hefur tvíþætt hlutverk, í fyrsta lagi að miðla þeirri fjölbreyttu dagskrá sem í boði er til landsmanna en auk þess er dreifikerfi RÚV mikilvægur hlekkur í almannavörnum þjóðarinnar.**

Dreifikerfi Ríkisútvarpsins hefur tvíþætt hlutverk, í fyrsta lagi að miðla þeirri fjölbreyttu dagskrá sem í boði er til landsmanna en auk þess er dreifikerfi RÚV mikilvægur hlekkur í almannavörnum þjóðarinnar. Dreifikerfi Ríkisútvarpsins er gríðarlega víðfeðmt, með tæplega tvö hundruð FM-sendum, tveimur langbylgjusendum, hátt í hundrað sjónvarpssendum, gervihnattarútsendingum auk nýs stafræns dreifikerfis. Til þess að ná jafnstórum hluta landsmanna og RÚV stefnir að þarf þetta til. Hlutar þessa kerfis eru hins vegar komnir til ára sinna og tækninni hefur fleygt fram. Vegna þessa stendur RÚV nú ásamt Vodafone fyrir uppbyggingu stafræns dreifikerfis fyrir sjónvarp, þar sem RÚV getur sent tvær sjónvarpsrásir auk tveggja útvarpsrása í því dreifikerfi í betri gæðum en hingað til hefur þekkst. Gert er ráð fyrir að þessum kafla uppbyggingar dreifikerfisins ljúki fyrir áramót. Þessu til viðbótar er nú að störfum vinnuhópur sem á að móta heildstæða framtíðarstefnu um frekari uppbyggingu dreifikerfisins. Með þessu er stigið stórt skref og almenningi boðin betri þjónusta en verið hefur.

Til þess að tryggja þjónustu við landsmenn sem treysta ekki síst á RÚV þegar mikið liggur við er þó ljóst að Ríkisútvarpið þarf áfram að verja dágóðum hluta tekna sinna af útvarpsgjaldinu í viðhald og frekari uppbyggingu dreifikerfisins. Þessu verki lýkur aldrei – alltaf má gera betur.

FUDGE
Þú kemst fljótt að!
FUDGE
...en þú getur líka pantað tíma
FUDGE



FUDGE
FUDGE
Rakarastofan Klapparstíg
FUDGE
FUDGE
S: 551 3010

LYFJA
– Lifið heil
www.lyfja.is
Lægra verð í Lyfju





Now D-vítamín
Rannsóknir sýna að D-vítamín spilar mikilvægt hlutverk í virkni ónæmiskerfisins og sem vörn gegn flensu. Hágæða D3-vítamín í olíubasa sem tryggir hámarks nýtingu.
20% afsláttur
Gildir til 17. nóvember.

# Miðaldahús í Skálholt?

SKIPULAG



**Hjalti Hugason**
prófessor við guðfræðideild HÍ

Fyrir fáeinum árum fóru fjárfestar á flot með hugmyndir um byggingu „miðaldakirkju“ í Skálholti. Þessi kirkja skyldi þó ekki þjóna sem guðshús eins og miðaldakirkjurnar vissulega gerðu. Heldur vera umgjörð fyrir ferðaþjónustu er öðlast skyldi menningarlega tengingu á grundvelli þeirrar sögu sem Skálholt geymir. Mörgum – m.a. þeim er þetta ritar – uxu þessi áform í augum. Þótti ýmsum blasa við að bygging á stærð við miðaldadómkirkjurnar mundi breyta staðarmyndinni til mikilla muna og erill í kringum hana að líkindum bera kirkjulegt starf á staðnum ofurliði. Það var því léttir þegar hætt var við áformin.

## Uppvakningur á kirkjuþingi

Það urðu því vonbrigði er í ljós kom að sömu athafnamenn höfðu ásamt fráfarandi kirkjuráði og fleirum endurvakið fyrri hugmyndir en nú ef til vill í lítið eitt breyttri mynd. Í stað „miðaldakirkju“ var nú rætt um menningarhús í miðaldastíl.

Meðan stefnt var að byggingu miðaldakirkju var vissulega unnt að taka grundaða afstöðu til hugmyndarinnar. Nokkur þekking er til staðar um stærð, stíl og aðra gerð þeirra kirkna sem stóðu í Skálholti á miðöldum og til er tilgátulíkan að þeirri sem ugglaust hefur verið mikilfenglegust þótt vissulega sé það byggt á heimildum um fleiri en eina kirkju. Svo er ekki um menningarhús í miðaldastíl. Nú getur vissulega verið að þar sé aðeins um að ræða nýtt vinnuheiti á áformunum sem áður voru nefnd. Svo þarf þó ekki að vera en þá vakna líka margar spurningar: Hversu stórt á menningarhúsið að vera? Hvaða menningu er því nákvæmlega ætlað að miðla og hvernig? Og loks má spyrja: Hvað er miðaldastíll?

## Samþykkt kirkjuþings

Á kirkjuþingi í október sl. fór fráfarandi kirkjuráð fram á að þingið samþykkti meginhugmyndir svonefnds Samráðsvettvangs um uppbygginguferðaþjónustu á Skálholtsstað en það er starfshópur ýmissa kirkjulegra aðila og fjárfesta í ferðaþjónustu. Auk þess fór ráðið fram á að nýju kirkjuráði yrði veitt umboð kirkjuþings til að fylgja málinu eftir með hagsmuni Skálholtsstaðar í huga.

Kirkjuþing gekk ekki að þessum kostum líkt og ráða mætti af frétt í Mbl. 1. nóvember sl. Þvert á móti samþykkti þingið eftirfarandi ályktun:

„Kirkjuþing hefur kynnt sér meginhugmyndir viljayfirlýsingar um verkefnið SAMFERÐ – Samráðsvettvangur um uppbyggingu ferðaþjónustu í Skálholti.

Kirkjuþing styður áform um uppbyggingu Skálholtsstaðar sem eflt getur kirkjulegt starf á staðnum. Kirkjuþing felur kirkjuráði að fylgja málinu eftir og gæta hagsmuna Skálholtsstaðar í hvívetna. Kirkjuráð hafi sérstaka hliðsjón af lögum frá 1963 um heimild handa ríkisstjórninni til þess að afhenda þjóðkirkju Íslands Skálholtsstað.

Þegar áætlanir liggja fyrir verði þær teknar til umfjöllunar á kirkjuþingi áður en til bindandi ákvarðana komi.“

Af þessu er ljóst að kirkjuþing, æðsta stjórn þjóðkirkjunnar, hefur áskilið sér rétt til að hafa síðasta orðið um uppbyggingu ferðaþjónustu í Skálholti. Því er ljóst að ábyrgð þess í málinu er mikil. Einnig hefur það undirstrikað að kirkjulegt starf á staðnum skuli hafa forgang við uppbygginguþar.

## Hvers ber að gæta?

Nú þegar sækja fjölmargir ferðamenn Skálholt heim og svo verður áfram. Þjóðkirkjunni, eiganda jarðarinnar, ber einni eða í samvinnu við aðra að sjá til þess að staðurinn geti tekið á móti þessum gestum og að þeir finni sig velkomna. Hins vegar þarf kirkjuþing að marka stefnu um hvort ástæða sé til að stórauka ferðamannastraum á staðinn frá því sem nú er en að því hljóta áform um miðaldabyggingu eða -byggingar á staðnum að miða. Því verður að gæta ýtrustu varfærni um staðsetningu allra nýframkvæmda þannig að þær raski ekki fornleifum og öðrum sögulegum minjum á staðnum, brengli ekki núverandi staðarmynd sem er samstæð og stílhrein og þrengi ekki að kirkjulegu starfi á staðnum sem þarfnast kyrrðar og næðis. Þá þarf að marka stefnu um hvers konar rekstur hugsanlega í samkeppni við ýmsa nágranna staðarins skuli byggður upp í Skálholti.

**➜ Nú getur vissulega verið að þar sé aðeins um að ræða nýtt vinnuheiti á áformunum sem áður voru nefnd. Svo þarf þó ekki að vera en þá vakna líka margar spurningar: Hversu stórt á menningarhúsið að vera? Hvaða menningu er því nákvæmlega ætlað að miðla og hvernig? Og loks má spyrja: Hvað er miðaldastíll?**

Verði fyrr eða síðar gengið til samvinnu við fjárfesta í ferðaþjónustu um einhvers konar byggingar í miðaldastíl í Skálholti er líka ljóst að kirkjuþing hlýtur að bera endanlega ábyrgð á að faglega og fræðilega verði rétt að öllum framkvæmdum staðið og að starfsemin rúmist innan marka þeirra laga sem sett voru er ríkið afsalaði sér Skálholti og fól það þjóðkirkjunni til eignar.

Með samþykkt sinni á dögunum hefur kirkjuþing sýnt að það ætlar að stíga varlega til jarðar í málinu og taka sjálft af skarið um ráðstöfun á Skálholtstað til framtíðar. Þess er hér með óskað að það verði gert fyrir opnum tjöldum og að undangenginni víðtækri umræðu. Hér með er skorað á alla velunnara Skálholts að taka virkan þátt í henni.

# Konur og börn á flótta

JAFNRÉTTI



**Kristín Ástgeirsdóttir**
framkvæmdastýra Jafnréttisstofu

Á næsta ári verða tuttugu ár liðin frá kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna sem haldin var í Peking í Kína haustið 1995. Sú ráðstefna markaði tímamót en þar var samþykkt stórmerk yfirlýsing og aðgerðaáætlun í 12 köflum sem síðan hefur verið fylgt fast eftir af Kvennanefnd Sameinuðu þjóðanna. Dagana 6.-7. nóvember síðastliðinn var haldinn fundur Evrópuríkja, USA, Kanada og Ísrael í Genf til að undirbúa 20 ára afmælið. Dagana á undan fundaði fjöldi félagasamtaka en því miður voru engir fulltrúar frá Íslandi þar á meðal. Fundurinn sendi frá sér ítarlega ályktun sem kynnt var fyrir opinberu sendinefndunum.

Á ráðstefnunni var farið yfir stöðu mála með dæmum frá einstökum ríkjum, t.d. um það hvernig gengur að brúa kynjabilið með efnahagslegum og félagslegum aðgerðum, hlut kvenna á þjóðþingum og við ákvarðanatöku almennt, aðgerðir til að draga úr ofbeldi gegn konum, stjórnarhætti og kynjaréttlæti (e. gender justice) og loks hvernig við getum þróað sjálfbær samfélög kynjajafnréttis og almennrar þátttöku allra.

Umræður voru upp og ofan og sannast að segja er stundum erfitt að taka mark á þjóðum sem fegra allt og sneiða hjá mikilvægum málum. Það vakti athygli mína hversu lítið var minnst á ófrið og ógnanir sem er að finna bæði innan Evrópu og við bæjardyrnar. Það eru mjög viðkvæm mál en þau allra mikilvægustu. Án friðar verður ekkert kynjajafnrétti! Norðurlöndin fluttu sameiginlega yfirlýsingu (flutt af Rósu G. Erlingsdóttur) þar sem sérstök áhersla var lögð á kynheilbrigði kvenna eða með öðrum orðum rétt kvenna til að ráða yfir eigin líkama. Það er ekki að ástæðulausu að lögð er áhersla á þessi mál. Tíðar og ótímabærar barneignir, mæðradauði, barnagiftingar, þvingaðar giftingar, limlestingar á kynfærum kvenna, skortur á kynfræðslu og kynferðisofbeldi kemur allt of víða í veg fyrir eðlilegt líf, framfarir og jafnrétti kynjanna. Líka í Evrópu.

## Ofbeldi í flóttamannabúðum

Það sem vakti þó mesta athygli mína og skilur mest eftir er hliðarviðburður undir stjórn Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur sem fjallaði um flóttamannavandann í Tyrklandi, einkum stöðu kvenna og barna. Tyrkir hafa tekið á móti um 1,6 milljón flóttamanna frá Sýrlandi. 75% þeirra eru konur og börn. Borgarstýran í Gaziantep sem hýsir 300.000 flóttamenn sagði frá því gríðarlega álagi sem þetta er á borgina og bað um hjálp. Sama gerði fulltrúi Flóttamannahjálpar SÞ. Það þarf að útvega tjöld, mat, lyf, vatn, skóla, heilsugæslu, sálfræðiaðstoð, koma upp gæslu o.fl., o.fl. Börnin hafa mörg hver upplifað loftárásir, séð fólk skotið til bana á götunum og lent á vergangi og flótta, með eða án ættingja sinna. Þau og mæður þeirra þjást af áfallastreitu.

**➜ Það vakti athygli mína hversu lítið var minnst á ófrið og ógnanir sem er að finna bæði innan Evrópu og við bæjardyrnar. Það eru mjög viðkvæm mál en þau allra mikilvægustu.**

Það er vel þekkt að mikið ofbeldi á sér stað í flóttamannabúðum, þar er mikil spenna og vanlíðan sem brýst út í ofbeldi. Glæpamenn ræna börnum til að selja í vændi o.s.frv. Sýrlenskar konur sem gert hafa myndbönd til að vekja athygli á stöðu sinni og þjóðar sinnar biðja um frið og að fá tækifæri til að byggja land sitt upp að nýju. Eins og er virðist langt í friðinn. Ef eitthvað er þá eru átök að aukast á svæðinu og flóttamenn aftur farnir að streyma frá Írak. Það verður að reisa friðarfánana að nýju og reyna að stöðva átökin, ekki að magna þau í þágu vopnasalanna. Við hljótum að spyrja okkur hvað við getum gert til að aðstoða og til að hvetja til friðar. Við getum stutt Flóttamannastofnunina, UNICEF, UN Women og önnur samtök sem eru komin til aðstoðar. Við getum líka sent fólk á svæðið ef þess er þörf. Fulltrúar Íslands verða að beita sér í þágu friðar hvar sem því verður við komið. Ég segi enn og aftur: án friðar verður ekkert kynjajafnrétti og ekkert réttlæti.




# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 12. nóvember 2014 | 31. tölublað | 10. árgangur
Sími: 512 5000 | vísir www.visir.is

FINGRAFÖRIN OKKAR ERU ALLS STAÐAR!
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN

## KALLAÐ Á FASTGENGI OG LÆGRI VEXTI

- Innistæða er sögð fyrir meiri lækkun
- Þeim fjölgar um helming sem telja vexti of háa
- Ein lækkun skiptir ekki sköpum.

SÍÐA 4



Fréttablaðið/Pjetur

## Vilja samstöðu um aðgerðir

Samstöðu þarf um leiðir út úr efnahags- og trúverðugleikavanda þjóðarinnar, að því er fram kom á ársfundi peningamálafundi Viðskiptaráðs Íslands. Afnám hafta er það viðfangsefni hagstjórnarinnar sem líklegast er til að halda fyrir þeim vöku sem áhyggjur hafa af framhaldinu. Þótt hér hafi verið náð ákveðnu jafnvægi í hagkerfinu og lágri verðbólgu í lengri tíma þá er staðan sögð afar brothætt. Stöðugleikinn hangir saman á höftunum, segir Ásgeir Jónsson hagfræðingur. ➜ SÍÐA 6

## Jör notast við hópfjármögnun

Eigendur tískuvörumerkisins og verslunarinnar Jör eru nú að ljúka hlutafjáraukningu sem á að tryggja áframhaldandi rekstur fyrirtækisins við Laugaveg. Hlutaféð er aukið með hópfjármögnun.



„Þetta er ekki alveg komið á hreint en þessi hópur mun eiga lítinn hlut í Jör og þetta er hugsað til þess að styrkja reksturinn hér heima en ekki til útrásar eða eitthvað slíkt,“ segir Gunnar Örn Petersen, framkvæmdastjóri Jör. ➜ SÍÐA 2

## Undirbýr jólavertíð í 9 löndum

„Við erum í 25 verslunum hér á landi og í átta öðrum löndum, þar á meðal í tuttugu verslunum í Bretlandi, og því fer mikið af minni vinnu nú í að koma sendingum í verslanir og passa að allar hillur séu fullar fyrir jólin,“ segir Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri og einn eigenda Tulipop.

Fyrirtækið hlaut nýverið þrenn verðlaun á Junior Design Awards í Bretlandi þar sem athygli er vakin á framúrskarandi hönnunarvörum fyrir börn. ➜ SÍÐA 8

STJÓRNARMAÐURINN
@stjornarmadur

**Skuldaleiðréttingin er holdgervingur þjóðfélags sem spólar fast, og stjórnmálalífs þar sem 180 gráða kúvending verður með hverjum stjórnarskiptum.** ➜ SÍÐA 12



# Eðlileg ávöxtunarkrafa gagnvart „Íslandi hf.“?

## Skjóðan

**Á MORGUNVERÐARFUNDI** Arion banka á dögunum kom fram að skuldsetning atvinnufyrirtækja hefur dregist hratt saman og eiginfjárhlutfallið nálgast 40 prósent og hefur ekki verið hærra í áratug. Að mati Arion banka er langstærstur hluti íslenskra fyrirtækja nú með það rúma fjárhagsstöðu að hann gæti vandalaust ráðist í fjárfestingar.



**SAMKVÆMT** úttekt greiningardeildar Arion banka hefur efnahagsreikningur fyrirtækja dregist saman m.a. vegna þess að fjárfestingar hafa verið minni en afskriftir, aðstæður hér á landi séu til fyrirmyndar, aðeins hafi tekið fimm ár að vinda ofan af of skuldsettum einkageira, og „Ísland hf.“ sé við bestu heilsu.

**EN ER ÞETTA** alls kostar rétt? Eru rekstraraðstæður svona góðar á Íslandi? Hér eru gjaldeyrishöft, sem takmarka erlenda fjárfestingarkosti og hindra aðgang að erlendri fjármögnun. Ef fasteignaverð og þróun verðlags á opinberri þjónustu er tekið út fyrir sviga er verðhjöðnun hér á landi um þessar mundir og verðhjöðnun er talin slík ógnun við efnahagsstöðugleika að stýrivextir eru víðast hvar komnir niður undir núllið í nágrannalöndum okkar. Sænski seðlabankinn lækkaði t.d. stýrivexti niður í 0 prósent til að reyna að afstýra verðhjöðnun þar í landi.

**GREININGARDEILD** Arion banka telur vexti hér á landi vera lága út frá sögulegu samhengi þrátt fyrir að raunvextir séu nú hærri en verið hefur um árabil, jafnvel þrátt fyrir nýlega vaxtalækkun Seðlabanka Íslands.

**FRAM KOM Á** fundinum að ein ástæða minnkandi skuldsetningar íslenskra fyrirtækja er sú að lítill sem enginn munur sé nú á ávöxtunarkröfu eigin fjár og skulda. Er það eðlilegt ástand í landi sem lokað er í gjaldeyrishöftum, þjáist af lítilli opinberri fjárfestingu og horfir fram á mögulega verðhjöðnun?

**EIGIÐ FÉ ER** áhættusamasti hluti fjármögnunar fyrirtækja og mætir afgangi við uppgjör t.d. þrotabúa. Fyrst eru skuldirnar greiddar og svo eigið fé ef einhver er afgangurinn. Þess vegna er gerð mun ríkari ávöxtunarkrafa til eigin fjár en skulda.

**ÞEGAR** munur á ávöxtunarkröfu milli skulda og eigin fjár hverfur bendir það til að verðlagning annars hvors sé röng; eigið fé selt of ódýrt eða skuldir of dýru verði. Í ljósi þess að fjárfesting í íslensku atvinnulífi er hverfandi og fyrirtæki kjósa fremur eigið fé en skuldsetningu þegar ráðist er í fjárfestingu er nokkuð ljóst að það eru skuldirnar, sem eiga að skila allt of mikilli ávöxtun á Íslandi. Allt of háir vextir halda aftur af fjárfestingu, verðmætasköpun og atvinnuuppbyggingu – halda aftur af lífskjörum Íslendinga í bráð og lengd.

**SKJÓÐAN** er frekju- og leiðindaskjóða, sem lætur ekkert mannlegt sér óviðkomandi.

## Gengi félaga í Kauphöll Íslands

**7 Á UPPLEIÐ** Félög sem hækkuðu í verði

**5 Á NIÐURLEIÐ** Félög sem lækkuðu í verði

**2 STÓÐU Í STAÐ** Félög sem stóðu í stað

**MESTA HÆKKUN**

**ÖSSUR** 59,4% frá áramótum

**FJARSKIPTI** 9,7% í síðustu viku

**MESTA LÆKKUN**

**TM** -23,2% frá áramótum

**BANK NORDIC** -2,3% í síðustu viku

### Aðallisti Kauphallarinnar | Nasdaq OMX Iceland

| Félag | Gengi í gær | Frá áramótum | Vikubreyting |
|---|---|---|---|
| Bank Nordic (DKK) | 106,5 | -18,1% | -2,3% |
| Eimskipafélag Íslands | 222,50 | -15,1% | -0,2% |
| Fjarskipti (Vodafone) | 34,60 | 27,0% | 9,7% |
| Hagar | 41,90 | 9,1% | -0,4% |
| HB Grandi* | 29,95 | 8,1% | 0,2% |
| Icelandair Group | 18,35 | 0,8% | 0,5% |
| Marel | 122,50 | -7,9% | 0,0% |
| N1 | 19,43 | 2,8% | -0,4% |
| Nýherji | 5,75 | 57,5% | 0,0% |
| Reginn | 14,30 | -8,0% | -0,8% |
| Sjóvá* | 12,04 | -10,8% | 0,3% |
| Tryggingamiðstöðin | 24,60 | -23,2% | 0,4% |
| Vátryggingafélag Íslands | 8,37 | -22,4% | 2,1% |
| Össur | 365,00 | 59,4% | 1,4% |
| **Úrvalsvísitalan OMXI8** | 1.197,43 | -4,9% | -0,2% |

### First North Iceland

| Félag | Gengi í gær | Frá áramótum | Vikubreyting |
|---|---|---|---|
| Century Aluminum | 2.500,00 | 117,4% | 0,0% |
| Hampiðjan | 20,20 | 52,5% | 0,0% |
| Sláturfélag Suðurlands | 1,33 | 9,0% | 0,0% |

*upphafsverð m.v. útboð í apríl

## Dagatal viðskiptalífsins

keldan dagatal viðskiptalífsins

**FIMMTUDAGUR 13. NÓVEMBER**
Hagstofan - Gjaldeyrisforði og tengdir liðir
VÍB - Fræðslufundur um fjármál
Apple

**FÖSTUDAGUR 14. NÓVEMBER**
Vinnumálastofnun - Atvinnuleysistölur fyrir október
Hagstofan - Fiskafli í október 2014

**MÁNUDAGUR 17. NÓVEMBER**
Hagstofan - Samræmd vísitala neysluverðs

**ÞRIÐJUDAGUR 18. NÓVEMBER**
Arion banki - Uppgjör 3. ársfjórðungs
Þjóðskrá - Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu
Hagstofan - Verðmæti sjávarafla janúar-ágúst 2014

**MIÐVIKUDAGUR 19. NÓVEMBER**
Hagstofan - Vinnumarkaður í október 2014
Þjóðskrá - Upplýsingar um leiguverð íbúðarhúsnæðis

*Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir*

# Rekstur Jör styrktur með hópfjármögnun

***Hlutafé Jör hefur verið aukið með hópfjármögnun sem á að tryggja áframhaldandi rekstur fyrirtækisins. Fjárfestar fá inneign í versluninni og lítinn hlut í Jör. Stækkaði miklu hraðar en áætlað var.***

**VERSLUN**

**Haraldur Guðmundsson** | haraldur@frettabladid.is

Eigendur tískuvörumerkisins og verslunarinnar Jör eru nú að ljúka hlutafjáraukningu sem á að tryggja áframhaldandi rekstur fyrirtækisins við Laugaveg. Hlutaféð er aukið með hópfjármögnun (e. crowdfunding) þar sem viðskiptavinum Jör er boðið að fjárfesta og fá í staðinn inneign í versluninni og lítinn hlut í fyrirtækinu. „Þetta er ekki alveg komið á hreint en þessi hópur mun eiga lítinn hlut í Jör og þetta er hugsað til þess að styrkja reksturinn hér heima en ekki til útrásar eða eitthvað slíkt,“ segir Gunnar Örn Petersen, framkvæmdastjóri Jör.

„Þetta eru kúnnar hjá okkur og hver fjárfesting hleypur á hundruðum þúsunda en ekki meira en það,“ segir Gunnar spurður hversu mikið fjármagn hafi fengist í hlutafjáraukningunni. Hann og Guðmundur Jörundsson fatahönnuður stofnuðu fyrirtækið í október 2012 og opnuðu verslunina við Laugaveg í apríl 2013. Þeir eiga 87,5 prósent í fyrirtækinu en hin 12,5 prósentin eru skráð á Eyju fjárfestingafélag ehf. sem er í eigu fjárfestanna Eyglóar Bjarkar Kjartansdóttur og Birgis Þórs Bieltvedt.




**HÁTÍSKA** Guðmundur Jörundsson fatahönnuður er maðurinn á bak við vörumerkið Jör. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**GUNNAR PETERSEN**

„Við stækkuðum frekar hratt, raunar miklu hraðar en við höfðum áætlað. Þessi fjármögnun, ásamt öðrum þáttum eins og því að við erum búnir að hagræða í rekstri og fá mikla reynslu á þessum tveimur árum, var lykilatriði í því að við gátum haldið áfram,“ segir Gunnar.

„Við erum ekki að fá inn fjármagn til að fara í einhverjar stórar fjárfestingar heldur til að panta birgðir og leggja grunninn að því að geta jú jafnvel farið út til að taka þátt í sölusýningum.“

Gunnar og Guðmundur höfðu átt í viðræðum við aðra fjárfesta um aðkomu þeirra að fyrirtækinu þegar ákvörðunin um að fara í hópfjármögnunina var tekin. „Það er mjög tímafrekt ferli og getur endað á hvorn veginn sem er. Því ákváðum við að fara í hópfjármögnunina, þar sem við gátum haft stjórn á ferlinu, og höfðum samband við þá aðila sem hafa bæði verslað hjá okkur og við vissum að væru áhugasamir. Þetta var góður skóli sem inniklar fleiri í þetta fyrirtæki,“ segir Gunnar.

Stefnan er að hans sögn sett á að koma vörum Jör í verslanir erlendis og á tískusýningar.

„Draumurinn er svo að geta opnað verslanir erlendis. Það eru því mjög spennandi tímar fram undan.“

Keyrðu upp afköstin með frábærum vinnufélögum



P2314H
OPTIPLEX 9020SF#04

DELL The power to do more

Tölva: 144.990 kr.
Skjár: 38.990 kr.

advania.is/vinnufelagar
Hafðu samband í síma 440 9010 eða í tölvupósti á sala@advania.is

advania Welcome to IT

*Sérverð, gildir meðan birgðir endast.


HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 14-2477
Kóngur í ríki sínu
Tækninýjungar, kraftur og sparneytni einkenna glæsilegan Mercedes-Benz GL-Class. Hann setur ný viðmið í öryggismálum og dráttargetan er upp á 3.500 kg. Þessi einstaki lúxusjeppi er búinn hinu háþróaða 4MATIC aldrifskerfi, ESP stöðugleikastýringu og spólvörn sem tryggir framúrskarandi aksturseiginleika og aukinn stöðugleika í vetrarfærðinni. Hann eyðir frá 7,1 l/ 100 km í blönduðum akstri.
Hjá Öskju á Krókhálsi 11 bíður þín glæsilegur GL-Class til sýnis og reynsluaksturs.
Mercedes-Benz GL-Class 350 BlueTEC með
4MATIC aldrifsbúnaði og 7 þrepa sjálfskiptingu.
Verð frá 15.290.000 kr.
Mercedes-Benz
ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi
Þú finnur „Mercedes-Benz Ísland“
á Facebook

# Innistæða fyrir frekari lækkun vaxta

***Seðlabankinn lækkaði vexti í síðustu viku í fyrsta sinn í tvö ár. Framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins býst við frekari lækkun vaxta. Forseti ASÍ segir þessa einu lækkun ekki skipta sköpum. Hann telur óraunhæft að fjármagnshöft verði afnumin á næstu árum. Því sé rétt að taka upp fastgengisstefnu og lækka vextina umtalsvert.***

**FRÉTTASKÝRING**

**Jón Hákon Halldórsson** | jonhakon@frettabladid.is

Um þrír fjórðu hlutar svarenda í skoðanakönnun sem Seðlabanki Íslands gerði 29.-31. október á meðal markaðsaðila á skuldabréfamarkaði telja að taumhald peningastefnunnar sé of þétt eða allt of þétt. Þetta er aukning um fimmtíu prósent frá ágústkönnun bankans.

Á sama tímabili hefur hlutfall þeirra sem töldu taumhaldið hæfilegt lækkað úr 68 prósentu, í tæplega 24 prósent. Seðlabankinn lækkaði vexti á veðlánum til sjö daga, stýrivexti, um 0,25 prósentustig á miðvikudag í síðustu viku. Það var í fyrsta sinn í tvö ár sem bankinn breytir stýrivöxtum. Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, fagnar lækkuninni. Þetta þýði að vaxtakostnaður af óverðtryggðum lánum heimila muni minnka og ráðstöfunartekjur aukast sem því nemur. „Sama fyrir atvinnulífið, þetta ætti að örva fjárfestingu og fjölga störfum að sama skapi,“ segir hann. Hann á von á frekari lækkunum í framtíðinni. Verðbólguvæntingar hafi verið að lækka. „Það sem er mjög áhugavert að sjá í því er að væntingar stjórnenda til eigin verðbreytinga eru mjög litlar,“ segir Þorsteinn. Stjórnendur búist við að verðlagið hjá þeim hækki um eitt prósent á tólf mánuðum. Þetta sé umtalsvert minna en verðbólguvæntingar Seðlabankans eru. „Það sem er helst að knýja verðbreytingar er húsnæðisliðurinn,“ segir Þorsteinn og bendir á að enn sé gert ráð fyrir því að húsnæðið sé að hækka um 5-8 prósent á ári.

„Ef verðbólga heldur áfram að vera á því bili sem hún hefur verið á, í kringum tvö prósent, þá ætti að vera svigrúm til umtalsverðrar lækkunar til viðbótar. Þetta er þá vonandi bara fyrsta skrefið af nokkrum hjá Seðlabankanum. Stærsti óvissuþátturinn sem bankinn bendir á eru kjarasamningarnir fram undan. Þannig að það er kannski viðbúið að hann stígi varlega til jarðar þar til niðurstaðan í þeim viðræðum liggur fyrir. En ef það auðnast að lenda skynsamlegri niðurstöðu þar í febrúar þá verði bankinn reiðubúinn til að stíga hröð og ákveðin skref til frekari vaxtalækkunar í framhaldinu,“ segir Þorsteinn.

Hann segir að raunvaxtastigið sé allt of hátt ef horft sé til hagkerfis sem sé í mjög góðu jafnvægi í augnablikinu. „Hagvöxturinn er ekki of mikill og það er ekki að sjá of mörg þenslueinkenni ennþá á hagkerfinu. Þannig að ég myndi telja fullt svigrúm fyrir frekari stýrivaxtalækkanir,“ segir hann.



**ÞORSTEINN VÍGLUNDSSON**



**JÓN STEINSSON**

Jón Steinsson, dósent í hagfræði við Columbia-háskóla í Bandaríkjunum, telur að svigrúm sé fyrir bankann að hreyfa stýrivextina meira en gert er. „Ég gagnrýndi bankann á sínum tíma fyrir að hækka vextina ekki meira þegar verðbólga var að hækka fyrir nokkrum árum. Hann hækkaði vexti eitthvað en miklu minna en verðbólgan hækkaði, svo raunvextir voru að lækka á þeim tíma. Ég hafði áhyggjur af því að það gæti undið upp á sig, sem það gerði svo ekki. Svo gerist það náttúrlega líka á hinn veginn að þegar verðbólga fer að lækka þá fylgja þeir ekki eftir,“ segir Jón.

Þetta þýði að aðhald peningastefnunnar hafi aukist að undanförnu eftir því sem verðbólgan hafi verið að lækka. „Aðhaldið hefur verið talsvert mikið. Mér finnst einmitt vera kominn tími til að þeir lækki vexti og mér hefði fundist að þeir ættu að gera það fyrr,“ segir Jón. Bankinn hreyfi ekki vextina í samræmi við verðbólguna. „Sem hefur svo sem gengið ágætlega fram að þessu, en er ekki það sem fræðin kalla á. Fræðin kalla á það að seðlabankinn breyti vöxtunum meira en einn fyrir einn, þegar verðbólgan hreyfist. Seðlabankinn hefur ekki gert það undanfarin ár,“ segir Jón. Það sé ekki hægt að gagnrýna árangurinn, því ágætlega hafi tekist að halda verðbólgu í skefjum. „En maður samt staldrar við í þeirra strategíu. Ég svona hvet þá til að hreyfa þessa vexti aðeins meira en þeir hafa verið að gera,“ segir Jón.

Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri Alþýðusambands Íslands, segir að lækkunin í síðustu viku hafi ekki verið mikil, en þróun verðlags til langs tíma skipta máli. Í nýjustu Peningamálum Seðlabankans kemur fram að meðalársverðbólga til fimm ára verði 3,5 prósent en verðbólga eftir fimm ár fjögur prósent. „Það sem mestu máli skiptir, og við erum alveg sammála Seðlabankanum í því, er að við þurfum að ná verðbólguvæntingum niður í lengri tíma. Því að þá munu vaxtakjör á markaði vegna húsnæðislána fara að lækka. Þau eru auðvitað allt of há. „Ég held að þessi lækkun skipti ekki sköpum en þetta er í fyrsta sinn í tvö ár sem bankinn breytir vöxtum,“ segir Gylfi. Hann segir að ASÍ telji betra að breyta peningamálastefnunni og taka upp formlega fastgengisstefnu. „Við erum ekki alveg að sjá forsendur fyrir því að það verði hægt að losa um þessi höft, í það minnsta ekki á allra næstu árum. Það er þá betra að nota höftin til að verja fastgengisstefnu og lækka vextina umtalsvert,“ segir hann.




**VAXTAÁKVÖRÐUN KYNNT** Viðmælendur Markaðarins telja að efni séu til þess að Seðlabankinn lækki vexti hraðar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Aðspurður segir Gylfi að ASÍ hafi ekki gefist rúm til að ræða þessi áherslumál við forystumenn ríkisstjórnarinnar. „Nei, það stóð til þegar við sömdum fyrir ári að setjast niður á einhverjum rökstólum um peningastefnuna og það hefur bara ekki verið gert. Það hefur svolítil áhrif í þessum undirbúningi að kjarasamningum núna að það eru að verða veikleikar í genginu. En ég veit ekki alveg hvernig það fer,“ segir hann.

Varðandi áhrif kjarasamninga á framtíðarákvarðanir Seðlabankans segir í yfirlýsingu peningastefnunefndar að ef launahækkanir í komandi kjarasamningum verði í samræmi við verðbólgumarkmið gætu skapast forsendur fyrir frekari lækkun nafnvaxta. Miklar launahækkanir og vöxtur eftirspurnar gætu hins vegar grafið undan nýfengnum verðstöðugleika og valdið því að hækka þurfi vexti á ný.

Gylfi segir að sér finnist það mjög skrýtið að Seðlabankinn sé alltaf að koma með þennan dóm þegar aðildarfélög Alþýðusambandsins séu að semja. „Þegar ríki og sveitarfélög breyttu kjarastefnunni hérna í vor, febrúar og mars, í samningum við kennara og háskólamenn þá mátti hver maður vita að það hefði eftirmál. Þá hefði maður kannski mátt búast við því að heyra í Seðlabankanum,“ segir Gylfi.

**MÁNAÐARLEGT MEÐALTAL NAFNSTÝRIVAXTA***




* Ísland, virkir stýrivextir – einfalt meðaltal óbundinna og bundinna innlánsreikninga fjármálafyrirtækja í Seðlabankanum



> **Við erum ekki alveg að sjá forsendur fyrir því að það verði hægt að losa um þessi höft, í það minnsta ekki á allra næstu árum.**
>
> Gylfi Arnbjörnsson



KREDITKORT




PREMIUM FYLGIR MEÐ

Njóttu fríðindanna sem fylgja Business Icelandair American Express®
og fáðu Premium einstaklingskort án endurgjalds.




Kynntu þér kostina á kreditkort.is




*Kortið sem kemur þér út*

AMERICAN EXPRESS®

Kortið er gefið út af Kreditkort í samræmi við veitta heimild frá American Express. American Express er skrásett vörumerki American Express.




**PALLBORÐIÐ** Fjörugar og beinskeyttar umræður um stöðu landsins og stefnu urðu í pallborði á peningamálafundi Viðskiptaráðs Íslands fyrir helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Samstíga skref þarf úr vandanum

***Samstöðu þarf um leiðir út úr efnahags- og trúverðugleikavanda þjóðarinnar. Afnám hafta er það viðfangsefni hagstjórnarinnar sem líklegast er til að halda fyrir þeim vöku sem áhyggjur hafa af framhaldinu. Hagfræðingar ræddu á fundi Viðskiptaráðs Íslands fyrir helgi stöðu og horfur í peningamálum þjóðarinnar.***

**EFNAHAGSMÁL**

**Óli Kristján Ármannsson**
olikr@frettabladid.is

„Lánshæfis- og fjármálakreppan er ekki búin, langt því frá,“ segir Ásgeir Jónsson hagfræðingur. Á peningamálafundi Viðskiptaráðs Íslands, sem fram fór fyrir helgi, virtust bæði frummælendur og þátttakendur í pallborði sammála um að þótt ákveðnum stöðugleika og árangri í viðreisn efnahagslífsins hafi verið náð hér á landi, þá væri sá árangur brothættur og framtíðin um margt óviss. Verðmætaaukning sem gæti staðið undir bættum lífskjörum og afnám gjaldeyrishafta eru ein stærstu verkefnin sem landið stendur frammi fyrir.



**ÁSGEIR JÓNSSON**

### Tíminn illa nýttur síðustu ár

Ásgeir benti á að bankakreppan hafi ekki verið leyst og að gjaldeyriskreppa landsins sé óleyst. „Það er náttúrlega tómt mál að tala um að afnema höftin nema ákveðin mál séu leyst fyrst. Snjóhengjan er umtöluð. Ekki er nóg með að erlendir aðilar eigi stöður hér í hagkerfinu, þeir eiga náttúrlega fjármálakerfið enn þá,“ sagði hann og kvað fjármálakerfið ekki enn hafa fengið framtíðarföt til að standa á. Eðlilegt ástand þurfi að komast á á fjármálamarkaði.

Ásgeir sagði að hér hefði gengið treglegar að vinna til baka glatað traust eftir efnahagshrun en til að mynda hefði verið tilfellið hjá Dönum og Svíum í þeirra þrengingum eftir hrun við upphaf tíunda áratugarins. Hjá þeim hefði tekið fimm til sex ár að vinna sig aftur upp á sama stað í lánshæfismati.

„Að einhverju leyti hefur tíminn síðustu þrjú fjögur ár ekki verið nýttur. Mér sýnist að frá því Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn fór hér úr landi hafi ekki mikið gerst,“ sagði Ásgeir. „Eins og staðan er núna erum við einhvern veginn föst í einhverju limbói.“ Lykilatriði í að ná tökum á ríkisfjármálum hafi verið að koma á gjaldeyrishöftum, þau hafi lækkað fjármögnunarkostnað ríkisins þrátt fyrir að lánshæfið hafi hrunið. „En stöðugleikinn sem við búum við hangir saman á höftunum.“

### Jafnvægið er brothætt

Regína Bjarnadóttir, forstöðumaður greiningardeildar Arion banka, benti á að hér hafi nú verið gjaldeyrishöft í sex ár og mikilvægt að einhver skref verði tekin sem fyrst í átt til losunar þeirra eða dregið á einhvern hátt úr óvissu hvað framtíð



**REGÍNA BJARNADÓTTIR**

## SUMIR GETA HÆKKAÐ MEIRA EN AÐRIR

Már Guðmundsson seðlabankastjóri notaði tækifærið á fundi Viðskiptaráðs fyrir helgi til að skýra skilaboðin við kynningu nýafstaðinnar stýrivaxtalækkunar varðandi tengsl vaxtabreytinga komandi missera og þess sem gerðist varðandi almenna launaþróun á vinnumarkaði.

„Til lengdar, en ekki endilega á hverjum tíma, ættu laun á vinnumarkaðnum í heild, en ekki endilega hjá sérhverjum hóp, að hækka sem nemur verðbólgumarkmiðinu að viðbættri framleiðniþróun. Hversu mikið það er ræðst þá af framleiðniaukningu,“ sagði Már og benti á að framleiðniaukning virtist lítil um þessar mundir, eða í kring um eitt prósent. „Það þýðir að svigrúm til launahækkana sem samrýmast verðbólgumarkmiði er, því samsvarandi, 3,5 prósent. Hvað það þýðir varðandi kjarasamninga fer eftir því hvað talið er fært í því að hemja launaskrið.“

Þetta sagði hann þó ekki útiloka að einstakir hópar gætu hækkað laun sín meira en þessu nemur. „En þá verða aðrir að sætta sig við að hækka minna og stundum geta verið rök fyrir því.“

### Slakinn horfinn á næsta ári

Þá skipti fleiri þættir máli, svo sem langtímasamband launa og verðbólgu. „Um einhverja hríð og jafnvel einhver ár geta laun hækkað meira án þess að ógna verðbólgumarkmiði, til dæmis ef hlutdeild launa í þjóðartekjum er óvenju lítil í framhaldi af kreppu og atvinnureksturinn er í færum til að taka hluta þeirra á sig. Það hefur að hluta til verið að gerast á síðustu árum.“ Í ár hafi líka lækkandi innflutningsverð í erlendri mynt og styrkara gengi stuðlað að lækkandi verðbólgu jafnvel þótt launahækkanir séu umtalsvert umfram samtölu verðbólgumarkmiðs og framleiðniaukningar.

Á næsta ári verði hins vegar slaki væntanlega horfinn úr þjóðarbúskapnum, hlutdeild launa í þjóðartekjum við eða yfir sögulegu meðaltali og forsendur frekari gengishækkunar ekki til staðar þar sem viðskiptaafgangur fari minnkandi og raungengi ekki lengur fyrir neðan það sem ætla megi að sé jafnvægisgengi. „Mismunandi hækkanir til mismunandi hópa geta eigi að síður átt sér stað standi aðstæður og vilji til þess.“

### Losun hafta er tvíeggjað sverð

Sömuleiðis kom fram í máli Más á fundinum að ekki væri raunhæft að reikna með bættu lánshæfismati landsins í bráð. „En ef okkur tekst að varðveita stöðugleika og hagvöxt á nýju ári á sama tíma og það sést að árangursrík skref til losunar fjármagnshafta sem samrýmast stöðugleika og trausti eru að minnsta kosti hafin, ættu forsendur fyrir hærra lánshæfismati að batna umtalsvert,“ sagði hann jafnframt.

Már rifjaði upp að lánshæfismat ríkisins og bankanna í kjölfarið hafi risið hátt á árunum fyrir hrun. „Kannski hærra en innstæða var fyrir og okkur var hollt.“ Þrátt fyrir mikla lækkun í kjölfarið hafi að mestu tekist að halda matinu í neðstu tröppu fjárfestingarflokks. „Það að halda Íslandi í fjárfestingarflokki á þessum árum kostaði mikla vinnu og barning en önnur lönd sem á undanförnum árum þurftu að leita til AGS misstu öll einkunn sína niður fyrir fjárfestingarflokk hjá Moody's og S&P. Sum þeirra hafa þó síðan náð að rísa hraðar upp einkunnastigann en Ísland,“ bætti Már við.

Skýrslur matsfyrirtækjanna sagði Már bera með sér hvaða hlutir skiptu máli hvað varðaði bætt lánshæfismat ríkisins (sem þá aftur gæti rutt brautina fyrir bankana). „Þar má nefna áframhaldandi lækkun skulda hins opinbera og staðfestu í hagstjórn sem varðveitir stöðugleika í gegnum áframhaldandi uppsveiflu.“

Losun gjaldeyrishafta sagði hann líka gnæfa hátt en verkefnið kynni að vera tvíeggjað sverð. „Árangursrík skref til losunar sem raska ekki stöðugleika munu hafa jákvæð áhrif en röskun efnahagslegs og fjármálalegs stöðugleika neikvæð.“



**MÁR HLUSTAR Á PALLBORÐIÐ** Í opnunarræðu sinni á fundi Viðskiptaráðs ræddi Már Guðmundsson seðlabankastjóri meðal annars horfur á bættu lánshæfismati landsins, verðbólguhorfur og samspil launaþróunar og verðbólgu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**MENNTUN Í FERÐAÞJÓNUSTU**
Greining menntunar í ferðaþjónustu er heiti morgunverðarfundar á vegum Ferðamálastofu á Grand Hóteli á fimmtudaginn. Þar verða kynntar niðurstöður greiningar KPMG á fyrirkomulagi menntunar sem tengist ferðaþjónustu. Nánar á ferdamalastofa.is.


OptiBac probiotics
Virkar lausnir frá OptiBac
„Bifidobacteria & Fibre“
• Virkari melting
• Lausn við hægðatregðu

Fæst í apótekum og heilsubúðum



Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...
börn eiga rétt á vernd gegn einelti.



Meirapróf

ÖKUSKÓLINN Í MJÓDD
Upplýsingar og innritun í síma 567 0300 / 894-2737
NÆSTA NÁMSKEIÐ HEFST 12. NÓVEMBER



Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
SAFT




**GOTT ÁLEGG** Laufey segir hummus ofan á brauð og í salöt njóta sívaxandi vinsælda.

MYND/GVA

# HUMMUS ER GÓÐUR KOSTUR

**SÓMI KYNNIR** *Hummus er frábært sem álegg, ídýfa og meðlæti. Upplagt til að auka hlut grænmetis í mataræði og er að auki glúten-, mjólkur- og eggjalaust.*

Aldalöng hefð er fyrir hummus í Mið-Austurlöndum og er það hluti af Miðjarðarhafsmataræði sem margir telja vera mjög heilsusamlegt,“ segir Laufey Sigurðardóttir næringarrekstrarfræðingur.

Sómi setti hummus á markað fyrir um tveimur árum og hafa vinsældir þess farið sívaxandi á þessum tíma. „Hummus er að mestu úr kjúklingabaunum, þær eru maukaðar og blandað við þær tahini, sem er mauk úr sesamfræjum, sólþurrkuðum tómötum, sítrónusafa og ólífuolíu,“ lýsir Laufey. Hún segir hummus því góðan valkost. „Í hummusi er prótein, kalk og einómettaðar fitusýrur. Þá er það einnig glútenlaust, hnetulaust, án eggja og mjólkurvara.“

Laufey segir hummus upplagt fyrir þá sem vilja auka hlut grænmetis í mataræðinu. Þá sé hummus einnig afar fínn próteingjafi fyrir grænmetisætur.




Hummus er mjög bragðgott og gefur ýmsa möguleika. „Algengast er að nota það ofan á brauð,“ segir Laufey og mælir með því að smyrja hummusi á tvær grófar brauðsneiðar, setja ferska papriku og salatblöð á milli.

Þá má nota hummus í æði margt annað. Laufey nefnir sem dæmi að hummus sé mjög fín ídýfa með gulrótum, kexi eða hverju sem er. „Hummus má líka nota í vefjur og svo er það mjög góður próteingjafi í salatbakkanum og fínt að skipta út til dæmis kjúklingnum fyrir hummus.“

Verðið á hummus frá Sóma er mjög sambærilegt við önnur salöt frá fyrirtækinu. „Hummus er framúrskarandi valkostur í skólanestið, í vinnuna eða gönguferðina.“


Rauðrófu „extrakt“ í hylkjum


natures aid
Getur aukið blóðflæði og haft góð áhrif á blóðþrýsting, kólesteról, hjarta- og æðasjúkdóma. Frábært fyrir íþróttafólk.

Engifer, Túrmerik og Bromelain


natures aid
Undragóð blanda við bólgum og meiðslum. Notað í árþúsundir í kínverskum og indverskum náttúrulækningum.

Túrmerik


20% HAGKAUP
Skemmtilegast að versla
Gott við bólgum, verkjum, þunglyndi og slæmu blóðflæði. Hefur góð áhrif á blóðsykursjafnvægi, blóðrás og minni. Styrkir ónæmiskerfið.
www.gengurvel.is




# HEIMÞRÁ JAFNVEL ÁSTÆÐA ÖRNEFNA

*FERÐIR Staðaheiti og örnefni á Íslandi eru í hugum okkar rammíslensk, nema hvað. Þau má þó mörg rekja allt aftur til landnáms og eiga sér hliðstæðu í Noregi þar sem landnámsmenn vildu láta minna sig á gamla landið.*

Þeir sem námu Ísland nefndu gjarnan staði á nýja landinu eftir stöðum í sinni fyrrverandi heimabyggð. Íslensk örnefni eiga sér því hliðstæður í Noregi og oft fleiri en eina.

Á vef Árnastofnunar er að finna samantekt Tryggva Gíslasonar, fyrrverandi skólameistara MA, á íslenskum örnefnum sem einnig er að finna í Noregi. Þar segir að sömu örnefnin megi rekja til þess að tungumálið var það sama, landslagið svipað í báðum löndum en mörg örnefni eru lýsandi fyrir umhverfið og þá sé ekki ólíklegt að fólk sem flutti búferlum frá Noregi til Íslands hafi viljað láta eitthvað minna sig á gamla landið.

Tryggvi rekur mörg dæmi um örnefni hér á landi sem eiga sér hliðstæðu í Noregi.



## HEKLA

Hekla er talin draga nafn sitt af orðinu hekla sem þýðir „kápa“ og með því sé vísað í snjóþekjuna sem klæði fjallið. Í Noregi eru líka heklur, Hekleberg í Buskerud, Heklefjell á Upplöndum, Hekletindan í Nordland og Heklan á eynni Åmøya. Heklan á Åmøya er þó talin heita eftir „tenntu amboði sem lýst er sem „plate med spisse metalltenner som brukes til rensing av lin og hamp,“ eins og segir í samantekt Tryggva.



## HÚSAVÍK

Nokkrar Húsavíkur eru á Íslandi en þeirra þekktust er Húsavík við Skjálfanda. Í samantekt Tryggva segist hann hafa fundið fjórar Húsavíkur í Noregi, við Akershus við Óslóarfjörð, á Otterøy í Nord-Trøndelag, á Vestfold, suður af Tønsberg, og inni á fastalandinu við Halsfjorden.



## MÁLMEY

Málmey í Skagafirði á sér nöfnur í gamla landinu, Malmøya í Óslóarfirði og í mynni Larviksfjorden við Larvik á Vestfold.



## FLATEY

Flateyjar eru nokkrar við Ísland og eru Flatey á Breiðafirði og á Skjálfanda þekktastar. Þær eiga sér litla nöfnu í Noregi en lítil eyja í Nordland norðvestur af Mo í Rana heitir Flatøya.



## HERÐUBREIÐ

Drottning íslenskra fjalla á sér nöfnu í norðanverðum Harðangursfirði á Hörðalandi, Herdabreidan, en þaðan eru margir landnámsmenn taldir hafa komið. Herðubreiðarnar eru reyndar tvær á Íslandi, á Mývatnsöræfum og við Eldgjá, sunnan Skuggafjallakvíslar.



## KALDBAKUR

Kaldbakarnir eru nokkuð margir á Íslandi eða að minnsta kosti tíu. Þrír á Suðurlandi, þrír á Vestfjörðum og fjórir á Norðurlandi. Sá í Eyjafirði er líklega þeirra þekktastur. Örnefnið virðist líka hafa verið nokkuð vinsælt í Noregi en þar er að finna Kaldbaken, 976 metra hátt fjall norður af Molde, bæinn Kaldbakk við Sognsæ og bæinn Kaldbakken í Redalen austur af vatninu Mjøsa.

*Heimild: www.arnastofnun.is*







**FÓLK** ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Kolbeinn Kolbeinsson,** kkolbeins@365.is, s. 512 5447
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

# Graníthöllin
## Legsteinar

# Allt innifalið!

## Setjum upp legsteina allt árið



Legsteinn nr. 2021

- Legsteinn
- Beðrammi ásamt hvítri möl
- Varanlegt letur
- Ígrafin mynd (varanlegt letur)
- Brons lukt
- Brons vasi
- Batterískerti 600 klst.
- Frí uppsetning*

(frí sending fyrir landsbyggðina)

**Verð kr. 310.000,-**

**Fullt verð kr. ~~550.000,-~~**


Legsteinn nr. 2006

- Legsteinn
- Beðrammi ásamt hvítri möl
- Varanlegt letur
- Ígrafin mynd (varanlegt letur)
- Brons lukt
- Brons vasi
- Batterískerti 600 klst.
- Frí uppsetning*

(frí sending fyrir landsbyggðina)

**Verð kr. 289.000,-**

**Fullt verð kr. ~~506.000,-~~**


Legsteinn nr. 2042

- Legsteinn
- Varanlegt letur
- Ígrafin mynd (varanlegt letur)
- 2 x Hvítir Spörfuglar
- Frí uppsetning*

(frí sending fyrir landsbyggðina)

**Verð kr. 124.000,-**

**Fullt verð kr. ~~264.000,-~~**


Legsteinn nr. 116

- Legsteinn
- Varanlegt letur
- Ígrafin mynd (varanlegt letur)
- Frí uppsetning*

(frí sending fyrir landsbyggðina)

**Verð kr. 109.000,-**

**Fullt verð kr. ~~245.000,-~~**

**Hægt er að sjá fleiri tilboðspakka á:**

# Granithollin.is




Bæjarhrauni 26
220 Hafnarfirði

☎ 555 3888

**Opnunartími:** mánudaga - föstudaga **9⁰⁰ til 18⁰⁰** laugardaga **11⁰⁰ - 16⁰⁰**

* Frí uppsetning miðast við uppsetningu á höfuðborgarsvæðinu og nágrannabyggðalögum. Frír sendingarkostnaður fyrir landsbyggðina.

**Til lengri tíma snýst þetta um að við þurfum að ná saman um þær breytingar sem skapa grundvöll fyrir einhverja raunverulega aukningu í verðmætasköpun.**



FROSTI ÓLAFSSON

þeirra varðar. Forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar hafi rætt mikið um áramótin í þessum efnum, að fyrir þau yrði eitthvað sagt, þótt ekki hafi kannski komið nákvæmlega fram við hvaða áramót væri átt. „Ég held að mjög mikilvægt sé að við förum að sjá einhverja framtíðarsýn í þessum málum, að við höldum ekki hagkerfinu í greipum gjaldeyrishafta.“ Regína benti líka á að jafnvægið væri brothætt, því þótt ástandið kynni að virðast notalegt innan hafta, í stöðugleikanum sem þeim fylgja, þá væri þar skammtímabati sem ógnaði vexti til lengdar.

Ásgeir vísaði til þess að matsfyrirtækið Moody's hafi bent á að hér skorti breiða samstöðu um nauðsynlegar breytingar sem ráðast þyrfti í. Þeirri samstöðu taldi hann að hefði þurft að ná strax eftir hrun, í stað þess að sveiflast hér milli vinstri og hægri í stjórn landsins. Hér hafi leit að sökudólgum tekið bæði kraft og tíma sem ef til vill hefði verið betur varið í að leysa stofnanalegan vanda. „Það er alveg á hreinu að við getum aldrei afnumið höftin án þess að allir flokkar séu með í því verkefni. Og ég held að við gerum það tæpast nema í félagi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn eða einhvern annan sem gefur losuninni trúverðugleika,“ sagði hann, en áréttaði um leið að hann teldi krónuna einn helsta vanda þjóðarinnar og hún kostaði landið „ótrúlegar upphæðir“ í lífskjörum. „Aðalatriðið er að samstöðu vantar. Að við getum komið saman sem þjóð og rætt sameiginlega hagsmuni og hægt sé að leysa mál á borð við auðlindanýtingu og fleiri hluti í sæmilegri sátt, sem við höfum ekki borið gæfu til að gera.“ Hér hafi uppgangur ferðamennsku í raun bjargað málum um margt fyrir horn. „Án uppgangs túrisma lægi fyrir að við gætum ekki fjármagnað fastgengi krónunnar.“

**Bitist um bitana**

Frosti Ólafsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands, tók undir að sátt þyrfti að ná um kerfisbreytingar og stefnu til lengri tíma.

„Það er í rauninni eini grundvöllurinn fyrir bættum lífskjörum, fyrir afnámi hafta og meiri trú á framtíðina.“ Órói í samfélaginu nú skýrist að stórum hluta af því hvað framtíðin sé óviss. „Ég held að við séu sammála um miklu fleira en ætla mætti af opinberri umræðu,“ sagði hann og benti á að hægt væri að grípa til ýmissa aðgerða til skemmri tíma til að bæta stöðu landsins. „Til lengri tíma snýst þetta um að við þurfum að ná saman um þær breytingar sem skapa grundvöll fyrir einhverja raunverulega aukningu í verðmætasköpun, í stað þess að bítast um bitana þar til ekkert verður eftir á borðinu.“

## VERÐBÓLGUBJÖGUN ER INNBYGGÐ Í LÍTINN GJALDMIÐIL



ARNÓR SIGHVATSSON

Arnór Sighvatsson aðstoðarseðlabankastjóri, sem einnig sat í pallborði, sagði ákveðna þversögn fólgna í gjaldeyrishöftunum. „Þau leysa skammtímavanda en um leið koma þau í raun í veg fyrir að hægt sé að byggja upp traust. Traust er ekki hægt að byggja upp nema að tekin sé áhætta. Reyna þarf á jafnvægið á markaði,“ sagði hann. Höftin beri líka í sér ýmsa hvata sem séu erfiðir og þess eðlis að erfitt verði að losa um höftin.

Arnór sagði að líka hamlaði framþróun ákveðin saga óstöðugleika hér á landi. „Íslendingar höndla krísur þokkalega, en við höndlum góðæri ákaflega illa. Kannski má segja að það viðhorf ríki að jafnvægi sé óþolandi ástand og þegar okkur verður á að ná jafnvægi í ákveðinn tíma, þá keppast menn við að raska því jafnvægi aftur til þess að fá meiri vöxt og komast fljótar að þeim markmiðum sem að er stefnt.“

Það sé hins vegar mikilvægt sem komið hafi fram að ríkissjóður geti státað af því að hafa aldrei farið í greiðsluþrot. „Það er í raun mjög náið samband milli greiðsluvilja og greiðslugetu.“ Arnór benti á að vegna þess að hafa áður hlaupið frá skuldum sínum ráði Argentína ekki við skuldastöðu sem flest önnur lönd ráði við. .“

Þá kom líka fram í máli Arnórs á fundinum að mjög erfitt væri að spá um þróun vaxtamunar við útlönd. Hér væri vaxtamunur við útlönd mikill og hvernig hann yrði til lengri tíma færi eftir efnahagsþróun hér og ytra. Þá hjálpi söguleg fortíð krónunnar ekki til. „Saga gjaldmiðilsins er sú að hann hefur stöðugt rýrnað gagnvart okkar viðskiptalöndum. Gildi krónunnar hefur rýrnað um nálægt 99,9 prósent gagnvart þeim gjaldmiðli sem við vorum upphaflega tengd við þegar krónan var sett á flot á sínum tíma. Gjaldmiðill með slíka sögu þarf að búa við hærri vexti til þess að fjárfestar vilji eiga skuldbindingar í honum.“

Leiðina til að minnka vaxtamuninn sagði Arnór hins vegar vera að ná niður verðbólgu og ná jafnvægi yfir mjög langan tíma. Þar væri okkur hins vegar ákveðinn vandi á höndum. Gjaldmiðillinn væri mjög lítill og gengisbreytingar kæmu mjög hratt fram í verðlagi. Laun sem hækkuðu hratt með verðlagi aðlöguðust ekki endilega jafn hratt niður á við þegar gengið styrktist. Því sé ákveðin verðbólgubjögun innbyggð í lítinn gjaldmiðil og ekki önnur leið til að draga úr henni en reka efnahagsmál landsins jafn vel og jafnvel betur en önnur lönd, eigi vaxtastig hér að verða eitthvað svipað og þar.





Í Eldborg Hörpu 20. desember

kl. 21:00 – UPPSELT
kl. 17:00 – Aukatónleikar

Á tónleikunum flytja Pálmi, Ragnheiður og góðir gestir fjölmargar þekktar jólaperlur. Ekki missa af þessu tækifæri til að eiga ógleymanlega stund í Eldborg með þessum ástsælu flytjendum.

MIÐASALA HAFIN Á AUKATÓNLEIKA
á harpa.is, midi.is eða í síma 528 5050

Aðrir flytjendur:

Tólf manna strengjasveit, ásamt hljómsveit undir stjórn Þóris Úlfarssonar. Sönghópur Fríkirkjunnar við Tjörnina. Gunnar Gunnarsson stýrir og leikur á Hammond-orgel. Sigurður Helgi, Ragnheiður og Ninna Rún, börn Pálma.

DÆGURFLUGAN HARPA

# Alltaf stefnt að árangri á heimsvísu

*Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri Tulipop, undirbýr nú jólavertíðina en vörur fyrirtækisins eru fáanlegar í níu löndum. Lærði tölvunarfræði í HÍ og lauk MBA-prófi í London. Frítíminn fer í fjölskylduna, hlaup og tennis.*

**SVIPMYND**
**Haraldur Guðmundsson** | haraldur@frettabladid.is

„Við erum í 25 verslunum hér á landi og í átta öðrum löndum, þar á meðal í tuttugu verslunum í Bretlandi, og því fer mikið af minni vinnu nú í að koma sendingum í verslanir og passa að allar hillur séu fullar fyrir jólin,“ segir Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri og einn eigenda Tulipop.

Helga stofnaði fyrirtækið ásamt Signýju Kolbeinsdóttur, vöruhönnuði og teiknara, árið 2010. Tulipop framleiðir nú gjafavörulínu sem byggð er á teikningum Signýjar. Fyrirtækið hlaut nýverið þrenn verðlaun á Junior Design Awards í Bretlandi þar sem athygli er vakin á framúrskarandi hönnunarvörum fyrir börn.

„Síðan ætlum við líka að taka þátt í „pop-up“-verslun í London í byrjun desember og erum núna að undirbúa kynningu á vörulínu næsta árs,“ segir Helga. Hún lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík árið 1999 og BS-prófi í tölvunarfræði frá Háskóla Íslands fimm árum síðar. Eftir það réð hún sig til HugurAx þar sem hún starfaði í fjögur ár sem viðskiptastjóri og síðar markaðsstjóri í framkvæmdastjórn hugbúnaðarfyrirtækisins.

„Árið 2007 fór ég síðan í tveggja ára MBA-nám í London Business School. Það var mjög krefjandi nám og alþjóðlegt sem leiddi til þess að ég fékk vinnu um sumarið hjá American Express í Bretlandi þar sem ég var hluti af stefnumótunar- og markaðsteymi fyrirtækisins,“ segir Helga. Hún vann einnig að gerð ráðgjafarverkefnis fyrir breska verslunarrisann Tesco.


**NÓG AÐ GERA** Helga og Signý Kolbeinsdóttir vinna nú við að koma vörum í verslanir fyrir jólin og undirbúa kynningu á vörulínu næsta árs. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Svo flutti ég heim árið 2009 og fór að vinna í fyrirtækjaráðgjöf. Mér fannst það ekki alveg eiga við mig. Ég hafði þá fylgst með Signýju vinkonu minni og við ákváðum að búa til fyrirtæki í kringum hennar hugmynd með það að markmiði að þróa gjafavörumerki sem gæti náð árangri á heimsvísu,“ segir Helga. „Okkar markmið voru mjög metnaðarfull frá upphafi og við höfum verið að vinna að þessu jafnt og þétt.“

Helga er gift Ingva Hrafni Óskarssyni lögmanni og þau eiga þrjú börn á aldrinum tveggja til tólf ára.

„Frítíminn fer mikið í að gera eitthvað skemmtilegt með þeim. Við reynum að fara saman á skíði á veturna og hjólreiðatúra á sumrin. Svo tók ég upp á því að fara að hlaupa með tveimur vinkonum mínum og við höfum tekið þátt í Jökulsárhlaupinu síðustu tvö sumur og hlupum þá frá Hljóðaklettum að Ásbyrgi. Svo erum við fimm vinkonurnar sem hittumst einu sinni í viku til að spila tennis en það áhugmál kviknaði þegar ég bjó í London.“

## ORKUMIKIL OG ÁKVEÐIN


„Helga er frábær vinkona og ein af þessum orkumiklu manneskjum sem má treysta á sé ætlunin að gera sér glaðan dag. Hún er einstaklega skipulögð og tekst með einhverjum undrabrögðum að ná árangri á öllum vígstöðvum án þess að blása úr nös. Hún er sniðug, útsjónarsöm og býr yfir þolinmæði sem er örugglega stór þáttur í velgengni Tulipop. Ekki skemmir fyrir hversu veraldarvön hún er og á hún stóran þátt í framsæknum málsverðum bókaklúbbsins okkar svokallaða úr menntaskóla sem gerir flest annað en að lesa bækur.“

**Ásgerður Ragnarsdóttir,** lögmaður á Lex.


„Hún Helga systir mín er afskaplega vönduð manneskja sem gott er að vita af nálægt sér. Hún er gædd hæfileikum til að leysa hin ólíkustu verkefni vel af hendi, enda er hún jákvæð, drífandi og lausnamiðuð, og gengur í hlutina með sínum viðkunnanlega og yfirvegaða hætti sem virkar oft frábærlega áreynslulítill. Hún er hjálpsöm, skapgóð og jafnlynd, en er líka fær um að vera beinskeitt og ákveðin þegar svo ber undir. Sem mikill aðdáandi Tulipop hefur mér þótt gaman að fylgjast með þeim Signýju byggja upp þann litríka ævintýraheim skref fyrir skref.“

**Kristinn Árnason,** bróðir Helgu.

---

## ÞÓR SIGFÚSSON

# Tækifæri fyrir ungt fólk í sjávarútvegi

Þór Sigfússon er eigandi og stofnandi Íslenska sjávarklasans. Þar sameina um 60 fyrirtæki og stofnanir krafta sína við ýmiskonar haftengda starfsemi. Sjávarklasinn stendur einnig fyrir útgáfu greininga og rannsókna af ýmsu tagi og veitir margvíslega þjónustu til meðlima samstarfsvettvangsins sem og aðila utan formlega klasasamstarfsins. Þá tekur sjávarklasinn þátt í stofnun og rekstri nýsköpunarfyrirtækja gegnum virkt eignarhald og ráðgjöf af ýmsu tagi.

Íslenski sjávarklasinn rekur Hús sjávarklasans þar sem yfir 40 fyrirtæki í haftengdri starfsemi eru saman komin undir einu þaki. Í Húsi sjávarklasans er einnig frumkvöðlasetur með aðstöðu fyrir fjögur fyrirtæki.

Sjávarklasi að fyrirmynd Íslenska sjávarklasans verður opnaður í Portland í Maine í Bandaríkjunum á næstunni. Markmið klasans er að hvetja til og styðja við nýsköpun í sjávarútvegi. Fyrirtæki sem starfa munu í klasanum munu meðal annars vera á sviði matvælaframleiðslu, skipasmíði og sjávartækni.



„Þetta gerum við best í klösum, að fyrirtæki taki sig saman og vinni að því að skapa meiri verðmæti úr þeim hugmyndum sem koma úr ólíkum áttum innan ólíkra fyrirtækja.“

„Okkur vantar sterkari og öflugri fjárfesta hér, sem getur verið mikill akkillesarhæll fyrir okkur. Ekki munum við lifa á rannsóknarstyrkjum á Íslandi – við þurfum fyrst og fremst að fá fjárfesta með okkur.“

„Í þessum nýju greinum [tæknigreinum innan sjávarútvegsins] er fullt af áhugaverðum tækifærum fyrir ungt fólk og það er akkúrat það sem þessi grein þarf. Hún þarf að fá nýja kynslóð sem hefur áhuga á nýjum hlutum og marka ný spor með það hvert við erum að fara með þessa grein í heild.“

„Flestar þjóðir í kringum okkur eru að nýta tæplega helming þorsksins. Þær henda hausnum, beingarðinum og roði jafnvel. Við erum að nýta 80% og það fer stöðugt hækkandi.“

„Tæknifyrirtækin okkar hafa orðið til víða um land; á Grindavík, Akureyri, Sauðárkróki, Höfn. Í góðu samstarfi við útgerðarfyrirtæki. Samfélagið styður við bakið á þeim.“

› klinkið


**Fanney Birna Jónsdóttir**
fanney@frettabladid.is

Viðtalið við Þór Sigfússon er hægt að sjá í þættinum **Klinkinu á www.visir.is.**

# Gefðu gjöf frá frægustu hönnuðum heims



**Við hjá Epal hjálpum þér að velja réttu gjöfina fyrir þig og þitt starfsfólk.**

- Mikið úrval
- Góð verð
- Fagleg ráðgjöf
- Frí innpökkun

Epal hefur boðið upp á faglega þjónustu og gæða vörur í 39 ár



Harpa / Skeifan 6 / Keflavíkurflugvöllur / 5687733 / epal@epal.is / www.epal.is

**Nánari upplýsingar veitir Arna í síma 568 7733 eða: arna@epal.is**








epal






**Hönnun: Stella Design**



**Hönnun: Sigurjón Pálsson**



GEORG JENSEN · ROSENDAHL · marimekko® · DESIGN LETTERS & FRIENDS · LAKRIDS · Joseph Joseph · normann COPENHAGEN · iittala

Þótt bankar séu mikilvægir leiða þeir ekki verðmætasköpun:

# Það sem við þykjumst vita

Yngvi Örn Kristinsson, hagfræðingur Samtaka fjármálafyrirtækja, gerði tilraun til að svara pistli mínum, „Hvað höfum við lært?“ á þessum vettvangi í síðustu viku. Yngvi svaraði ekki gagnrýni minni á bónusvæðingu bankakerfisins eftir hrun en notaði þess í stað dálksentímetrana sína til að reyna að fræða lesendur um kenningar Adams Smith, eins og þær séu einhver ný tíðindi.

Það er staðreynd að stóru bankarnir þrír hafa virkjað starfskjarastefnur sínar að nýju og starfsmenn fjármálageirans njóta afkomutengdra bónusa. Það er einnig staðreynd að á fyrstu sex mánuðum þessa árs voru 80% af samanlögðum hagnaði stóru bankanna þriggja til komin vegna matsliða og óreglulegra liða eins og endurmats á hlutabréfum, lánasöfnum og sölu á hlutum í aflagðri starfsemi. Sem sagt ekki traustum grunnrekstri. Yngvi Örn skautaði léttilega fram hjá þessu í sinni grein. Hann tók heldur enga afstöðu til gagnrýni minnar á bónuskerfið í bönkunum en hún var rökstudd með vísan til skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna.



**Markaðshornið**

Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@stod2.is

**Yngvi Örn þarf ekki að brýna fyrir fólki kenningar Adams Smith.**

Adair Turner lávarður, sem situr í fjármálastöðugleikaráði Bretlands og er fyrrverandi stjórnarformaður breska fjármálaeftirlitsins (FSA), sagði árið 2010 að það sem fram færi á Wall Street og í fjármálafyrirtækjum almennt væri meira og minna „samfélagslega tilgangslaust“. Turner var að öllum líkindum að setja þetta í samhengi við það brenglaða hugarfar sem réð ríkjum í bönkum á Vesturlöndum fyrir alþjóðlega fjármálaáfallið haustið 2008.

Yngvi Örn þarf ekki að brýna fyrir fólki kenningar Adams Smith. Vissulega hagnast bankarnir á vaxtamun og þóknanatekjum og mikilvægi og hagræði greiðslumiðlunar verður seint ofmetið. Bankar eru hins vegar í grundvallaratriðum stoðeiningar undir raunverulega verðmætasköpun. Bankar framleiða ekki neitt. Bankar hjálpa okkur ekki að skapa gjaldeyri sem við þurfum til að vinna bug á greiðslujafnaðarvanda þjóðarbúsins eða aflétta höftum. Þvert á móti var það óeðlilegur og ævintýralegur vöxtur bankanna sem bjó vandamálið til sem við erum enn að glíma við. Þessi vöxtur fékk að þrífast í skjóli peningastefnu sem ýtti undir erlenda lántöku, vaxtamunarviðskipti og útþenslu fjármálakerfisins.

Spákaupmaðurinn George Soros hefur sagt að það sé bæði ósjálfbær og óásættanleg staða að stærstur hluti hagnaðar fyrirtækja á markaði sé hjá bönkum. Fyrirtækjum sem framleiða ekki neitt. Hagvöxtur ætti fremur að vera drifinn áfram af raunverulegri verðmætasköpun.

Það er ýmislegt sem bendir til þess að við höfum ekki dregið raunverulegan lærdóm af bankahruninu miðað við þau vinnubrögð sem þrífast í bönkunum sex árum frá hruni. Tilgangur minn var að spyrja spurninga og fá starfsfólk fjármálafyrirtækja til að líta í eigin barm. Yngvi Örn svaraði ekki spurningum mínum. Má túlka þögn hans um bónuskerfi bankanna og þau vinnubrögð sem þar eru stunduð eftir hrunið sem þögult samþykki?

Það má í lok þessarar greinar spyrja, hvers vegna eru bankarnir, tíu sinnum minni en þeir voru fyrir hrunið, að halda úti heilli skrifstofu undir merkjum Samtaka fjármálafyrirtækja? Vegna ákvæða samkeppnislaga mega bankarnir ekki eiga með sér samstarf nema að mjög takmörkuðu leyti en ættu þeir kannski frekar að nota peningana sem fara í SFF í einhverja raunverulega verðmætasköpun? Eða styðja við samfélagslega mikilvæg, atvinnuskapandi verkefni af einhverju tagi?

Halda bankarnir úti heilli lobbý-skrifstofu fyrir sig vegna þess að stjórnendur þessara banka eru enn þá fastir í hjólförum þess hugarfars sem leiddi til bankahrunsins? Geta bankarnir ekki varið því fjármagni sem fer í rekstur Samtaka fjármálafyrirtækja betur?

Það er kannski umhugsunarefni fyrir stjórnendur bankanna.

Vikublaðið Bæjarins besta á Ísafirði verður þrjátíu ára á föstudaginn næstkomandi:

# Nálægðin getur verið erfið

Á föstudaginn kemur er vikuritið Bæjarins besta á Ísafirði 30 ára gamalt. Í janúarbyrjun komandi er svo jafnframt 15 ára afmæli fréttavefsins bb.is.

Sigurjón J. Sigurðsson, ritstjóri Bæjarins besta og bb.is, segir rétt að aldrei hafi fallið út vika í útgáfu blaðsins frá því það hóf göngu sína. „Og það þótt við búum á svona erfiðu svæði,“ bætir hann við. Fyrstu árin hafi hins vegar verið sérstaklega erfið því þá hafi blaðið verið sett upp á gamla mátann. „Við þurftum að líma það upp eins og gert var þá og senda til Reykjavíkur í vinnslu og fá plötur til baka í flugi.“ Blaðið var svo prentað fyrir vestan.



**SIGURJÓN J. SIGURÐSSON** Frá stofnun Bæjarins besta á Ísafirði fyrir þrjátíu árum hefur aldrei fallið út vika í útgáfu. MYND/BÆJARINS BESTA

Þótt vel hafi gengið og blaðið orðið þetta gamalt segir Sigurjón vissulega hafa komið erfiða tíma inn á milli.

„Það er ekkert auðvelt verk að gefa út blað í svona litlu samfélagi,“ segir hann, en bætir við að hann hafi aldrei látið nálægðina við viðfangsefnin stöðva sig. „Fréttir eru fréttir, hvort sem öllum líkar þær eða ekki,“ segir hann, en viðurkennir um leið að sumt hafi verið erfiðara en annað.

„Erfiðast var þetta í kring um snjóflóðin í Súðavík og á Flateyri og við vorum náttúrlega með ljósmyndara á vettvangi í Súðavík, sem var þarna björgunarmaður líka, meðeigandi minn í blaðinu.“

Fyrsta hálfa árið var Bæjarins besta fríblað með sjónvarpsdagskrá og skemmtiefni, en eftir það ákváðu stofnendurnir, Sigurjón og Halldór Sveinbjörnsson, að breyta því í fréttablað. „Fyrstu árin dreifðum við blaðinu frítt, en svo fór það í sölu og var þannig alveg þangað til um áramótin 2012/2013 þegar við breyttum því aftur í fríblað.“ Það segir Sigurjón fyrst og fremst hafa verið gert til þess að efla auglýsingasölu í blaðið, því auglýsendur hafi verið viljugri til að auglýsa í fríblaði en áskriftar- og sölublaði.

Sigurjón segir það samt hafa kallað á dálitla umhugsun að breyta blaðinu aftur. Í gegn um tíðina hefur Bæjarins besta fengið samkeppni frá einum fjórum eða fimm blöðum, bæði sjónvarpsdagskrám og fréttablöðum. „En þau hafa öll hætt og ég hef bara brugðist við með því að gefa út betra blað, en ekki farið út í fríblaðsformið.“ Núna sé blaðinu hins vegar dreift í öll hús á svæðinu sem ekki var orðið á þeim tíma. Síðan styðji blaðið vefinn og öfugt.

Sigurjón vonast til þess að Bæjarins besta eigi langa framtíð fyrir sér enn, þótt hann sjái ekki fyrir sér þrjátíu ár í viðbót. „Ég ætla ekki að vera í þessu fram í nírætt,“ segir hann og hlær. „En ég vona svo sannarlega að áfram verði haldið hér úti fréttablaði næstu áratugina.“

olikr@frettabladid.is

# Snyrtivöruverslun ríkisins

**Skoðun**



Leifur Þorbergsson,
starfsmaður
Viðskiptaráðs Íslands.

Í Flugstöð Leifs Eiríkssonar rekur íslenska ríkið í gegnum Fríhöfnina ehf. sex verslanir sem í sumum tilfellum eru í beinni samkeppni við innlenda smásala. Verslanir þessar njóta opinberrar meðgjafar í formi skatt- og tollleysis sem getur numið allt að 40% af vöruverði. Í gegnum þennan aðstöðumun hefur fríhafnarverslun ríkisins náð til sín verulegri markaðshlutdeild í stórum vöruflokkum. Þannig fer til að mynda þriðjungur snyrtivöruverslunar á Íslandi fram í verslunum Fríhafnarinnar.

**Fríhafnir á undanhaldi**

Fríhafnarverslun hefur verið á undanhaldi á Vesturlöndum. Aukin flugumferð hefur valdið því að fríhafnir hafa orðið í sífellt umfangsmeiri samkeppni við innlenda verslun í viðkomandi ríkjum. Af þeim sökum hefur fríhafnarverslun, með fáeinum undantekningum, verið einskorðuð við brottfararfarþega. Þetta má rekja til þess að fríhafnarverslun fyrir komufarþega er talin vera í beinni og ójafnri samkeppni við innlenda verslun.

Öfugt við þróunina erlendis hefur fríhafnarverslun á Íslandi sótt í sig veðrið. Þannig hefur verslunarrými Fríhafnarinnar ehf. stækkað og verslunum fjölgað. Tekjur félagsins í fyrra námu 8 milljörðum króna sem jafngildir 20 milljónum á dag. Stór komuverslun er rekin þar sem auglýst er að verð séu allt að 50% lægri en hjá öðrum innlendum smásölum. Þá auglýsir Fríhöfnin netsölu þar sem gefinn er kostur á að láta annan aðila en þann sem kaupir vöruna sækja hana í komuverslun Fríhafnarinnar.

**Heildarhagsmunum fórnað**

Í ljósi áherslna nýs fjárlagafrumvarps um einföldun neysluskatta og stækkun skattstofna kemur það á óvart að opinber smásala sé látin standa óáreitt utan hins almenna neysluskattskerfis. Ef miðað er við að helming af veltu Fríhafnarinnar megi rekja til komufarþega má áætla að glataðar skatttekjur ríkisins vegna núverandi fyrirkomulags nemi milljarði króna á ári hverju. Ef tekjur ríkisins eiga að haldast óbreyttar þurfa skattar á íslenska neytendur að hækka sem því nemur.

Auk þess hefur arðsemi Fríhafnarinnar ehf. verið lág. Félagið skilaði tapi á fyrri helmingi ársins þrátt fyrir að njóta umtalsverðrar opinberrar meðgjafar í formi skatt- og tollleysis. Reynslan hefur sýnt að hið opinbera er almennt óskilvirkur rekstraraðili þar sem það er ekki bundið sömu markaðslögmálum og einkaaðilar. Í tilfelli Fríhafnarinnar ehf. er því sterk vísbending um að verðmætum sé sóað í óskilvirkan ríkisrekstur.

> **Reynslan hefur sýnt að hið opinbera er almennt óskilvirkur rekstraraðili þar sem það er ekki bundið sömu markaðslögmálum og einkaaðilar.**

**Leggjum niður Fríhöfnina ehf.**

Í markaðshagkerfi er hagkvæmast fyrir neytendur að virk samkeppni ríki á sem flestum sviðum. Í því felst að sú samkeppni sé á jafnréttisgrundvelli svo neytendur fái notið ávinnings hennar. Fríhafnarverslun á Íslandi í núverandi mynd skerðir samkeppnisstöðu innlendrar verslunar, grefur undan skattkerfinu, rýrir kjör neytenda og dregur úr jafnræði þeirra á milli.

Einfalt er að bæta úr núverandi stöðu. Leggja ætti niður komuverslun í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og taka fyrir net- og símaverslun í fríhöfninni. Þá ættu stjórnvöld að leggja niður Fríhöfnina ehf. og leigja allt verslunarrými í flugstöðinni til einkaaðila sem eru hagkvæmari rekstraraðilar. Slíkar breytingar væru til mikilla bóta fyrir verslun og neytendur í landinu.



### Fyrirtækið Múlakaffi hefur samið við Eik fasteignafélag um leigu á 19. og 20. hæð turnsins undir veitingarekstur:

# Eik ætlar í þriggja milljarða hlutafjáraukningu

„Við förum í þessa hlutafjáraukningu til að styrkja félagið og efla fyrir skráningu í Kauphöllina,“ segir Garðar Hannes Friðjónsson, forstjóri Eikar fasteignafélags hf.

Stjórn félagsins ákvað á mánudag að bjóða forgangsréttarhöfum að kaupa nýtt hlutafé sem mun hækka eigið fé félagsins um allt að þrjá milljarða króna.

„Þessir forgangsréttarhafar eru þeir sem áttu í Eik áður en sameiningin við Landfesta gekk í gegn,“ segir Garðar.

Eigið fé félagsins var aukið um 6,8 milljarða í júlí síðastliðnum.

„Þá jukum við eigið féð til þess að afhenda til Arion banka sem greiðslu fyrir allt hlutafé Landfesta.“

Garðar segir skráningu á markað efst á baugi en nefnir einnig að félagið hafi nýverið unnið að því að fjölga leigutökum í Turninum í Kópavogi sem Eik keypti í ágúst í fyrra. Nefnir hann meðal annars samning við fyrirtækið Múlakaffi um veitingarekstur á 19. og 20. hæð Turnsins.

„Meniga hefur auk þess flutt alla innlenda starfsemi sína í bygginguna. Á Glerártorgi hefur verið unnið síðustu mánuði að því að styrkja verslunarmiðstöðina enn frekar með innlendum og erlendum ráðgjöfum. Þá hafa nýir leigutakar bæst við eins og Lindex,“ segir Garðar. - hg



**FORSTJÓRI EIKAR** Garðar Hannes segir enga ákvörðun hafa verið tekna um nákvæmlega hvenær fyrirtækið fari í Kauphöllina. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## *Hin hliðin*



**Hulda Bjarnadóttir,**
framkvæmdastjóri FKA

# *Búðargluggi dagsins*

Innlend verslun og þjónusta er að takast á við miklar breytingar og stórar áskoranir enda er kauphegðun fólks að breytast með afgerandi hætti með tilkomu netsins og auk þess hefur stóraukin flugumferð valdið því að fríhafnir hafa skapað sífellt umfangsmeiri samkeppni gagnvart innlendri verslun í viðkomandi ríkjum.

Landamæri viðskiptanna verða óskýr fyrir framan tölvuskjáinn og oftast skiptir það kaupandann litlu máli hvort hann er að versla við aðila í Bandaríkjunum eða Þýskalandi, svo lengi sem upplýsingar eru aðgengilegar, varan nokkuð augljós og greiðslumiðlunin þekkt. En ef marka má samræður fólks og færslur á samfélagsmiðlum þá er býsna algengt að fólk gefi sér að verslun á netinu sé ávallt hagstæðari en verslun hér heima. En það er ekki alltaf reyndin. Um daginn hitti ég konu sem var tilbúin að deila með mér verðsamanburði sem hún gerði á kaupum á barnadóti. Nákvæmlega sömu vöru úr Toys R US hér á landi, af netsíðunni Amazon UK og hins vegar hollenskri kaupsíðu sem heitir Amsterdamshop.nl. Hér heima kostaði þetta dót 3.499 kr. út úr búð, en sama vara á Amazon UK kostaði 3.075 kr. miðað við að fá fría heimsendingu og nálgast vöruna í UK. Í netversluninni Amsterdamshop.nl var sama vara með sendingarkostnaði til Íslands á 3.860 kr.

Verum sanngjörn í samanburðinum og berum saman epli og epli áður en við erum stórorð.

**Fríhafnarverslun skekkir myndina**

Og það kreppir að innlendum smásölum víða. Nú er spurning hvort ríkið vilji halda fast í markaðshlutdeild sína í innfluttum vörum á fríhafnarsvæðinu í Leifsstöð. Ríkið er í dag með 65% markaðshlutdeild í sælgæti, 68% í snyrtivörum og 91% í áfengi og tóbaki og allt að 38% munur getur verið á vöruverði hjá Fríhöfninni og öðrum smásölum í landinu líkt og Viðskiptaráð Íslands hefur bent á undanfarna daga. Við virðumst eftirbátar í þróun slíkrar verslunar því fríhafnarverslun hefur verið á undanhaldi á Vesturlöndum þar sem stóraukin flugumferð hefur valdið því að fríhafnir hafa skapað sífellt umfangsmeiri samkeppni gagnvart innlendri verslun í viðkomandi ríkjum. Það gefur augaleið að komufarþegar sem kaupa skattfrjálsan varning við komu sína til landsins munu ekki kaupa sömu vöru innanlands með opinberum gjöldum og álögum. Því hefur fríverslunin sem slík verið að þróast í að standa eingöngu brottfararþegum til boða. Það yrði framfaraskref fyrir innlenda smávöruverslun því að skökk samkeppni er líka skrítin samkeppni.


# Við stöndum vörð um öflug fyrirtæki

**Atlantsolía**
Með 19 sjálfsafgreiðslustöðvum, birgðastöð og fjórum olíubílum er hægt að tryggja aukna samkeppni á eldsneytismarkaði á Íslandi.

**Brim**
Þrír afkastamiklir frystitogarar og öflugt starfslið tryggja Íslendingum hærri útflutningstekjur af gæðahráefni.

**Isavia**
Það þarf mikil umsvif til að tryggja öryggi á öllum flugvöllum landsins og sjá um nærri 5,5 milljóna km² flugstjórnarsvæði.

**Landsbankinn**
Stærsta fjármálafyrirtæki á Íslandi með víðtækasta útibúanetið tryggir trausta og alhliða fjármálaþjónustu um allt land.

**Hér er góður staður fyrir þitt fyrirtæki**

**Landsvirkjun**
Stærsta fyrirtæki landsins í orkuvinnslu vinnur 73% allrar raforku innanlands til að tryggja fólki og fyrirtækjum rafmagn.

**Marel**
Eitt af stærstu útflutningsfyrirtækjum Íslands tryggir markaðnum hugvitsamlegar lausnir til vinnslu matvæla.

**RÚV**
Til að tryggja landsmönnum fréttir, skemmtun og fróðleik þarf fjölda starfsmanna, tæknibúnað og húsnæði.

**Össur**
Rannsóknir og nýsköpun styrkja stoðir atvinnulífsins með framleiðslu sem tryggir að fólk geti staðið á eigin fótum.

**Traustsins verðir**
Vörður nýtur trausts hjá öflugum íslenskum fyrirtækjum og stofnunum. Áhersla okkar á einföld og þægileg viðskipti er nokkuð sem fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum kunna að meta.

**Hafðu samband og fáðu tilboð í tryggingar þíns fyrirtækis.**

VIÐ VILJUM KYNNAST ÞÍNU FYRIRTÆKI BETUR

vörður

MARKAÐURINN
Netfang ritstjorn@markadurinn.is Sími 512 5000 Fax 512 5301
Netfang auglýsingadeildar auglysingar@markadurinn.is Veffang visir.is

**Gengi gjaldmiðla**

| | | | |
|---|---|---|---|
| USD 124,43 | DKK 20,75 | NOK 18,20 | CHF 128,41 |
| GBP 197,19 | EUR 154,38 | SEK 16,82 | JPY 1,07 |

**FTSE**
6.627,40 +16,15 (0,24%)

Viðskiptavefur Vísis
@VisirVidskipti

## 357 MILLJÓNIR

### Áætlun Kópavogs kynnt

Samkvæmt fjárhagsáætlun Kópavogsbæjar fyrir næsta ár er gert ráð fyrir að samstæðan, A- og B-hluti, verði rekin með 357 milljóna króna rekstrarafgangi. Gangi áætlunin eftir verður skuldahlutfall bæjarins 167 prósent um áramótin. Ármann Kr. Ólafsson bæjarstjóri segir í tilkynningu að áætlunin sýni að staða bæjarins sé sterk.

**10.11.14** Ég er orðinn mjög þreyttur á íslensku fjölmiðlaumhverfi og tel að þessi sveifla sem er í henni til vinstri sé orðin verulega skaðleg. Sjáðu til dæmis eins og fjármál Hafnarfjarðarbæjar, hvernig er ekki tekið á því, sem er vegna þess að Samfylkingin er þar. Tökum sem dæmi orð formanns Samfylkingarinnar þegar hann var að tala um útlendingana að þeir væru lítið menntaðir sem væru að koma hingað. Sem er alrangt og fordómafullt.“

**Guðlaugur Þór Þórðarson** *alþingismaður*



## 72 MILLJÓNA MÍNUS

### Mint Solutions skilar tapi

Nýsköpunarfyrirtækið Mint Solutions var rekið með um 72 milljóna króna tapi í fyrra. Eignir fyrirtækisins námu þá 48,4 milljónum og eigið féð var neikvætt um 37,1 milljón, samkvæmt ársreikningi Mint Solutions fyrir árið 2013.

Mint Solutions var stofnað árið 2010. Fyrirtækið framleiðir lyfjagreininn MedEye fyrir sjúkrahús og heilbrigðisstofnanir sem tryggir að sjúklingar fái rétt lyf, á réttum tíma og í réttu magni. Hollenskir og franskir fjárfestingasjóðir settu 680 milljónir króna inn í fyrirtækið í sumar. Höfuðstöðvar fyrirtækisins voru þá fluttar til Hollands en öll þróunarvinna er enn hér á Íslandi.

## STJÓRNARMAÐURINN

### Hjakkað í sama farinu

Mótmæli á Austurvelli, fréttir af sekt eða sakleysi Kaupþingsmanna, furðulegar yfirlýsingar seðlabankastjóra, flugvallarmálið og umræður um forsendubrest og leiðréttingu á skuldamálum heimilanna. Hér er ekki verið að lýsa seinni hluta október 2008, heldur fyrstu dögum nóvembermánaðar árið 2014. Við þetta má svo bæta þeirri staðreynd að Ísland er enn fast í viðjum gjaldeyrishafta, með tilheyrandi skorti á fjárfestingakostum og furðulegum hlutabréfamarkaði þar sem lífeyrissjóðirnir eru nánast eini markverði þátttakandinn. Þetta eru ekki heilbrigðismerki á þjóð og þjóðfélagi, sem aldrei virðist geta rætt málin án þess að skipa sér í sveit og beina röddinni á háa c-ið. Vitandi hið fornkveðna um að hæst bylur í tómri tunnu, halda skynsamir menn og konur sig frekar til hlés en að hætta sér inn á hála braut þjóðfélagsumræðu á villigötum. Þetta er einfaldlega ekki þess virði.

**SKULDALEIÐRÉTTINGIN** er holdgervingur þjóðfélags sem spólar fast, og stjórnmálalífs þar sem 180 gráða kúvending verður með hverjum stjórnarskiptum. Leiðréttingunni er ætlað að bæta tilteknum þjóðfélagshópi upp tap sem varð í atburðum sem urðu fyrir réttum sex árum. Áætlaður kostnaður sem fellur á ríkissjóð er 80 milljarðar króna, að viðbættum töpuðum skatttekjum upp á um 20 milljarða til viðbótar. Þetta er gert á sama tíma og menn virðast sammála um að heilbrigðiskerfið sé að hruni komið. Árið 2013 námu heildarútgjöld til heilbrigðismála rúmlega 160 milljörðum króna. Þegar allt er talið felst um 100 milljarða reikningur stílaður á ríkissjóð í skuldaleiðréttingunni. Einungis brot af þeirri fjárhæð gæti skipt sköpum til frambúðar hvað heilbrigðiskerfið varðar.

**MENNTAMÁL** og heilbrigðismál eru dæmi um fjárfestingu í nútíð og framtíð. Almennar skattalækkanir eru annað úrræði sem aflögufær ríkissjóður getur beitt til að rýmka andrými þegnanna og ýta undir vöxt. Þá er ekki minnst á landbúnaðarkerfi sem er bæði óhagkvæmt og heldur þeim sem styrkina þiggja í fátæktargildru. Hugaðri stjórnmálamenn hefðu staldrað við einhvern af þessum kostum. Skuldaleiðréttingin svokallaða er hins vegar retróspektív aðgerð sem nýtist bara sumum en er fjármögnuð af öllum. Þetta er ekki bara populísk aðgerð, heldur var hún einnig til þess fallin að skapa ástand óvissu og eftirvæntingar í hagkerfi sem fyrst og fremst þurfti á staðfestu og stöðugleika að halda. Skuldaleiðréttingin var óréttlát, óskynsamleg og allt of seint fram komin. Látum hér við sitja, og ekki orð um það meir. Það er kominn tími til að líta fram á veginn.

@stjornarmadur

Potturinn og pannan í jólasteikinni




SWAN CUISINE

Hágæða stálpottar og pönnur fyrir þá sem eru metnaðarfullir í eldhúsinu. Má nota á allar gerðir af hellum, þ.m.t. spanhellur. Mikið úrval af öllum stærðum og gerðum. Þess má geta að pottarnir frá Swan eru mikið notaðir af atvinnukokkum á helstu veitingastöðum landsins.

FASTUS
Veit á vandaða lausn

Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • sími 580 3900 • www.fastus.is • opið mán - fös 8.30 - 17.00

## Bílar til sölu



Svartur Mercedes Bens CLS 500, árg. 06, í toppstandi, hlaðinn aukabúnaði til sölu. Ekinn aðeins 71 þús. km Verð tilboð. Guðlaugur gsm.:896-0747.



Mazda 6 árg. 2007. Ekinn 60þús km. Sjálfskiptur, sumar og vetrardekk. Verð 1.990þús. Uppl. Í s:822-2008.

## 250-499 þús.



**GÓÐUR JEPPLINGUR -TILBOÐ 390 ÞÚS**

SUZUKI GRAND VITARA 2.0 4X4 árg'98 ek.189 þús, sk.15 góð vetrardekk, beinskiptur hátt og lágt drif, gott eintak TILBOÐVERÐ 390 ÞÚS möguleiki á 100% vísaláni í 36 man s.841 8955

## Bílar óskast

**KAUPI BÍLA FYRIR ALLT AÐ MILLJÓN STGR!!**

Óska eftir að kaupa bíla fyrir allt að 1.000.000. staðgreitt. Er með pappíra og pening til að ganga frá því samdægurs ef að samningar nást. Bíllinn má þarfnast lagfæringar og/ eða skoðunar. skoða allar tegundir. Hringdu í síma: 659-9696 eða sendu email á 6599696@gmail.com

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**

Má þarfnast lagfæringa.

**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

Óska eftir bíl á bilinu 30-500þ. Ekki eldri en ,00. Má þarfnast viðgerðar. S. 866 0784.

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA - SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Vörubílar

**VÖRUBÍLASTÖÐ HAFNARFJARÐAR**

Getum útvegað sand og önnur fyllingarefni og fjarlægt efni úr lóðum. Höfum trailera, kranabíla og vörubíla. Getum útvegað gröfur.

**Upplýsingar veittar í síma 555 0055**

## Varahlutir

**SMÁPARTAR.IS**

Eigum orðið mikið úrval notaðra og nýja varahluta í margar gerðir bíla. Tökum einnig að okkur viðgerðir. Upplýsingar á Smápartar.is eða í síma 5675040-7785040

## Bílaþjónusta




## Viðgerðir

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, mmc carisma, kangoo. Renni diska og skálar. Sérgrein bremsuviðgerðir. S. 892 7852.

**AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI**

Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Þar á meðal pústviðgerðir, bremsur og allar viðgerðir. Uppl. s. 555 6020.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 699 6069 & 663 5315.

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**

Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 662 4010 www.vy.is

## Búslóðaflutningar

**SENDIBILL.IS**

Búslóðaflutningar, píanóflutningar, gerum tilboð í búslóðaflutninga út á land. Almenn sendibílaþjónusta. S. 772 3222

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@ flytja.is

## Húsaviðhald




Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

Getum bætt við okkur verkefnum í flísalögnum og múrverki. Uppl. í s. 866 6291 og 824 0824. MeistaraMúr ehf.

Laga ryð á þökum, hreinsa þakrennur, og tek að mér ýmis smærri verk. Uppl. s. 8478704. manninn@hotmail.com.

## Nudd

Nudd tilboð. Nuddstofan, opið frá 10-20. S. 5616254/8553199.

## Spádómar

KÆRLEIKS-LJÓSIÐ
Spámiðill Tarot lestur og kristalkúla
566 7311
Tímapantanir í síma 8694650

**SPÁSÍMINN 908 5666**

Stjörnuspá. Tarot. Árspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**SPÁSÍMI 908-6116**

Ástir, fjármál & heilsa.

## Rafvirkjun




**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**

Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

# KEYPT & SELT

## Til sölu




Samskipti annast uppsetningu Stimpla. Einnig getur þú hannað þinn eigin stimpil á samskipti.is, S:580-7820 eða sendu fyrirspurn á sala@ samskipti.is

**FRÁBÆRT VERÐ Á LOPAGARNI**

Álafosslopi 429 kr. Léttlopi 259 kr. Plötulopi 399 kr. Gefjun.is

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**



## Merkisatburðir

**1927** Leon Trotsky er vísað úr Kommúnistaflokknum í Sovétríkjunum.
**1944** Bretar sökkva þýska herskipinu Tirpitz þar sem það liggur við akkeri í norskum firði.
**1954** Ellis-eyja, aðalskráningarstöð innflytjenda til Bandaríkjanna í 62 ár, er lokað.
**1967** Síðustu tíu íbúarnir flytja úr Flatey á Skjálfanda. Nokkrum árum áður bjuggu þar um hundrað manns.
**1974** Þórbergur Þórðarson rithöfundur andast 85 ára.
**1980** Geimskipið Voyager 1 tekur fyrstu nærmyndirnar af Satúrnusi.
**1991** Gjaldþrotaskipta er óskað fyrir Íslenska stálfélagið hf.



> Ég er jólabarn og afmælið fellur alltaf svolítið í skugg-ann af jólunum.

**ANDRÉS ÞÓR GUNNLAUGSSON** Djasstónlistarmaðurinn heldur tónleika í Björtuloftum í kvöld. MYND/ÓLAFUR MÁR SVAVARSSON

# Fagnar þremur stórum áföngum í kvöld

**Gítarleikarinn Andrés Þór Gunnlaugsson fagnar tíu ára útgáfuafmæli, nýrri nótnabók og fertugsafmæli með tónleikum sem verða í Björtuloftum í kvöld.**

Gítarleikarinn Andrés Þór Gunnlaugsson efnir til tónleika í kvöld í tilefni þriggja stóráfanga í lífi sínu og ferli. Hann fagnar útgáfu nótnabókar, tíu ára útgáfuafmæli fyrstu plötu sinnar og fertugsafmæli sínu sem verður í lok ársins.

„Nótnabókin er með öllum þeim djasslögum sem ég hef samið og hafa komið út á diskum sem ég hef gefið út undir mínu nafni og líka því sem ég hef gefið út í samstarfsverkefnum,“ segir Andrés Þór, aðspurður. „Lögin spanna öll þessi tíu ár, eða frá því að fyrsta djassplatan sem ég var hluti af kom út. Ég bjóst við að þetta yrðu þrjátíu og eitthvað lög en á endanum sá ég að þetta voru 45 lög.“

Fyrsta djassplata sem Andrés spilaði inn á var með hollensku og íslensku djasstríói, Wijnen and Winter and Thor, en hann var þá nýfluttur heim frá Hollandi þegar hún kom út. Næsta platan sem kom á eftir var fyrsta sólóplatan hans, Nýr dagur, og síðan þá hefur Andrés reynt að vera duglegur að búa til nýja tónlist.

Djassarinn, sem er bæjarlistamaður Hafnarfjarðar í ár, verður fertugur 27. desember. „Ég er jólabarn og afmælið fellur alltaf svolítið í skugg-ann af jólunum,“ segir hann. „Þannig að ég ákvað að halda upp á það núna. Svo verður örugglega veisla fyrir vini og ættingja í desember.“

Á tónleikunum, sem verða í Björtuloftum í Hörpu, verða leikin vel valin lög úr nýju nótnabókinni. Ásamt Andrési koma fram Agnar Már Magnússon á píanó, bassaleikarinn Þorgrímur Jónsson og Scott McLemore sem leikur á trommur. Tónleikarnir hefjast kl. 21 og miðaverð er kr. 1.500 en 1.000 kr. fyrir nemendur og eldri borgara. Miðar fást á Harpa.is og Midi.is. freyr@frettabladid.is

---

✝



Elsku faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**ÓLAFUR Á. JÓHANNESSON**
**blikksmíðameistari,**
**Jökulgrunni 10,**

lést 8. nóvember. Jarðarförin mun fara fram í kyrrþey að hans ósk. Við þökkum starfsfólki líknardeildar LSH í Kópavogi frábæra umönnun. Þeim sem vilja minnast hans er bent á minningarsjóð líknardeildarinnar.

**Halldóra Ólafsdóttir**
**Helga Ólafsdóttir** — **Magnús Jónsson**
**Ólafur Jón Magnússon** — **Kristín Rut Ragnarsdóttir**
**Kristín Sigrún Magnúsdóttir**
**Hjalti Jóel Magnússon**

---

✝



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður minnar, tengdamóður, ömmu, langömmu og systur,

**SIGURDÍSAR SKÚLADÓTTUR**
**Háaleitisbraut 45,**
**Reykjavík.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks líknardeildar LSH í Kópavogi fyrir einstaka umhyggju og hlýju.

**Sigríður Jóhannsdóttir** — **Haraldur Hermannsson**
**Sigurdís Haraldsdóttir** — **Rosa Sarvarova**
**Svava Jóhanna Haraldsdóttir** — **Brynjar Örn Ólafsson**
**Jóhann Haraldsson**
**Sigurdís Ásta Brynjarsdóttir**
**Sveinn Skúlason** — **Erna Valsdóttir**
**Sigríður Á. Skúladóttir** — **Ari K. Sæmundsen**
**og aðrir aðstandendur.**

---

✝



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**HELGA EGILSDÓTTIR**
**frá Njarðvík,**

lést í faðmi fjölskyldunnar á heimili sínu, Hlévangi, Reykjanesbæ, þriðjudaginn 4. nóvember. Útför hennar fer fram frá Ytri-Njarðvíkurkirkju, fimmtudaginn 13. nóvember kl. 13.00.

**Jónas Jóhannesson** — **Erla Hildur Jónsdóttir**
**Snorri Jóhannesson** — **Sigurveig Long**
**Sigríður Jóna Jóhannesdóttir** — **Gísli Grétarsson**
**barnabörn og langömmubörn.**

---

✝



Innilegar þakkir færum við öllum sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför ástkærs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**OTTÓS GÍSLASONAR**

Aðstandendur þakka starfsfólki Seljahlíðar, Landspítala og Vífilsstaða fyrir einstaka umönnun og hlýju.

**Þórður Gísli Ottósson**
**Ingibjörg Ottósdóttir** — **Guðjón Hreiðar Árnason**
**Anna Karólína Ottósdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, sonur, bróðir okkar og afi,

**ÞÓRARINN RAGNAR ÁSGEIRSSON**

andaðist á heimili sínu 3. nóvember. Jarðarförin fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 14. nóvember kl. 13.00.

**Hildur S. Friðriksdóttir**
**Ásta Þórarinsdóttir** — **Sigurður G. Geirsson**
**Kristinn Eiríkur Þórarinsson**
**Ásta Hallý Nordgulen**
**Erla M. Ásgeirsdóttir**
**Lúðvík Jóhann Ásgeirsson**
**og barnabörn.**

---

✝



Ástkær eiginmaður minn, sonur, faðir, tengdafaðir og afi,

**UNNAR JÓN KRISTJÁNSSON**
**Kambahrauni 26, Hveragerði,**

lést sunnudaginn 9. nóvember. Útförin fer fram frá Digraneskirkju föstudaginn 21. nóvember kl. 13.00. Jarðsett verður í Kotstrandarkirkjugarði.

**Guðný Einarsdóttir**
**Ragnhildur Magnúsdóttir**
**Kristján Óðinn Unnarsson** — **Birgitta Dröfn Sölvadóttir**
**Unnur Sylvía Unnarsdóttir**
**Unnar Logi Sigfússon**

---

✝



Elsku móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**EIRÍKA KATLA DAGBJARTSDÓTTIR**
**fyrrverandi veitingakona,**
**hjúkrunarheimilinu Sóltúni,**

lést þriðjudaginn 4. nóvember. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 14. nóvember kl. 11.00.

**Magnús H. Valgeirsson og Jóhanna Stefánsdóttir**
**Bryndís Valgeirsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**SIGURLAUG INGÓLFSDÓTTIR**
**Dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri,**

lést laugardaginn 1. nóvember sl. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 14. nóvember kl. 13.30.

**Guðbjörg Inga Ragnarsdóttir** — **Kristinn Tómasson**
**Soffía Ragnarsdóttir** — **Steindór Sigurðsson**
**Ingibjörg Ragnarsdóttir** — **Axel Bragi Bragason**
**Ragna Sigurlaug Ragnarsdóttir**
**ömmubörn og langömmubörn.**

---

LEGSTEINAR
MIKIÐ ÚRVAL AF FYLGIHLUTUM
VÖNDUÐ VINNA
Steinsmiðjan Mosaik
Stofnað 1952 Hamarshöfði 4 - sími 587-1960 - www.mosaik.is

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSBYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: WWW.VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU 80- 400 FM HÚSNÆÐI MEÐ ALLT AÐ 4M LOFTHÆÐ MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**
Nýbýlavegi og Auðbrekku (gömlu Toyota húsunum) hentar undir léttan iðnað, heildsölur o.fl greið aðkoma að húsnæðinu, frábært auglýsingagildi, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri.
**Uppl. veitir Sverrir í s. 661-7000**

Til leigu nýleg 2ja herb. íbúð við Norðlingaholt ásamt bílskýli. Leiga 145þús. Trygging 3 mán. Uppl. í s. 663 4141

## Sumarbústaðir

**Hellatún í Ásahreppi í Rangárvallsýslu.**



Parhús (154,4fm)með tveimur íbúðum 67,8fm og 86,6fm, byggt úr holsteini 1944, klætt með áli á þrjá vegu. Húsið stendur á eignarlóð. Heitt og kalt vatn. FRÁBÆRT HÚS Í FERÐAÞJÓNUSTU Verð 12,9 m .lán allt að 80% af kaupverði í boði. Nánari uppl. í s. 898-5254

## Atvinnuhúsnæði

**SKRIFSTOFUR TIL LEIGU.**
2 - 16m2 skrifstofur í snyrtilegu umhverfi niðri á Granda til leigu nú þegar. Leigjast báðar saman eða í sitthvoru lagi. Uppl. gefur Pétur í s. 893 1162.

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

## ATVINNA

## Atvinna í boði

Vanur pizzugerðarmaður óskast til starfa. Umsóknir sendist til thjonusta@365.is merkt „pizza"





Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is




SAFT


## tilkynningar

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

### Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Kinna

Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 4. nóvember 2014 að auglýsa tillögu að breytingunni samkvæmt 41. grein skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin felst í að lóð leikskólans stækkar og gerð er ný lóð fyrir íbúðakjarna þar sem mest verða sex íbúðir og þjónustukjarni. Aðkoma að leikskóla og íbúðakjarna verður frá Öldugötu. Mörk skipulagssvæðisins breytast til samræmis við aðliggjandi skipulagssvæði.

**Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Öldutúnsskóla**
Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 4. nóvember 2014 að auglýsa tillögu að breytingunni samkvæmt 41. grein skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin felst í að lega Öldugötu helst óbreytt frá því sem nú er og aðkoma að Víðihvammi 1 helst einnig óbreytt. Byggingarreitur íþróttahúss er færður syðst á lóðina með aðkomu frá Hvammabraut.

Tillögurnar verða til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 8-10 og hjá skipulags- og byggingarsviði Norðurhellu 2 frá 12. nóvember 2014 til 10. janúar 2015. Hægt er að skoða deiliskipulagstillögurnar á forsíðu vefs Hafnarfjarðarbæjar www.hafnarfjordur.is Nánari upplýsingar eru veittar á skipulags- og byggingarsviði.

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingarnar og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarbæjar eigi síðar en 10. janúar 2015. Þeir sem eigi gera athugasemdir við breytinguna innan tilskilins frests, teljast samþykkir henni.

*Skipulags- og byggingarsvið Hafnarfjarðar*

## fasteignir

**Granaskjól 18**
107 Reykjavík
Einstaklega falleg sérhæð

Stærð: 120,4 fm
Fjöldi herbergja: 6
Byggingarár: 1961
Fasteignamat: 31.400.000

RE/MAX Lind




**MIÐVIKUDAG 12.NÓV FRÁ 17:30 - 18:00**

**Verð: 51.900.000**





Hannes Steindórsson kynnir:
Einstaka hæð með sérinngangi og bílskúrsrétti. Eignin er að mestu endurnýjuð bæði að innan sem utan. Gegnheilt parket, kvarts borðplötur, Miele eldhústæki, fjögur herbergi (þar af eitt lítið fataherbergi, gæti nýst sem skrifstofa).

Gunnar Valsson
Sölufulltrúi
**699-3702**
gv@remax.is



Hannes Steindórs
Lögg. fasteignasali
**699 5008**
hannes@remax.is



**RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is**

## tilkynningar

### ÍBÚASAMRÁÐ Í SMÁRANUM



**Fimmtudaginn 13. nóvember kl. 16:30 - 18:30 í Smáraskóla.**

**Dagskrá fundarins:**
- Ávarp, Ármann Kr. Ólafsson bæjarstjóri
- Kynning á hugmyndum að deiliskipulagi sunnan Smáralindar. Skipulagslýsing.
- Verkefnið Hverfisáætlun Smárans kynnt.
- Samráð við íbúa, vinnufundur.
- Lokaorð, Sverrir Óskarsson formaður skipulagsnefndar

**Í HVERNIG HVERFI VILT ÞÚ BÚA?**
**TAKTU ÞÁTT - LÁTTU Í ÞÉR HEYRA**

**www.kopavogur.is/hverfisskipulag**

Kópavogsbær
Skipulags- og byggingardeild Umhverfissviðs
kopavogur.is

### SPRENGISANDSLEIÐ / SPRENGISANDSLÍNA

## Opið hús

Vegagerðin og Landsnet hafa haft samstarf um leiðarval vegna Sprengisandsleiðar og Sprengisandslínu en mat á umhverfisáhrifum framkvæmdanna er að hefjast. Vegagerðin og Landsnet standa sameiginlega að kynningarfundum um matsáætlanir þessara verkefna.

Opið hús verður
- **fimmtudaginn 13. nóvember í Rafveituheimilinu í Elliðaárdal, Reykjavík, kl. 16:00-19:00.**
- **þriðjudaginn 18. nóvember á Hótel KEA, Hafnarstræti 87 – 89 Akureyri, kl. 16:00-19:00.**

Þar verða drög að tillögu að matsáætlun kynnt með útprentuðum gögnum og með upplýsingum á skjávörpum og tölvuskjám. Fulltrúar frá Landsneti, Vegagerðinni og ráðgjöfum verða á staðnum til að ræða við gesti.

**Allir velkomnir!**

VEGAGERÐIN   LANDSNET

## fasteignir

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Ljárskógar 3 - Reykjavík**

**Eignin verður til sýnis frá kl. 17.15-17.45**




Vel staðsett 210,9 fm. einbýlishús á þremur pöllum með stórri skjólgóðri verönd til suðurs og innbyggðum 38,4 fm. bílskúr. Samliggjandi stofur með arni og útsýni til sjávar og víðar. Sex herbergi. Sjónvarpshol með útgangi á viðarverönd til suðurs. Opið eldhús við stofu. Húsið stendur á 1.067 fm. lóð innst í botnlanga og er stór hellulögð innkeyrsla fyrir framan húsið.
**Verð 52,9 millj. Verið velkomin.**



KL. 20:05

**Heimsókn**

Sindri Sindrason heimsækir hjónin Gísla Gíslason lögfræðing og Jóhönnu Björnsdóttur flugfreyju.

# Frábært miðvikudagskvöld

KL. 20:30

**A To Z**

Rómantískir gamanþættir þar sem við fylgjumst með Andrew og Zeldu og þeirra undarlega og skemmtilega ástarsambandi.




KL. 20:55

**Grey's Anatomy**

Geysivinsælir dramaþættir sem fjalla um flókið einkalíf læknanna á Grey-Sloan spítalanum í Seattle-borg.



KL. 21:40

**Forever**

Stórgóð þáttaröð um Dr. Henry Morgan, réttarmeinafræðing, sem á sér afar litríka og langa fortíð. Hann getur nefnilega ekki dáið.



KL. 22:00

**The Paperboy**

Spennuþrungin kvikmynd með Zac Efron, Matthew McConaughey, Nicole Kidman og John Cusack í aðalhlutverkum.



KL. 22:25

**Cold Case**

Magnþrunginn myndaflokkur um lögreglukonuna Lilly Rush sem starfar við morðdeildina við að leysa úr gömlum sakamálum.



Krakka stöðin | KL. 18:00

**Dóra landkönnuður**

Við fylgjumst með Dóru og hundinum Klossa í ævintýrum þeirra yfir fjöll og firnindi.



Fáðu þér áskrift! 365.IS



## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | | | | 1 | | | 9 |
| | | 5 | 2 | | 8 | 1 | | |
| | | 3 | 5 | | | | 2 | |
| | 5 | 6 | | 2 | | 4 | 9 | 7 |
| | | | | | | | 6 | 8 |
| | 3 | | 4 | 6 | | | | 1 |
| | | 9 | | | | 8 | 4 | 2 |
| | | | | 8 | | | | |
| | | | 7 | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 8 | | 9 | | 4 | | 3 | |
| | 1 | | | | | | | |
| 7 | | 3 | 5 | | | | 1 | 2 |
| 8 | 2 | 6 | | 4 | | | | |
| | | | 8 | 7 | | | | |
| | 5 | | | 2 | | 9 | | |
| | | | | | | 2 | 9 | |
| | | 9 | | 6 | | 3 | 4 | |
| | 4 | 5 | 7 | | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | 2 | 8 | |
| 9 | 1 | | | 4 | 8 | | 7 | 6 |
| 4 | | | | | | | | 1 |
| 1 | 6 | 5 | | 3 | | 8 | | |
| | 8 | | | | | | 2 | 3 |
| | 3 | | | | 6 | | | |
| | | | 5 | | 4 | | 6 | |
| | 9 | | 2 | 8 | | | | |
| | | | | | | | | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 8 | 6 | 4 | 5 | 9 | 7 | 1 | 3 |
| 7 | 9 | 1 | 3 | 6 | 2 | 5 | 8 | 4 |
| 3 | 5 | 4 | 7 | 8 | 1 | 6 | 9 | 2 |
| 4 | 6 | 9 | 5 | 7 | 3 | 8 | 2 | 1 |
| 1 | 7 | 8 | 2 | 4 | 6 | 9 | 3 | 5 |
| 5 | 2 | 3 | 9 | 1 | 8 | 4 | 6 | 7 |
| 8 | 3 | 5 | 6 | 2 | 7 | 1 | 4 | 9 |
| 6 | 4 | 2 | 1 | 9 | 5 | 3 | 7 | 8 |
| 9 | 1 | 7 | 8 | 3 | 4 | 2 | 5 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 1 | 6 | 2 | 9 | 7 | 4 | 5 | 8 |
| 4 | 2 | 8 | 1 | 3 | 5 | 7 | 9 | 6 |
| 5 | 9 | 7 | 4 | 6 | 8 | 1 | 2 | 3 |
| 1 | 6 | 2 | 3 | 7 | 4 | 9 | 8 | 5 |
| 7 | 4 | 5 | 8 | 2 | 9 | 3 | 6 | 1 |
| 8 | 3 | 9 | 5 | 1 | 6 | 2 | 7 | 4 |
| 9 | 7 | 4 | 6 | 8 | 1 | 5 | 3 | 2 |
| 6 | 5 | 3 | 7 | 4 | 2 | 8 | 1 | 9 |
| 2 | 8 | 1 | 9 | 5 | 3 | 6 | 4 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | 1 | 8 | 7 | 2 | 5 | 9 | 3 |
| 2 | 5 | 8 | 9 | 1 | 3 | 6 | 7 | 4 |
| 7 | 9 | 3 | 4 | 6 | 5 | 2 | 1 | 8 |
| 6 | 8 | 5 | 1 | 9 | 4 | 7 | 3 | 2 |
| 9 | 2 | 7 | 5 | 3 | 6 | 8 | 4 | 1 |
| 3 | 1 | 4 | 7 | 2 | 8 | 9 | 5 | 6 |
| 5 | 3 | 6 | 2 | 4 | 7 | 1 | 8 | 9 |
| 8 | 4 | 9 | 6 | 5 | 1 | 3 | 2 | 7 |
| 1 | 7 | 2 | 3 | 8 | 9 | 4 | 6 | 5 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

**„Ég vil frekar sjá eftir því sem ég hef gert heldur en því sem ég hef ekki gert.“**

*Lucille Ball.*



## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**2.** margskonar, **6.** samþykki, **8.** meiðsli, **9.** rjúka, **11.** númer, **12.** tími, **14.** skýli, **16.** sjó, **17.** landspilda, **18.** tímabil, **20.** tvíhljóði, **21.** flaska.

**LÓÐRÉTT**
**1.** birta, **3.** tvö þúsund, **4.** fugl, **5.** dýrahljóð, **7.** vinsæll, **10.** í viðbót, **13.** til sauma, **15.** innyfli, **16.** verkfæri, **19.** Í röð.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** ýmsu, **6.** já, **8.** mar, **9.** ósa, **11.** nr, **12.** stund, **14.** skáli, **16.** sæ, **17.** lóð, **18.** öld, **20.** au, **21.** gler. **LÓÐRÉTT: 1.** ljós, **3.** mm, **4.** sandlóa, **5.** urr, **7.** ástsæll, **10.** auk, **13.** nál, **15.** iður, **16.** sög, **19.** de.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Henrik Danielsen (2.501) hafði hvítt gegn Lars Oskar Hauge (2.308) á N1 Reykjavíkurmótinu sl. vetur.**
**Hvítur á leik:**



**25. Rxg6! fxg6 26. Bxc6 Kg7** (26.…Hxc6 27. Dd5+) **27. Bd5** og hvítur vann öruggan sigur 17 leikjum síðar.
**www.skak.is** Heimsmeistaraeinvígi Carlsen og Anand stendur nú yfir.




# BIOTHERM BOMBA Í LYFJU

## 12. - 14. NÓVEMBER

Aquasource hefur hlotið fjölda verðlauna út um allan heim.
Nú fást BB og CC krem í þessari einstöku línu.

**20%**

**KYNNINGARAFSLÁTTUR**
**AF ÖLLUM**
**BIOTHERM VÖRUM.**




Kaupaukinn þinn þegar þú kaupir Biotherm vörur fyrir 7.800 kr. eða meira.

**Tilboðið gildir í Lyfju Lágmúla, Smáratorgi, Smáralind og Laugavegi**

LYFJA
– Lifið heil

# Sólstafir í tónlist Áskels

TÓNLIST ★★★★☆

**Kammersinfónía, Elja, Ymni, Maes Howe**
Áskell Másson
**NAXOS**




Tónlist Áskels Mássonar er á vissan hátt skuggaleg. Tónmálið er dökkt og stemningin dálítið þungbúin. Þó er hún alls ekki drungaleg. Þvert á móti er ljós í henni sem skín í myrkrinu, venjulega í lok verkanna. Þetta er eitt af megineinkennum tónsmíðanna sem er að finna á geisladiski með Caput hópnum frá Naxos-útgáfunni.

Verkin sem um ræðir eru heillandi. Þau eru misflókin og eftir því misjafnlega aðgengileg. En það er samt í þeim innra samhengi, Áskell tapar aldrei þræðinum. Tónlistin er full af merkingu, skáldskapurinn er innblásinn. Hugmyndirnar eru frjóar. Framvindan er margbrotin og á köflum óvænt, en þó eðlileg. Það er svo fallegt hvernig Áskell endar verkin sín. Frásögnin á undan er e.t.v. tormelt, en síðan renna ólíkir þræðir saman í lokin í dásamlegum einfaldleika. Stundum er það bara eitthvert barnslegt stef, eða kannski liggjandi hljómar. Hvað sem það er, þá gengur það alltaf upp. Þetta eru eins og sólstafir sem brjótast í gegnum skýin.

Leikur Caput hópsins undir stjórn Joels Sachs er frábær, sérlega líflegur en einnig fágaður. Jens Bjørn-Larsen spilar prýðilega á einleikstúbu í einni tónsmíðinni og Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir syngur af viðeigandi innlifun. Tónlistin á það skilið að fá slíka meðhöndlun.

**Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Glæsilegur flutningur á nokkrum mögnuðum verkum eftir Áskel Másson.



**ÁSKELL MÁSSON** „Tónlistin er full af merkingu, skáldskapurinn er innblásinn,“ segir Jónas Sen.



**DOKTORSNEMINN** „Mér hefur sennilega frá upphafi verið ætlað að verða miðaldafræðingur. Það fylgir bara nafninu,“ segir Arngrímur Vídalín glettinn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Blámaður ógurlegur

**Orðið blámaður hefur ýmsar merkingar í miðaldaritum og þjóðsögum. Arngrímur Vídalín doktorsnemi ætlar að lýsa þeim í fyrirlestri í Árnagarði á morgun.**

„Blámönnum er lýst sem tröllum og í þjóðsögum eru þeir notaðir sem óvættir sem hetjur þurfa að glíma við. Þeir eru geymdir við hirðir konunga sem sýnisgripir og glímukappar. Þetta er afskaplega neikvæð mynd sem á sér sennilega fornar rætur í landalýsingum fornaldarmanna,“ segir Arngrímur Vídalín, doktorsnemi í íslenskum bókmenntum fyrri alda. Hann hefur rannsakað merkingar orðsins blámaður í fornum ritum og ætlar að drepa á ýmis dæmi um þær í fyrirlestrinum.

> Þetta er afskaplega neikvæð mynd sem á sér sennilega fornar rætur í landalýsingum fornaldarmanna.

**Skal ek fásk við blámann yðvarn**

Arngrímur segir elsta dæmið sem hann hafi fundið um orðið blámaður vera úr Fagurskinnu sem er skrifuð um 1240, þar virðist það vísa til Mára en þeir voru blanda af þjóðflokkum sem lögðu undir sig Spán og voru dekkri á hörund en Norður-Evrópubúar. Arngrímur vitnar líka í Postulasögu sem til er í tveimur útgáfum. „Í annarri útgáfunni kemur fram að postulinn fer til Indíalands og ætlar að særa út djöful úr skurðgoði með guðsorði og út kemur dimmur skuggi með svarta vængi og rauðglóandi augu en í hinni útgáfunni er þetta fyrirbæri kallað „blámaður ógurlegur, biki svartari“.“ En hvenær er hætt að minnast á blámenn í bókmenntum? „Það er ekki fyrr en upp úr miðri 20. öld en orðabókarskýringin er bara blökkumaður.

Allir eru velkomnir á fyrirlestur Arngríms á morgun klukkan 16.30 í stofu 422 í Árnagarði meðan húsrúm leyfir.

**gun@frettabladid.is**

OPIN NÁMSKEIÐ Í LISTKENNSLUDEILD

Listkennsludeild Listaháskólans býður uppá námskeið á meistarastigi fyrir starfandi listgreinakennara og listafólk sem vill sækja sér símenntun

NÁMSKEIÐ Á VORMISSERI 2015

- Aðferðir tónlistar í kennslu
- Dans, form og skapandi leiðir
- Fagurfræði, skynjun og nám
- From studio to classroom
- Heimspeki menntunar
- Leiðtogafærni: tæki og tól fyrir kennarann
- Leikgerð
- Leiklistarmeðferð
- Leikstjórn með ungu fólki
- Listir og samfélag
- Læsi og stafrænir miðlar í kennslu
- Sviðsbardagalist
- Textaverk
- Umsjónarkennarinn
- Þrívíð litavinna
- Fríspuni í tónlistarkennslu

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland Academy of the Arts

Allar nánari upplýsingar um námskeiðin, og umsóknareyðublað er að finna á lhi.is

# Aldrei fleiri þýðingar

Síðustu styrkjum ársins 2014 til þýðinga íslenskra verka á erlend mál hefur nú verið úthlutað frá Miðstöð íslenskra bókmennta.

Í ár voru veittir 80 þýðingarstyrkir á 28 tungumál, en aldrei fyrr hefur fleiri styrkjum verið úthlutað til þýðinga á erlend mál. Flestir styrkir eru til þýðinga á norsku, þýsku, dönsku, ensku og spænsku. Um er að ræða skáldsögur, barnabækur, ljóð og bækur almenns efnis. Styrkupphæðin í ár nemur samtals 19 milljónum króna.

Meðal verka sem sótt var um styrki fyrir til þýðinga yfir á erlend mál eru skáldsagan Skaparinn eftir Guðrúnu Evu Mínervudóttur sem væntanleg er bæði á frönsku og indverska tungumálinu malayalam. Einnig var sótt um styrki til að þýða Himnaríki og helvíti eftir Jón Kalman Stefánsson á arabísku og LoveStar eftir Andra Snæ Magnason, en hún er einnig væntanleg í franskri þýðingu. Jafnframt var sótt um styrki til að þýða verðlaunabókina Mánastein eftir Sjón á sex tungumál.



**SJÓN** Mánasteinn verður þýddur á sex tungumál. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN






**Jólahlaðborðið og jólabrönsinn í Turninum, hæstu byggingu landsins er engu lík og ekki spillir stórbrotið útsýnið upplifuninni !**

Öðruvísi og skemmtilegt er það sem kemur upp í hugann, en þó fyrst og fremst ómótstæðilega girnilegt. Framúrskarandi hráefni, metnaðarfullir matreiðslumenn og þjónusta í fallegri umgjörð gera stund í Turninum ógleymanlega.

**Borðapantanir eru í síma: 575·7500. Jólaseðlana má nálgast á vef okkar: www.turninn.is**

| JÓLAHLAÐBORÐ | JÓLABRUNCH |
|---|---|
| *Föstudagur 05/12* | *Laugardagur 06/12* |
| *Laugardagur 06/12* | *Sunnudagur 07/12* |
| *Föstudagur 12/12* | *Laugardagur 13/12* |
| *Laugardagur 13/12* | *Sunnudagur 14/12* |
| *kr. 8.500.-* | *kr. 4.900.-* |

TURNINN veislusalir

TURNINN | Smáratorgi 3 ·201 Kópavogi · Sími: 575 7500 · www.turninn.is

# Myndarleg Airwaves-hátíð á enda runnin

Tónlistarhátíðin Iceland Airwaves var haldin í sextánda sinn um síðustu helgi og heppnaðist hún með eindæmum vel. Margar skemmtilegar hljómsveitir stigu á svið og náðu ljósmyndarar Fréttablaðsins af þeim fjölda góðra mynda.



**DJ. FLUGVÉL OG GEIMSKIP** spilaði á Fredriksen á laugardagskvöldinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR




**THE KNIFE** Sænska Hljómsveitin The Knife vakti mikla lukku í Hörpu.






**BOOGIE TROUBLE** Dansinn dunaði á tónleikum Boogie Trouble í Iðnó.



**TONIK ENSEMBLE** Hljómsveitin, með Anton Kaldal Ágústsson í fararbroddi, Spilaði í Kaldalóni í Hörpu.



**EZRA FURMAN** Bandaríkjamaðurinn Ezra Furman spilaði í Iðnó á laugardagskvöldinu.



**DJ JONATHAN TOUBIN** Bandaríski plötusnúðurinn og upptökustjórinn þeytti skífum í Iðnó.



**SYKUR** Elektrósveitin spilaði í Gamla bíói.



**ORCHESTRA OF SPHERES** hljómsveitin, sem rr frá Nýja-Sjálandi, var skrautleg í Iðnó.

## Greiðslur úr IHM sjóði SÍK

**SÍK – Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda** auglýsir eftir umsóknum um greiðslur úr IHM sjóði félagsins. Rétt til umsókna úr sjóðnum eiga sjálfstæðir kvikmyndaframleiðendur sem framleitt hafa kvikmyndir sem sýndar hafa verið í sjónvarpi **á árinu 2012**. Aðeins rétt útfylltar umsóknir verða afgreiddar.
Umsóknir berist fyrir 30. nóvember til:
**SÍK – Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda**
**c/o Samtök iðnaðarins, Borgartúni 35, 105 Reykjavík**
eða með tölvupósti á *sik@producers.is*
Nánari upplýsingar, reglur og umsóknareyðublöð eru á vefsíðu **SÍK – www.producers.is**

SÍK
**Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda**
Association of Icelandic Film Producers

# TV on the Radio bætist við hátíðina Sonar Reykjavík

Fjórtán flytjendur úr ýmsum áttum hafa bæst við Sónar, sem verður haldin á næsta ári, þar meðal Elliphant og Daniel Miller.

Fjórtán flytjendur hafa bæst við tónlistarhátíðina Sónar Reykjavík, þar á meðal bandaríska hljómsveitin TV on the Radio. Hún lék einmitt á Iceland Airwaves-hátíðinni snemma á ferli sínum árið 2003 og hefur síðan náð vinsældum og aðdáun tónlistarspekúlanta fyrir tónlist sína. Þar hafa David Bowie, David Byrne, Trent Reznor og fleiri lagt sveitinni lið.

Aðrir sem hafa bæst við eru Elliphant frá Svíþjóð, breska sveitin Kindness, Daniel Miller, Sophie og Randomer sem koma öll frá Bretlandi, Sin Fang, Ghostigital, Fufanu, Gervisykur, Sean Danke, Exos, DJ Yamaho og DJ Margeir.

Daniel Miller er einn af brautryðjendum raftónlistarinnar, bæði sem listamaðurinn The Normal og meðlimur sveitarinnar Silicon Teens. Hann stofnaði plötuútgáfuna Mute sem hafði á sínum snærum listamenn á borð við Depeche Mode og Yazoo. Hann kemur fram á hátíðinni sem plötusnúður.

Danstónlist Elliphant hefur verið líkt við verk Major Lazer og M.I.A., en eftir töluverðar vinsældir lagsins Down of Life hefur hún unnið með Diplo, Skrillex og Niki & The Dove að nýju efni

Þegar hafa verið tilkynntir á Sónar-hátíðina, sem verður haldin í febrúar á næsta ári, flytjendur á borð við Skrillex, Paul Kalkbrenner, Mugison og Uni Stefson. - fb



**TV ON THE RADIO** Meðlimir hljómsveitarinnar TV on the Radio sem spilar á Sónar Reykjavík á næsta ári. NORDICPHOTOS/GETTY



**ASH** ein vinsælasta hryllingsmyndapersóna allra tíma.

## Evil Dead rís upp frá dauðum

Splattermyndirnar sívinsælu The Evil Dead munu snúa aftur á næsta ári í formi sjónvarpsþáttanna Ash vs. Evil Dead. Tíu þættir verða gerðir fyrir sjónvarpsstöðina Starz en upprunalega Evil Dead-teymið mun koma að gerð þáttanna, svo sem leikstjórinn Sam Raimi og stjarna myndanna, Bruce Campbell.

Hryllingsmyndaaðdáendur um allan heim hafa án efa glaðst yfir þessum fréttum en í þáttunum mun aðalpersónan ástsæla Ash berjast við ýmsa ófrýna djöfla og afturgöngur. „Ash er kominn aftur til að sparka í rassinn á skrímslum. Og vá, hvað það verður helvíti mikið af þeim,“ segir Sam Raimi.



**ÁFALL** Mikið var fjallað um sjálfsmorð Robins Williams. NORDICPHOTOS/GETTY

## Var með heilabilunarsjúkdóm

Grínarinn Robin Williams þjáðist af heilabilunarsjúkdómnum Lewy Body og er því haldið fram að sjúkdómurinn hafi geta ýtt undir það að Williams framdi sjálfsmorð samkvæmt heimildum fréttasíðunnar TMZ.

Sjúkdómurinn er talinn næstalgengasta orsök heilabilunar á eftir Alzheimer og er hann kenndur við próteinútfellingar í taugafrumum í heila sem kallaður eru Lewy Body. Þeir sem þjást af sjúkdómnum fá oftar en ekki ofskynjanir.

Lewy Body er oft tengdur Parkinson-sjúkdómnum sem Williams var haldinn. Eiginkona grínarans sagði yfirvöldum stuttu eftir andlát hans að hann hefði kvartað yfir lyfjunum sem hann tók við sjúkdómnum og hvernig áhrif þau höfðu á líðan hans.



LAUGARÁSBÍÓ





| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| NIGHTCRAWLER | 5:30, 8, 10:20 | 16 |
| JOHN WICK | 8, 10:30 | 16 |
| GRAFIR & BEIN | 6 | 16 |
| BORGRÍKI 2 | 10:10 | 16 |
| KASSATRÖLLINN 2D | 5:50 | L |

SAMbio.is





| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| INTERSTELLAR | KL. 6 - 8:20 - 10 |
| INTERSTELLAR VIP | KL. 6:30 - 10 |
| ALGJÖR SVEPPI | KL. 6 - 8 |
| JOHN WICK | KL. 8 - 10:20 |
| THE REWRITE | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| ALEXANDER | KL. 6 |
| ANNABELLE | KL. 10:20 |
| AFINN | KL. 5:40 |
| **SAMBÍÓIN EGILSHÖLL** | |
| INTERSTELLAR | KL. 6:30 - 8 - 10 |
| ALGJÖR SVEPPI | KL. 5:40 |
| JOHN WICK | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| ALEXANDER | KL. 6 |
| **SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI** | |
| INTERSTELLAR | KL. 5:30 - 8 - 9 |
| ALGJÖR SVEPPI | KL. 5:40 |
| THE JUDGE | KL. 10:20 |
| AFINN | KL. 5:40 - 8 |
| **SAMBÍÓIN KEFLAVÍK** | |
| INTERSTELLAR | KL. 8 - 10:20 |
| ALGJÖR SVEPPI | KL. 8 |
| **SAMBÍÓIN AKUREYRI** | |
| INTERSTELLAR | KL. 6:30 - 8:30 - 10 |
| ALGJÖR SVEPPI | KL. 6 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ





SMÁRABÍÓ — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| INTERSTELLAR | KL 5.30 - 9 - 10 | 12 |
| INTERSTELLAR LÚXUS | KL 5.30 - 9 | 12 |
| GRAFIR OG BEIN | KL 5.45 - 8 | 16 |
| FURY | KL 8 - 10.45 | 16 |
| BORGRÍKI | KL 5.45 - 8 | 16 |
| GONE GIRL | KL 5 - 10.10 | 12 |
| KASSATRÖLLIN ÍSL TAL 2D | KL 3.30 | L |
| SMÁHEIMAR ÍSL TAL 2D | KL 3.30 | L |

HÁSKÓLABÍÓ — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| NIGHTCRAWLER | KL 5.30 - 9 | 16 |
| GRAFIR OG BEIN | KL 8 - 10.30 | 16 |
| FURY | KL 6 - 9 | 16 |
| BORGRÍKI | KL 5.45 - 10.10 | 16 |
| GONE GIRL | KL 5.45 | 16 |


# Geri Halliwell er trúlofuð

Kryddpían Geri Halliwell er trúlofuð Formúlu 1-stjörnunni Christian Horner en þau hafa verið par síðan í byrjun árs. Halliwell og Horner tilkynntu fréttirnar í dagblaðinu The Times í gær og fetuðu þannig í fótspor leikarans Benedicts Cumberbatch sem tilkynnti trúlofun sína í dagblaði fyrir stuttu. Kryddpían og Horner sáust fyrst opinberlega saman í mars í ár en þau hafa verið vinir síðustu fimm ár. Þau eiga bæði börn úr fyrri samböndum – Halliwell á dótturina Bluebell, átta ára, og Horner á dótturina Oliviu, eins árs.



# Bleika baráttan

**BAKÞANKAR**
Viktoríu Hermannsdóttur



Þegar ég komst að því að ég ætti von á dóttur fyrir tæpum fimm árum var ég strax mjög ákveðin um nokkra hluti. Stúlkan skyldi ekki alin upp í bleikum prinsessuheimi og Hello Kitty kæmi aldrei inn á heimili mitt – ekki í neinni mynd.

**ÞAÐ** fer nefnilega fátt meira í taugarnar á mér en þegar litlar stelpur eru kallaðar prinsessur og klæddar upp í stíl við viðurnefnið. Ég fékk grænar bólur þegar ég sá litlar stelpur klæddar í bleikt frá toppi til táar og mæður sem gerðu sitt besta til þess að það myndi alveg örugglega enginn halda að litla stelpan þeirra væri strákur. Ég vildi ekki að barnið væri alið upp í þeirri trú að hennar hlutverk í lífinu væri að vera undirgefin prinsessa sem skipti mestu máli að vera falleg.

**FYRSTU** mánuðina gekk þetta nú bara nokkuð vel. Ég hef að sjálfsögðu ekkert á móti bleiku en bleikt í of miklu magni og hvað þá á ungbarni er bara of mikið. Barnið var bara klætt í alla þá liti regnbogans sem hentuðu hverju sinni.

**ÞEGAR** barnið fór í leikskóla fór fljótlega að halla undan fæti. Framan af var blár uppáhaldsliturinn en ég man þegar ég var einhvern tímann að ræða þetta í góðra kvenna hópi þá sagði móðir eldri stelpu við mig að þetta væri töpuð barátta. Ég trúði því nú aldeilis ekki en þurfti fljótlega að kyngja stoltinu. Barnið kom heim af leikskólanum einn daginn og sagði mér að bleikt væri uppáhaldsliturinn og hún vildi bara vera í kjól. Áhrif samfélagsins höfðu skákað femíníska fyrirmyndaruppeldinu.

**ÉG** ætla auðvitað ekki að vera mamman sem bannar barninu að vera í því sem það vill klæðast. Þetta hefur því aldeilis komið í bakið á mér. Þegar dóttirin hélt upp á fjögurra ára afmælið sitt núna um daginn var Frozen þema og afmælisgestirnir nánast allir í prinsessukjólum. Það meira segja gekk svo langt að það voru Hello Kitty-servíettur á borðum. Baráttan algjörlega töpuð og ég dreg þann lærdóm af þessu að það á aldrei að segja aldrei. En þetta er allt í lagi því hún veit að prinsessur eru líka klárir snillingar sem geta allt.



**FLOTTUR Í RALPH LAUREN** Leikarinn Josh Hutcherson fer með hlutverk Peeta Mellarck í myndunum.



**MYNDARLEGUR** Liam Hemsworth var stórglæsilegur í svörtum jakkafötum með alskegg.



**MEÐ ALLA FJÖLSKYLDUNA** Þjálfari Chelsea, Jose Mourinho, mætti með alla fjölskylduna.

# HUNGER GAMES FRUMSÝND Í LONDON

Kvikmyndin Hunger Games: Mockingjay part 1 var frumsýnd í Odeon á Leicester Square í London á mánudag. Er þetta fyrri hluti lokakafla myndanna, sem alls verða þá fjórar. Einn aðalleikari myndarinnar, Philip Seymour Hoffman, lést í upphafi ársins, en áður en hann lést hafði hann lokið við að leika í Hunger Games-myndunum.



**FLOTT Í HVÍTU** Aðalleikkona myndarinnar, Jennifer Lawrence, var flott í hvítum Dior-kjól.



**STÓRGLÆSILEG** Julianne Moore stelur alltaf senunni á rauða dreglinum, hér í svörtum kjól úr smiðju Balenciaga.



**GUL OG GLÖÐ** Leikkonan Jena Malone í kjól frá Emilia Wickstead, sem minnir á kjól Fríðu í myndinni Fríða og dýrið.



**RISA KJÓLL** Elizabeth Banks var flott í þessum íburðarmikla kjól frá Elie Saab.




# Fyrsta plata AmabAdamA er komin út!

***Fáanleg á geisladisk og vínyl í öllum betri plötubúðum og einnig á tónlistarveitum***

***Inniheldur lagið „Hossa Hossa"!***

Record Records

## Þorlákur tekur við af Magna

**FÓTBOLTI** Þorlákur Árnason, þjálfari U17 ára landsliðs karla í knattspyrnu, tekur við starfi Magna Fannbergs sem yfirþjálfari unglingaakademíu sænska félagsins Brommapojkarna, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Magni var ráðinn þjálfari aðalliðsins á dögunum.

Brommapojkarna er með flestu iðkendurna í Svíþjóð og gífurlega öfluga akademíu sem stóru liðin í Stokkhólmi; AIK, Hammarby og Djürgarden, sækja sér reglulega leikmenn til.

Þorlákur gerði kvennalið Stjörnunnar að meisturum í tvígang árin 2011 og 2013 áður en hann lét af störfum og tók við U17 ára liðinu. Það komst upp úr forkeppni Evrópumótsins í sumar og spilar í milliriðli á næsta ári. Þorlákur verður þó ekki með liðið þar, en hann lætur af störfum hjá KSÍ um áramótin þegar samningur hans rennur út. - tom



## Íris Björk hetja Gróttu í bikarnum

**HANDBOLTI** Grótta skellti Fram á útivelli, 19-18, í Coca Cola-bikar kvenna í handbolta í gærkvöldi, en um var að ræða uppgjör bestu liða landsins.

Spennan í leiknum var mikil og fóru Framstúlkur í lokasóknina þegar innan við mínúta var eftir. Íris Björk Símonardóttir, markvörður Gróttu, varði frá heimakonum í tvígang og sendi sínar stúlkur áfram. Hún varði í heildina 19 skot í gær.

ÍBV komst einnig áfram með flottum útisigri á Stjörnunni í gærkvöldi, 24-22. - tom



**FRÁBÆR** Íris Björk reyndist sínum gömlu félögum í Fram erfiður ljár í þúfu í gær, en hún varði ríflega helming allra þeirra skota sem hún fékk á sig. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Mikill heiður fyrir mig

Herði Björgvini langar að sýna sig og sanna.

**FÓTBOLTI** Varnarmaðurinn Hörður Björgvin Magnússon var valinn í landslið Íslands sem mætir Belgíu í Brussel í kvöld og Tékklandi í Plzen á sunnudag en þessi 21 árs nýliði er ólmur í að sanna sig fyrir þjálfurum íslenska liðsins.

„Það er mikill heiður að hafa verið kallaður inn í hópinn enda er hann afar sterkur,“ sagði Hörður Björgvin í samtali við Fréttablaðið í gær. „Ég bíð bara rólegur eftir mínu tækifæri. Kannski kemur það á morgun [í dag] en þegar það gefst þá ætla ég mér að nýta það.“

Hörður Björgvin, sem æfði einnig með landsliðinu fyrir leikinn gegn Tyrkjum í haust, leikur með Cesena í ítölsku úrvalsdeildinni þar sem hann hefur verið í stóru hlutverki að undanförnu.

„Ég er ánægður með mína frammistöðu en liðinu hefur ekkert vegnað allt of vel,“ segir hann en Cesena er í næstneðsta sæti deildarinnar með sjö stig. „Við erum nú búnir með öll stóru liðin en það eru einfaldlega engir auðveldir leikir í þessari deild.“

Hann spilar vitanlega oftast sem miðvörður en hefur einnig leyst aðrar stöður. „Ég hef stundum leyst vinstri bakvörðinn af hólmi þegar þess hefur þurft og þá var ég settur inn sem djúpur miðjumaður gegn Roma um daginn. Það entist bara í 20 mínútur enda náðu þeir að loka vel á mig,“ sagði hann í léttum dúr.

Hörður Björgvin leikur með liðinu sem lánsmaður frá Ítalíumeisturum Juventus en þar hefur hann verið síðan 2011. „Ef ég stend mig vel hjá Cesena eru allir möguleikar opnir en ég vona bara það besta. Landsliðið hjálpar auðvitað mikið til að því leyti,“ sagði hann enn fremur. - esá



**SERÍA A** Hörður Björgvin spilar með Cesena á Ítalíu Fréttablaðið/Getty

**Aðalfundur**
**Knattspyrnudeildar Fylkis 2014**
Aðalfundur Knattspyrnudeildar Fylkis verður haldinn
í Fylkishöll fimmtudaginn 27. nóvember 2014 kl. 20.30.
Dagskrá;
1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Önnur mál
Stjórn Knattspyrnudeildar Fylkis.

FISKISTOFA

**Auglýsing eftir umsóknum um aflaheimildir fyrir opinber sjóstangaveiðimót, skv. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða m.s.br.**

Auglýst er eftir umsóknum um vilyrði vegna aflaskráningar vegna opinberra sjóstangaveiðimóta sem áætlað er að halda á yfirstandandi fiskveiðiári, sbr. reglugerð nr. 969/2013, um skráningu afla á opinberum sjóstangaveiðimótum.

Skilyrði þess að afli sem veiðist á sjóstangaveiðimóti skráist ekki til aflaheimilda skips er að vilyrði Fiskistofu vegna aflaskráningar hafi verið aflað.

Umsóknarfrestur er til og með **1. desember nk.** og skulu umsóknir sendar Fiskistofu, Dalshrauni 1, 220 Hafnarfirði á sérstöku eyðublaði sem finna má á heimasíðu stofnunarinnar, http://www.fiskistofa.is/. Með umsókn skal fylgja kostnaðaráætlun fyrir mótshaldið, samþykktir félagsins, upplýsingar um reglur um félagsaðild og ársreikningar.

*Fiskistofa, 12. nóvember 2014.*



**KLÁR Í SLAGINN** Landsliðsþjálfarinn Lars Lagerbäck ætlar að gefa nokkrum tækifæri til að sanna sig í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Erum með breitt bak

Ísland mætir Belgíu í vináttulandsleik á Koning Boudewijn-leikvanginum í Brüssel í kvöld og býst Lars lagerbäck við erfiðum leik gegn sterku liði Belga. Þjálfararnir og fyrirliðinn búast við að leikmenn sem fá tækifærið vilji sanna sig.

Eiríkur Stefán Ásgeirsson
eirikur@frettabladid.is
Frá Brüssel í Belgíu



**FÓTBOLTI** Þrátt fyrir smávægileg skakkaföll í íslenska landsliðshópnum eru flestir klárir í slaginn fyrir vináttulandsleikinn gegn Belgíu í Brussel í kvöld. Belgar, fjórða sterkasta knattspyrnulið heims samkvæmt styrkleikalista Alþjóðaknattspyrnusambandsins, hafa á að skipa góðu liði sem er að búa sig undir mikilvægan leik gegn Wales í undankeppni EM 2016 á sunnudag.

„Leikmennirnir sem spila eru allir hjá sterkum félagsliðum í Evrópu sem flest spila í Meistaradeildinni. Þetta verður virkilega góð og erfið prófraun fyrir okkur,“ sagði Lars Lagerbäck, annar þjálfara íslenska landsliðsins, við Fréttablaðið í gær. Hann reiknar með að leikmenn sem hafa staðið fyrir utan byrjunarliðið í leikjum Íslands í undankeppni EM 2016 til þessa fái tækifærið en var enn óviss um hverjir gætu tekið þátt í leiknum.

„Ólafur Ingi [Skúlason] náði sér í pest og Sölvi hefur verið í vandræðum með bakið. Báðum leið þó betur í dag en við munum meta ástand þeirra endanlega á leikdag,“ sagði Lagerbäck. Ólíklegt er að Kári Árnason spili með vegna támeiðsla sem kunnugt er en hann gat þó æft með liðinu í gær, líkt og Emil Hallfreðsson sem hvíldi á æfingunni á mánudag.

„Það verða nokkrar breytingar á liðinu og einhverjir koma beint inn í byrjunarliðið og aðrir spila í 45 eða 60 mínútur. Ég veit ekki hvort við notum allar sex skiptingar sem okkur standa til boða þótt það sé líklegt,“ sagði þjálfarinn sem ætlar að nota fleiri en einn markvörð í leiknum.



**ÆFT Í BELGÍU** Þeir Hallgrímur Jónasson, Theodór Elmar Bjarnason, Ragnar Sigurðsson og Ari Freyr Skúlason leika sér með boltann á æfingu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

**Breyttir tímar í landsliðinu**

Aron Einar Gunnarsson landsliðsfyrirliði segir að þeir leikmenn sem fái tækifærið í kvöld séu ólmir í að sýna sig og sanna.

„Það eru breyttir tímar í landsliðinu og meiri breidd en hefur verið áður. Ef þessir leikmenn sem koma inn núna nýta tækifærið verða þeir Lars og Heimir með hausverk fyrir leikinn á sunnudag,“ segir Aron Einar sem þrátt fyrir ungan aldur hefur verið lengi í landsliðinu.

„Ég hef verið í þessu síðan ég var átján ára og gengið í gegnum ýmislegt. Áhuginn á landsliðinu hefur verið að stigmagnast og aldrei verið meiri en nú. Það er virkilega skemmtilegt að taka þátt í því,“ segir Aron en von er á að minnsta kosti sex hundruð stuðningsmönnum Íslands á leiknum í Tékklandi. Fleiri óskuðu þó eftir miðum á leikinn en fengu ekki.

„Það er bara ótrúlegt og við kunnum virkilega vel að meta þennan góðan stuðning. Ég man þegar umræðan í kringum landsliðið var á þann veg að oft var verið að leita að ástæðu til að sýna að við værum ekki að standa okkur vel. En nú er þetta allt öðru vísi og allt undir okkur sjálfum komið. Við viljum sýna að við erum með breitt bak og getum tekið við þessari pressu sem við höfum sjálfir sett á okkur.“

**Mikilvægi þjálfaranna**

Gríðarlega mikill áhugi er á íslenska landsliðinu hér í Belgíu og fjölmiðlafólk víða að sem hefur sýnt því áhuga í aðdraganda þessa leiks. Fulltrúar fjölmiðla frá Bretlandi, Þýskalandi og Frakklandi auk heimamanna voru viðstaddir blaðamannafund KSÍ á hóteli liðsins í Brussel í gær og spurðu þjálfara Íslands um ástæður velgengni landsliðsins.

Meðal þeirra svara sem Heimir Hallgrímsson nefndi var það hlutverk sem þjálfarar gegna. „Allir þjálfarar á Íslandi hafa fengið menntun sem knattspyrnuþjálfarar og verður að hrósa íslenska knattspyrnusambandinu fyrir hvernig staðið hefur verið að þeim málum. Allir krakkar á Íslandi sem æfa knattspyrnu eru með þjálfara með réttindi og það er ein helsta ástæða fyrir því að okkur hefur tekist að senda svo marga knattspyrnumenn í atvinnumennsku, sem gagnast landsliðinu okkar mjög.“

# RÝMINGAR SALA



**Vegna breytinga bjóðum við vörur úr sýningarsal á RISAAFSLÆTTI**

HJÓNARÚM | HEILSURÚM | STILLANLEG RÚM | SÓFAR | SVEFNSÓFAR | HÆGINDASTÓLAR

**BARA Í DAG OG Á MORGUN**

**EKKI MISSA AF ÞESSU**

**30-70% AFSLÁTTUR**
AF ÖLLUM VÖRUM Í BÚÐINNI

DORMA

Holtagörðum, Reykjavík ✆ 512 6800

OPIÐ: Laugardag frá kl. 11.00-16.00 og Sunnudag frá kl. 13.00-16.00

# ÚRSLIT

## COCA COLA-BIKAR KVENNA

**STJARNAN - ÍBV 22-24**

**Stjarnan - Mörk (skot):** Helena Rut Örvarsdóttir 7 (12), Þórhildur Gunnarsdóttir 5 (6), Stefanía Theodórsdóttir 3 (5), Sólveig Lára Kjærnested 3 (6), Sandra Sif Sigurjónsdóttir 2 (3), Hanna Guðrún Stefánsdóttir 1 (1), Guðrún Erla Bjarnadóttir 1 (3).

**Varin skot:** Florentina Stanciu 17 (40/3, 43%), Heiða Ingólfsdóttir 1 (2/1, 50%).

**Hraðaupphlaup:** 7 ( Þórhildur Gunnarsdóttir 1, Stefanía Theodórsdóttir 3, Sólveig Lára Kjærnested 2, Hanna Guðrún Stefánsdóttir 1.).

**Fiskuð víti:** 0 ( )

**Utan vallar:** 2 mínútur.

**ÍBV - Mörk (skot):** Telma Silva Amado 8 (8), Díana Dögg Magnúsdóttir 6 (12), Vera Lopes 5/4 (13/4), Jóna Sigríður Halldórsdóttir 2 (4), Ester Óskarsdóttir 2 (5), Elín Anna Baldursdóttir 1 (2).

**Varin skot:** Dröfn Haraldsdóttir 14 (36, 39%).

**Hraðaupphlaup:** 4 ( Díana Dögg Magnúsdóttir 2, Vera Lopes 1, Jóna Sigríður Halldórsdóttir 1.)

**Fiskuð víti:** 4 (Telma Silva Amado 1, Díana Dögg Magnúsdóttir 3.)

**Utan vallar:** 0 mínútur.

**FRAM - GRÓTTA 18-19**

**Fram - Mörk (skot):** Sigurbjörg Jóhannsdóttir 7/3 (14/4), Elísabet Gunnarsdóttir 4/2 (4/2), Steinunn Björnsdóttir 3 (10), Ásta Birna Gunnarsdóttir 2 (8), Marthe Sördal 1 (2), Hekla Rún Ámundadóttir 1 (3).

**Varin skot:** Nadia Bordon 11/1 (30/3, 37%).

**Hraðaupphlaup:** 3 ( Steinunn Björnsdóttir 1, Ásta Birna Gunnarsdóttir 1, Marthe Sördal 1. )

**Fiskuð víti:** 6 (Sigurbjörg Jóhannsdóttir 3, Elísabet Gunnarsdóttir 3.)

**Utan vallar:** 4 mínútur.

**Grótta - Mörk (skot):** Eva Björk Davíðsdóttir 7 (12/1), Laufey Ásta Guðmundsdóttir 6/2 (14/2), Karólína Bæhrenz Lárudóttir 3 (4), Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 1 (2), Guðný Hjaltadóttir 1 (2), Lovísa Thompson 1 (7),

**Varin skot:** Íris Björk Símonardóttir 19/1 (37/6, 51%).

**Hraðaupphlaup:** 6 (Eva Björk Davíðsdóttir 2, Laufey Ásta Guðmundsdóttir 1, Karólína Bærhenz Lárudóttir 2, Guðný Hjaltadóttir 1.)

**Fiskuð víti:** 3 ( Karólína Bærhenz Lárudóttir 2, Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 1.)

**Utan vallar:** 2 mínútur.

**Dómarar:** Anton Gylfi Pálsson og Jónas Elíasson

# Krefst skipulags gegn Íslandi

Marc Wilmots, landsliðsþjálfari Belgíu, stillir upp ógnarsterku liði gegn Íslandi í vináttulandsleik liðanna í kvöld. Marouane Fellaini og Moussa Dembélé eru með það hlutverk að brjóta niður sóknir íslenska liðsins.



**Eiríkur Stefán Ásgeirsson**
eirikur@frettabladid.is
Frá Brüssel í Belgíu

**FÓTBOLTI** Óhætt er að fullyrða að lið Belgíu gegn Íslandi í kvöld sé skipað gríðarlega öflugum leikmönnum. „Það eru nokkrar breytingar á liðinu frá síðasta leik, gegn Bosníu, en það veikir liðið ekkert," sagði Lars Lagerbäck við Fréttablaðið í gær. „En það gagnast okkur vel að spila gegn bestu þjóðum heims og það er besta leiðin til að þróa leik liðsins."

Miðja belgíska liðsins er gríðarlega öflug með þá Moussa Dembélé og Marouane Fellaini í fararbroddi en þeim er ætlað það hlutverk að brjóta niður sóknarleik íslenska liðsins. Fyrir framan þá er Chelsea-maðurinn Eden Hazard og er með Alex Witsel og Adnan Januzaj með sér til að styðja við sóknarmanninn Christian Benteke.

„Ég vil að mínir menn haldi því skipulagi sem lagt er upp með," sagði Wilmots við Fréttablaðið á blaðamannafundi belgíska liðsins á Koning Boudewijn-leikvanginum í Brussel í gær. „Ef við spilum sem lið gefur það tækifæri fyrir einstaklingana að blómstra."

Belgía gerði 1-1 jafntefli gegn Bosníu í áðurnefndum leik en vann þar að auki sannfærandi 6-0 sigur á Andorra í riðlinum. Það eru einu leikir þess í undankeppni EM 2016 til þessa þar sem viðureign Belgíu og Ísraels var frestað. Á sunnudag mæta Belgar liði Wales sem trónir á toppi B-riðils með sjö stig af níu mögulegum. Wilmots leggur því mikla áherslu á að liðið sé vel upplagt fyrir þann leik.



**SVONA GERUM VIÐ** Marc Wilmots, landsliðsþjálfari Belgíu, segir Moussa Dembélé, leikmanni liðsins, til á æfingu. Dembélé er fyrrverandi samherji Gylfa Þórs Sigurðssonar hjá Tottenham, en Gylfi yfirgaf Spurs og samdi við Swansea. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

### Fáir veikleikar hjá Íslandi

„Allt miðast við leikinn gegn Wales en ég á von á því að við fáum erfiðan leik gegn Íslandi á morgun [í kvöld]. Það eru ekki miklir veikleikar í íslenska liðinu, enda með marga góða og hættulega knattspyrnumenn."

Moussa Dembélé tók í svipaðan streng á blaðamannafundinum. „Við viljum vinna, auðvitað. Það verður ekki auðvelt en við verðum á heimavelli og sjálfstraustið í liðinu er gott," sagði hann en í kvöld hittir hann fyrir Gylfa Þór Sigurðsson, sinn gamla félaga frá Tottenham.

„Ég þekki Gylfa og [Aron Einar] Gunnarsson persónulega og veit hversu góðir leikmenn þeir eru. Það eru margir góðir leikmenn í liðinu eins og úrslitin hafa sýnt," bætti hann við.

### Prófraun fyrir helgina

Wilmots segist líta á þennan leik líkt og um mótsleik væri að ræða. „Þetta verður kjörið tækifæri fyrir alla leikmenn sem fá að spila til að sýna sig. Það er mikil samkeppni í hópnum og ég þarf að taka erfiðar ákvarðanir. Leikurinn verður góð prófraun á liðið fyrir leikinn gegn Wales."

Vincent Kompany spilar ekki með Wales í kvöld vegna meiðsla en vonir eru bundnar við að hann verði með í leiknum á sunnudag. Meðal annarra leikmanna sem byrja á bekknum í kvöld má nefna Nacer Chadli, Kevin De Bruyne, Romelu Lukaku, Divock Origi og Radja Nainggolan en sá síðastnefndi leikur með Roma á Ítalíu og skoraði mark Belgíu gegn Bosníu.






★★★★★
Iuno
Creative. Versatile. Inspiring.



★★★★★
original-profi collection
High-quality. Versatile. Impeccable.

Fissler. Perfect every time.

ÚTSÖLUSTAÐIR:

Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

Tékk Kristall
LAUGAVEGI 178. Sími: 568 9955.

byggtogbúið
568 9400 byggtogbuid.is | Kringlunni
facebook.com / byggtogbuid

Líf&List
SMÁRALIND

Heimilistæki ht.is
SUÐURLANDSBRAUT 26 - REYKJAVÍK - SÍMI 569 1500
Umboðsmenn um land allt

# SKJÁTÖLVUR FYRIR VERSLANIR OG FYRIRTÆKI




ASUS

## HAGKVÆMARI LEIÐ FYRIR VERSLANIR OG FYRIRTÆKI

Mikil þróun hefur átt sér stað á stuttum tíma í snertiskjám og verð þeirra hríðlækkað. Fyrirtæki sem áður þurftu að greiða háar fjárhæðir fyrir afgreiðslukassa með kortalesara, geta nú með mun hagkvæmari hætti notast við skjátölvur í sínum rekstri.

Með nýrri posatækni getur afgreiðslukerfið og posinn átt þráðlaus samskipti. Vélbúnaður tölvunnar er af öflugustu gerð og hægt að samnýta tölvuna í önnur verkefni utan afgreiðslukerfisins. Fjölbreytt úrval frá Asus, Toshiba og Acer.



tl.is

TÖLVULISTINN

FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA

414-1710 / sala@tl.is

## Stöð 2 kl. 20.05
### Heimsókn



Sindri Sindrason heldur áfram að líta inn hjá íslenskum fagurkerum, hér heima og erlendis. Í þáttunum fær Sindri að kíkja í heimsókn og forvitnast um heimili þeirra.

## Í KVÖLD



### A-Z
**STÖÐ 2 KL. 20.30** Við fylgjumst með Andrew sem starfar á stefnumótasíðu og hans helsti draumur er að hitta draumakonuna. Zelda er lögfræðingur sem kallar ekki allt ömmu sína. Örlögin leiða svo Zeldu og Andrew saman og úr verður undarlega skemmtilegt ástarsamband.



### Grey's Anatomy
**STÖÐ 2 KL. 20.55** Ellefta röð þessara vinsælu dramaþátta sem gerast á skurðstofu á Grey Sloan-spítalanum í Seattleborg þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar. Flókið einkalíf ungu læknanna á það til að gera starfið enn erfiðara.



### Modern Family
**GULL KL. 19.20** Fimmta röðin af þessum sprenghlægilegu og sívinsælu gamanþáttum sem hlotið hafa einróma lof gagnrýnenda víða um heim. Fjölskyldurnar þrjár sem fylgst er með eru óborganlegar sem og aðstæðurnar sem þær lenda í hverju sinni.

## FM95,7 kl. 14.00
### Yngvi Eysteins



Yngvi mætir hress með þér eftir hádegi á miðvikudegi.




## STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**08.05** Wonder Years
**08.30** I Hate My Teenage Daughter
**08.55** Mindy Project
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.20** Spurningabomban
**11.05** Mad Men
**11.50** Grey's Anatomy
**12.35** Nágrannar
**13.00** Dallas
**13.45** Gossip Girl
**14.35** Smash
**15.25** Grallararnir
**15.50** Victorious
**16.15** Hello Ladies
**16.45** New Girl
**17.10** Bold and the Beautiful
**17.32** Nágrannar
**17.57** Simpson-fjölskyldan
**18.23** Veður
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.47** Íþróttir
**18.54** Ísland í dag
**19.11** Veður
**19.20** Bad Teacher
**19.40** The Middle
**20.05** Heimsókn
**20.30** A to Z
**20.55** Grey's Anatomy
**21.40** Forever
**22.25** Bones
**23.10** Getting on
**23.40** NCIS
**00.25** The Blacklist
**01.10** Person of Interest
**01.55** Midnight Run
**04.00** The Pool Boys
**05.25** Fréttir og Ísland í dag

## SPORT *besta sætið*

**12.00** Þýsku mörkin
**12.25** Asteras Tripolis - Tottenham
**14.05** Real Sociedad - Atletico Madrid
**15.45** Arsenal - Anderlecht
**17.30** Real Madrid - Rayo
**19.10** Flensburg - Gummersbach
**20.40** Everton - Lille
**22.20** Evrópudeildarmörkin
**23.10** Flensburg - Gummersbach

## SPORT 2 *enski boltinn*

**12.00** Southampton - Leicester
**13.45** Football League Show
**14.15** WBA - Newcastle
**15.55** Messan
**17.10** Premier League World 2014
**17.40** QPR - Man. City
**19.25** Premier League Review 2014/2015
**20.20** Tottenham - Stoke
**22.05** Michael Owen
**22.35** Swansea - Arsenal

## ÍNN

**20.00** Björn Bjarnason **20.30** Tölvur og tækni **21.00** ABC barnahjálp **21.30** Frá Haga í maga

## STÖÐ 3

**18.15** Last Man Standing
**18.40** Are You There, Chelsea?
**19.00** Hart of Dixie
**19.45** Jamie's 30 Minute Meals
**20.10** Baby Daddy
**20.35** Arrow
**21.15** Sleepy Hollow
**22.00** Wilfred
**22.25** Originals
**23.10** Supernatural
**23.50** Hart of Dixie
**00.35** Jamie's 30 Minute Meals
**01.00** Baby Daddy
**01.20** Arrow
**02.05** Sleepy Hollow
**02.50** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## Krakkastöðin

**07.00** Áfram Diego, áfram! **07.24** Svampur Sveins **07.45** Elías **07.55** UKI **08.00** Brunabílarnir **08.22** Lína Langsokkur **08.43** Ævintýraferðin **08.56** Tommi og Jenni **09.00** Kalli á þakinu **09.25** Latibær **09.47** Hvellur keppnisbíll **10.00** Könnuðurinn Dóra **10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **10.45** Doddi litli og Eyrnastór **10.55** Rasmus Klumpur og félagar **11.00** Áfram Diego, áfram! **11.24** Svampur Sveins **11.45** Elías **11.55** UKI **12.00** Brunabílarnir **12.22** Lína Langsokkur **12.43** Ævintýraferðin **12.56** Tommi og Jenni **13.00** Kalli á þakinu **13.25** Latibær **13.49** Hvellur keppnisbíll **14.02** Könnuðurinn Dóra **14.26** Mörgæsirnar frá Madagaskar **14.46** Doddi litli og Eyrnastór **14.56** Rasmus Klumpur og félagar **15.00** Áfram Diego, áfram! **15.24** Svampur Sveins **15.45** Elías **15.55** UKI **16.00** Brunabílarnir **16.22** Lína Langsokkur **16.43** Ævintýraferðin **16.56** Tommi og Jenni **17.00** Kalli á þakinu **17.25** Latibær **17.49** Hvellur keppnisbíll **18.00** Könnuðurinn Dóra **18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **18.45** Doddi litli og Eyrnastór **18.55** Rasmus Klumpur og félagar **19.00** Arthúr 2 **20.35** Sögur fyrir svefninn

## GULLSTÖÐIN

**18.00** **Strákarnir** Sveppi, Auddi og Pétur
**18.55** Arrested Development 3
**19.20** Modern Family
**19.40** Two and a Half Men
**20.05** Örlagadagurinn
**20.35** Heimsókn
**21.00** The Mentalist
**21.40** Chuck
**22.25** Cold Case
**23.10** E.R.
**23.55** The Untold History of the United States
**00.55** Örlagadagurinn
**01.30** Heimsókn
**01.50** The Mentalist
**02.30** Chuck
**03.15** Cold Case

## BÍÓSTÖÐIN

**11.15** Say Anything
**12.55** The Winning Season
**14.40** My Cousin Vinny
**16.40** Say Anything
**18.20** The Winning Season
**20.00** My Cousin Vinny
**22.00** The Paperboy
**23.45** Five Minutes of Heaven
**01.15** Red Dawn
**02.50** The Paperboy

## RÚV

**16.25** Frankie
**17.20** Disneystundin
**17.21** Finnbogi og Felix
**17.43** Sígildar teiknimyndir
**17.50** Herkúles
**18.15** Táknmálsfréttir
**18.25** Eldað með Niklas Ekstedt
**18.54** Víkingalottó
**19.00** Fréttir
**19.20** Íþróttir
**19.30** Veðurfréttir
**19.35** Kastljós
**19.55** Óskalögin 1974 - 1983
**20.00** Neyðarvaktin
**20.45** Hæpið
**21.15** Kiljan
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Raunveruleikinn
**23.45** Höllin
**00.45** Kastljós
**01.05** Fréttir
**01.20** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.20** Dr. Phil
**09.00** The Talk
**09.45** Pepsi MAX tónlist
**15.00** Parks & Recreation
**15.25** The Royal Family
**15.50** Welcome to Sweden
**16.15** Parenthood
**17.00** Extant
**17.45** Dr. Phil
**18.30** The Tonight Show
**19.10** The Talk
**19.50** 30 Rock
**20.10** Survivor
**21.00** Madam Secretary
**21.45** Unforgettable
**22.30** The Tonight Show
**23.20** Scandal
**00.05** Extant
**00.50** Madam Secretary
**01.35** Unforgettable
**02.20** The Tonight Show
**03.10** Pepsi MAX tónlist

## Golfstöðin

**08.00** World Golf Championship 2014
**13.00** Golfing World 2014
**13.50** PGA Tour 2014 - Highlights
**14.45** Inside the PGA Tour 2014
**15.10** PGA Tour 2014
**18.10** Golfing World 2014
**19.00** Ryder Cup 2014 - Official Film
**20.15** Golfing World 2014
**21.05** Ryder Cup 2014 - Official Film
**22.20** PGA Tour Latinoamerica
**22.45** Golfing World 2014

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin


RAFVÖRU MARKAÐURINN
LÁGVÖRUVERÐSVERSLUN VIÐ FELLSMÚLA
RAFLAGNAEFNI Í MIKLU ÚRVALI
VERÐ FRÁ 495KR
UTANÁLIGGJANDI ROFA & TENGLAR
VERÐ FRÁ 995KR
RAKAÞOLNIR ROFAR & TENGLAR
VERÐ FRÁ 2.295KR
HREYFISKYNJARAR
VERÐ 9.995KR
LJÓSSKYNJARAR
VERÐ FRÁ 495KR
INNLAGNAEFNI ROFAR & TENGLAR
INNLAGNAEFNI
4 LITIR - PASSAR Í TICINO DÓSIR
LÁGVÖRUVERÐ! KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ.
11.350KR
6.995KR
7.965KR
GREINAKASSAR & TÖFLUR
RÖR, LAGNARENNUR & BARKAR
BEYGJUR, HÓLKAR & DÓSIR
VERÐ FRÁ 1.295KR
NEOSET VARROFAR 1,2 & 3 PÓLA
VERÐ FRÁ 495KR
SJÁLFVÖR 1 PÓLA
VÍR & KAPLAR
VERÐ FRÁ 699KR
IÐNAÐARTENGLAR & KLÆR
VERÐ 2.975KR
VERÐ 4.950KR
LEKASTRAUMSROFAR 2 PÓLA
VERÐ FRÁ 1.398KR
SJÁLFVÖR 2 PÓLA
RAFVÖRU MARKAÐURINN
Fellsmúli • 108 Reykjavík • S:585-2888
Opnunartímar
Mánudagar - Föstudagar: 9-18
Laugardagar: 10-16
Sunnurdagar: 12-16

## MIÐVIKUDAGSPLATAN



**„Ég ætla að hlusta á Drake-plötu númer tvö sem heitir Take Care. Það er hans besta verk og tekst einhvern veginn að vera melankólsk og hress á sama tíma. Hann stundar líka vælumont á henni sem er akkúrat stemningin sem ég er í núna.“**

Haukur S. Magnússon, blaða- og tónlistarmaður.

# Skrifaði undir tvo plötusamninga á einum degi

Hljómsveitir Rakelar Mjallar Leifsdóttur, Dream Wife og Halleluhwah, báðar á samning.

„Þetta er geðveikt spennandi. Þetta hefur verið í vinnslu í nokkra mánuði en það varð formlegt í dag,“ segir Rakel Mjöll Leifsdóttir, tónlistar- og myndlistarkona. Hún varð þess heiðurs aðnjótandi að skrifa undir tvo plötusamninga á sama degi, annars vegar fyrir stúlknahljómsveitina Dream Wife og hins vegar fyrir samstarfsverkefni hennar og Sölva Blöndals, Halleluhwah.

„Þetta eru gjörólík verkefni. Dream Wife er popppönk og stelpuhljómsveit og svo er Halleluhwah mikil fegurð, „sixtís“ fílingur með elektrói og smá trip-hoppi,“ segir Rakel.

Dream Wife, sem hún stofnaði ásamt vinkonum sínum í listaháskólanum í Brighton í Englandi, skrifaði undir samning hjá frönsku plötuútgáfunni Enfer Records. Sveitin byrjaði sem gjörningur fyrir gallerísýningu Rakelar í Brighton. Halleluhwah skrifaði hins vegar undir hjá Senu á Íslandi. Plata þeirra Sölva er tilbúin og segist Rakel vera gríðarlega sátt með verkið.

„Þetta er það besta sem ég hef nokkurn tímann samið.“

**Þetta eru gjörólík verkefni. Dream Wife er popppönk og stelpuhljómsveit og svo er Halleluhwah mikil fegurð.**

- þij



**SÁTT** Rakel er skiljanlega ánægð með fréttirnar. MYND/ÚR EINKASAFNI

Heillandi sýning fyrir alla fjölskylduna

Hnotu-brjóturinn

St. Petersburg Festival Ballet ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands

Hrífandi jólaævintýri við tónlist eftir Tchaikovsky



Sýnt í Eldborg

21. nóvember
kl. 19:30 Frumsýning

22. nóvember
kl. 13:00 2. sýning
kl. 17:00 3. sýning

23. nóvember
kl. 13:00 4. sýning
kl. 17:00 5. sýning

Helmingsafsláttur fyrir 12 ára og yngri

Nánari upplýsingar í s: 528 5050, á midi.is og harpa.is

HARPA www.harpa.is/hbr

ICELANDAIR Arion banki CENTER HOTELS 365

# Ólíkar vinkonur með góða verkaskiptingu

Opna vefsíðuna Framabraut.is með upplýsingum um öll námskeið á landinu.

„Við rákumst á það, vinkonurnar, að það er algjörlega ómögulegt að nálgast á einum stað upplýsingar um þau námskeið sem maður hefur áhuga á. Svo missir maður kannski af því sem hefði verið kjörið fyrir mann,“ segir Ásta Bærings en hún opnaði á dögunum vefsíðuna Framabraut.is ásamt vinkonu sinni Katrínu Dögg Hilmarsdóttur.

„Þetta byrjaði sem hugmynd um leitarvél, svo vatt þetta upp á sig og varð að stærri síðu með umfjöllunum, pistlum, myndböndum og bara alls konar sem við teljum að gagnist fólki sem hefur áhuga á að fræðast meira og vera vakandi fyrir nýjum hlutum.“ Framabraut var opnuð síðastliðinn sunnudag en Ásta og Katrín Dögg standa tvær að verkefninu ásamt hóp pistlahöfunda. „Við erum báðar í fullri vinnu og með tvö börn, þannig að helgarnar og kvöldin hafa farið í þetta,“ segir Ásta.

Þær Katrín eru báðar viðskiptafræðingar. „Við erum búnar að vera vinkonur frá því í Versló og höfum verið saman í vinahóp í 15 ár. Það er rosalega gaman að vera í svona verkefni með vini, það gerir þetta enn skemmtilegra.“ Ásta segir þær vinkonurnar vinna mjög vel saman „Samstarfið hefur gengið mjög vel og verkefnið búið að teygjast og togast í áttir sem maður átti ekki von á af því að við erum svo ólíkar.“

Vefsíðan mun í framtíðinni halda áfram að stækka. „Við ætlum að fá háskóla- og meistaranemendur til þess að senda okkur efni úr rannsóknum og niðurstöðum þar sem eitthvað spennandi kemur fram sem fjallar um íslenskt atvinnulíf,“ heldur Ásta áfram. „Við erum með á teikniborðinu leitarvél með námskeiðum fyrir ráðstefnur og fyrirlestra. Það er greinilega áhugi því við erum búnar að fá póst og fyrirspurnir, til dæmis um hvort við ætlum að hafa þetta á fleiri tungumálum.“

Hugmyndin að Framabraut kom fyrst fram í vor og byrjuðu Ásta og Katrín Dögg að skipuleggja í júlí. „Við fórum í rauninni rólega af stað og helltum okkur út í þetta í byrjun september. Þannig að þetta er ekki búið að taka langan tíma. Ég tók vefsíðuna að mér og Katrín efnið og að spjalla við pistlahöfunda. Við náðum að hafa fína verkaskiptingu, það er örugglega ástæðan fyrir því að við náum að keyra þetta svona hratt í gegn.“

gydaloa@frettabladid.is



**VINKONUR** Ásta segir fátt betra en að sjá hugmynd verða að veruleika. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### → 1.500 námskeið

Inni á Framabraut.is er hægt að nálgast upplýsingar um öll þau námskeið sem eru í boði fyrir 18 ára og eldri.

1.500 námskeið frá 69 námskeiðshöldurum eru á síðunni og í vikunni bætast við 500 ný námskeið.

# Vilja færa Sturlungu á hvíta tjaldið

Kynnt sem blanda af þáttunum Vikings og The Godfather-þríleiknum.

Framleiðslufyrirtækið True North kynnir nú verkefni sem byggt er á Sturlungasögu á kvikmyndabransasamkomunni American Film Market. Þessu greinir vefsíðan ScreenDaily frá en þar kemur fram að verkið sé annaðhvort hugsað sem bíómyndaþríleikur eða sem sjónvarpsþáttaröð. Verkefnið sem ber vinnuheitið Sturlungar: The Viking Clan er kynnt í greininni sem blanda af þáttaröðinni Vikings og The Godfather-þríleiknum.

Það er nýstofnuð framleiðsludeild True North undir stjórn Kristins Þórðarsonar sem kynnir verkefnið. Friðrik Þór Friðriksson er viðriðinn sem framleiðandi.

„Kynningin um Sturlunga hefur hlotið mikla athygli, hún situr enn hjá einu kvikmyndaverinu en stór bandarískur kvikmyndaframleiðandi gæti slegist í för,“ er haft eftir Leifi B. Dagfinnssyni, framkvæmdastjóra True North, á síðunni.

Fyrirtækið stendur nú í viðræðum við handritshöfunda um að skrifa fyrsta handritið upp úr Sturlungu en bókin gamla er í fjórum hlutum.

- þij



**LEIFUR B. DAGFINNSSON** Segir kynninguna hafa hlotið mikla athygli. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




## Ástæða 207

Það eru 206 bein í líkamanum sem eru þakklát þegar þú drekkur D-vítamínbætta léttmjólk. En ef þig vantar enn eina ástæðu til að kaupa D-vítamínbætta léttmjólk þá styrkir þú með því söfnun MS fyrir beinþéttnimæli fyrir Landspítalann. Beinþéttnimælir metur ástand beina á augabragði og getur skorið úr um hvort þú sért með beinþynningu. Stöndum saman – styrkjum beinin.

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja
Póst dreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

LÆGRA VERÐ STUNDVÍSI NÝRRI VÉLAR BREIÐASTA BROSIÐ
LOFORÐ WOW

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Guðni rýnir í Njálu

**Guðni Ágústsson**, fyrrverandi formaður Framsóknarflokksins, hefur skrifað bókina Hallgerður – Örlagasaga hetju í skugga fordæmingar. Bókin kemur út á morgun. Guðni rýnir í Njálu og sýnir fram á hvernig Hallgerður er niðurlægð, misnotuð og lögð í einelti í bókinni – og síðar fordæmd af þjóðinni í aldaraðir. Guðni ku þarna sýna á sér nýja og óvænta hlið í bók um eina þekktustu konu Íslandssögunnar. - jhh



### Fjögur verk tilnefnd

Hönnunarverðlaun Íslands verða afhent í fyrsta sinn þann 20. nóvember. Rúmlega 100 tilnefningar bárust dómnefnd. Verkin fjögur sem voru á endanum tilnefnd voru eftirtalin: Skvís eftir Sigga Eggertsson, lína fatahönnuðarins **Magneu Einarsdóttur,** Magnea AW2014, Designs from Nowhere eða Austurland: innblástursglóð úr smiðju hönnuðanna Þórunnar Árnadóttur, Gero Grundmann, Max Lamb og Juliu Lohmann og að lokum Ljósmyndastúdíó H71a á Hverfisgötu,sem er hannað af Stúdíó Granda. Ein milljón króna er í verðlaun. - asi



## Mest lesið VÍSIR

1 Sannfærður um að kannabis hafi lækningamátt
2 LÍN tapaði og gert að greiða 350 þúsund
3 Búið að birta útreikninginn
4 Hafa gengið í Íslamska ríkið
5 Sænsk kona var látin í íbúð sinni í tvö ár

Næsta bylgja sjónvarpa er komin
innovation + you



með Android PHILIPS
Heimilistæki
ht.is



KATRÍNARTÚN 12 WOWAIR.IS WOWAIR@WOWAIR.IS
Verð miðast við flug aðra leið með sköttum, 999 kr. bókunargjald - og töskugjald ekki innifalið.